# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

200. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST 2017



## Varðveita minningu Birnu

Séra **Vigfús Bjarni Albertsson** hefur stutt fjölskyldu Birnu heitinnar Brjánsdóttur frá því í vetur. Hann segir hvort tveggja mikilvægt að: Að horfast í augu við illsku og hafa hugrekki til að sýna kærleika. Móðir Birnu, **Sigurlaug Hreinsdóttir**, vill að þjóðin varðveiti minningu Birnu. → 24

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### Bókaþjóð með athyglisbrest

Hrun íslensks bókamarkaðar krufið. →30



### Hvernig verður tískan 2050?

Listrænn stjórnandi H&M ræðir framtíð tísku og hönnunar. →62



### Bardagi aldarinnar

Íslandsvinurinn Conor McGregor mætir Floyd Mayweather. → 36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Suðaustan 5-13 m/s í dag, en 10-18 suðvestanlands, hvassast við suðurströndina. Víða rigning, en lengst af þurrt á Norðausturlandi. Hægari seinnipartinn. SJÁ SÍÐU 50



**Dagmæður fundu umbúðir utan af nálum.** FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

# Fíkniefni fundust á róluvelli

**SAMFÉLAG** Dagmæður sem hafa aðstöðu í húsi á róluvelli við Rauðalæk fundu fíkniefni og umbúðir utan af sprautunálum á leikvellinum í gær. Íbúar í hverfinu voru í kjölfarið varaðir við á Facebook-síðu íbúa hverfisins og foreldrar hvattir til að skoða leikvöllinn vel áður en leikur hefst.

„Börnin sváfu öll þegar við fundum þessar umbúðir og efnin þannig að við gátum þrifið þetta upp. Svo sótthreinsuðum við svæðið hátt og lágt leituðum bara af okkur allan grun í garðinum,“ sagði Dagmar Ósk Harðardóttir, önnur dagmæðranna. Þær hafa aldrei orðið varar við neitt þessu líkt á leiksvæðinu áður. Aðspurð sagðist Dagmar engar leiðbeiningar hafa fengið frá borginni eða öðrum um viðbrögð við fundi fíkniefna eða sprautunála. Aðrir dagforeldrar sem Fréttablaðið ræddi við sögðust hafa heyrt af sprautunálafundum dagforeldra í borginni en ekki fengið sérstakar leiðbeiningar um hvernig bregðast eigi við í slíkum tilvikum. **– aá.**

> Börnin sváfu öll þegar við fundum þessar umbúðir og efnin þannig að við gátum þrifið þetta upp

# Fullur salur klappaði fyrir Yeonmi Park



Yeonmi Park flutti í gær erindi um ástandið í Norður-Kóreu sem hún sagði erfitt að lýsa fyrir þeim sem aldrei hafi fengið að upplifa sambærilegar aðstæður. Hún sagði Íslendinga geta verið þakkláta fyrir að hafa forsætisráðherra eins og þann sem bauð hana velkomna í pontu í Hátíðasal HÍ í stað guðlegra leiðtoga á borð við þá sem halda um stjórnartaumana í Norður-Kóreu. Sjá nánar síðu 34. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tvö sjálfsvíg á tíu dögum

**HEILBRIGÐISMÁL** Ungur maður svipti sig lífi á geðdeild Landspítalans (LSH) í fyrradag. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. Þetta er í annað sinn á tíu dögum sem maður fellur fyrir eigin hendi á geðdeild spítalans.

Maðurinn var á þrítugsaldri. Hann var lagður inn á bráðageðdeild á mánudag og var talinn í sjálfsvígshættu. Degi síðar, á þriðjudeginum, var hann færður á almenna deild. Hann fannst látinn í herbergi sínu á spítalanum í fyrradag. Lögregla og Embætti landlæknis rannsaka málið. **– ósk**



Geðdeild LSH

# Verðir vakti biðskýlin í borginni um helgar

**Leigubílstjórar lenda í því að hoppað er á bílunum þeirra og slegist er um þá seint á nóttunni. Útvega þurfi farþegum vöktuð skýli til að passa upp á ferðamenn, borgara og bílstjóra. Farþegar þurfi að geta beðið óáreittir.**

**REYKJAVÍK** „Í dag hætti ég að keyra á milli fjögur og fimm þegar leiðinlega fólkið kemur. Af því að eftir klukkan fimm er þetta eins og villta vestrið. Þá eru menn að lenda í því að það er verið að hoppa upp á bílana þeirra. Það er verið að slást um bílana,“ segir Kristján Róbert Walsh leigubílstjóri. „Og þá spyr maður hvar öryggið sé sem er verið að bjóða upp á í þessari borg fyrir ferðamanninn, borgarana og bílstjórana sem sinna þessu,“ bætir hann við.

Kristján Róbert segir að fyrir nokkrum árum hafi verið skýli í Lækjargötunni. „Svo kom Gnarrstjórnin og henti þessu skýli út í hafsauga og bjó til asnalegt plan og skýli við hliðina á pylsuvagninum í Tryggvagötu. Það var svo asnalegt að það hálfa væri nóg,“ segir Kristján.

Nú telur Kristján að það væri lag að setja upphitað skýli aftur þar sem það gamla var í Lækjargötunni og annað á gatnamótum Sæbrautar og Lækjargötu, við Hörpuna. „Þannig að hægt sé að komast fljótt og óhindrað að bænum bæði Sæbrautarmegin og Lækjargötumegin og haft aðgengi til að snúa við og fara í burtu,“ segir hann.

Hann telur eðlilegt að í slíkum biðskýlum séu verðir sem myndu mæta milli tvö og þrjú á nóttunni um helgar. Þá geti bílstjórar keyrt niður í bæ og sótt farþega í skýlið og farþegar geti vænst þess að fá aðstoð frá vörðunum ef dólgar vaða uppi með læti í röðinni.

Eins og staðan er í dag eru Hreyfill og BSR með sérmerkt stæði í miðbænum, auk þess sem það er eitt almennt stæði fyrir leigubíla á Hverfisgötu. Hreyfill er með stæði við Ingólfstorg og BSR í Lækjargötunni. „En við höfum fengið þau svör að það séu ekki til nein stæði fyrir hinar stöðvarnar,“ segir Kristján sem tilheyrir City Taxi. Hann vill að ef gerð yrðu ný stæði í Lækjargötu og Sæbraut yrði öllum leigubílastöðvum boðin afnot af þeim.

Guðmundur Börkur Thorarensen, framkvæmdastjóri BSR, segir að íbúar í nágrenni við skýlið hafi kvartað undan ónæði vegna skýlisins og á þá hafi verið hlustað. „En ef það á að vera sameiginlegt stæði sem á að vera opið á nóttunni þá hefur það alltaf verið okkar skoðun að það ætti að vera í þessa átt,“ segir Guðmundur og vísar til þess að skýlið þurfi að vera MR-megin við Lækjargötuna. Eftir að gamla skýlinu hafi verið lokað hafi verið aldrei neitt notað vegna þess að það opnað skýli hinum megin við götuna. „Það vissu það allir að það yrði er óþægilegt fyrir bílstjórana að koma þeim megin að þessu,“ segir hann. **jonhakon@frettabladid.is**




**Kristján Róbert Walsh segir mjög mikilvægt að koma upp sameiginlegum biðskýlum sem séu vöktuð eftir klukkan tvö á nóttunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þá eru menn að lenda í því að það er verið að hoppa upp á bílana þeirra. Það er verið að slást um bílana.
>
> Kristján Róbert Walsh leigubílstjóri




SELESTE
umgjarðir á:
990 kr.
prooptik gleraugu
KRINGLUNNI 2. HÆÐ - HAGKAUPSHÚSINU, SKEIFUNNI
SPÖNGINNI, GRAFARVOGI


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
25% afsláttur
af ALLRI JOTUN veggmálningu
Blöndum alla liti
Hágæða veggmálning sem þekur vel
Mött málning, einstök lita-upplifun
JOTUN
LADY
VEGG 10
LADY
PURE COLOR
FRAMKVÆMDA TILBOÐ
Skoðaðu tilboðsblaðið á husa.is
30% afsláttur
STANLEY
SÚPER TILBOÐ
26.947 kr
38.495 kr
Hleðsluborvél 18V sett
50 fylgihlutir, höggvél
2 stk., Li-ion rafhlöður, hersla 51Nm.
5151100
30% afsláttur
EITT MEÐ ÖLLU
SANIT
SÚPER TILBOÐ
34.555 kr
49.365 kr
Veggsalarni
Klósettskál, kassi, seta og skolhnappur.
8078417
Sjáðu verðið!
45% afsláttur
KAINDL
SÚPER TILBOÐ
1.259 kr/m²
2.289 kr/m²
Harðparket, eikarplanki
8 mm, bandsagað.
147071
40% afsláttur
NEO
SÚPER TILBOÐ
11.997 kr
19.995 kr
Topplyklasett
NEO, 110 stk., 1/2"-1/4", toppar 4-32mm,skrall 72T.
5052570
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
21% afsláttur
Sjáðu verðið!
avasco
SÚPER TILBOÐ
5.495 kr
6.995 kr
Hillurekki Strong 265 Galv
Stærð: 176x90x45 cm.
Hver hilla ber 265 kg. Litur: Galv.
5803674
265 kg HVER HILLA
31% afsláttur
HITACHI
HITACHI Inspire the Next
SÚPER TILBOÐ
17.894 kr
25.932 kr
Hleðsluborvél
10.8V Í HSC Tösku
2 stk. 1.5Ah Li-ion rafhlöður, Led ljós. Hersla 35Nm.
5246788
Sjáðu verðið!
5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
46.990 kr
Þvottavél
FW30L7120, 1200 sn. 7 kg. A+++.
1805690
HAUSTERIKURNAR
ERU KOMNAR
3 stk.
999 kr
Byggjum á betra verði
FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

**TÖLUR VIKUNAR** 20.08.2017 TIL 26.08.2017

**33,2** milljörðum króna nam erlend greiðslukortavelta í júlí. Mestur vöxtur kortaveltu í júlí var í flokki farþegaflutninga eða 29,5%.

**54%** örorkuþega á þessu ári eru karlar á aldrinum 20 til 24 ára.



**2.200** íbúðir er áætlað að þurfi að byggja í Reykjanesbæ til ársins 2030.



**98** þúsund dísilbílar voru skráðir á Íslandi í árslok 2016. Hefur þeim fjölgað um 36 þúsund frá 2009.



**30%** var aukning kortanotkunar Íslendinga á erlendri grund í fyrra, meðal annars vegna aukinnar netverslunar.

**400** kvartanir vegna mengunar frá kísilverinu United Silicon hafa borist Umhverfisstofnun í ágúst.



## Þrjú í fréttum
### Íslenska, pólítík og undramark

**Eiríkur Rögnvaldsson**
*prófessor í íslenskri málfræði,*



sagði hinn flennistóra H&M-poka sem komið var fyrir á Lækjartorgi vera dæmigerðan fyrir það andvaraleysi sem ríkti gagnvart tungumálinu. Samkvæmt lögum eiga auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda að vera á íslenskri tungu. Taldi Eiríkur augljóst að pokinn væri ætlaður íslenskum viðskiptavinum verslunarinnar. Borgin gæti ekki þóst vera stikkfrí.

**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir**
*oddviti Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík,*



hefur sagt skilið við Framsóknarflokkinn. Hún sagði flokksmenn raga við að tjá skoðanir sínar um málefni hælisleitenda. Sveinbjörg Birna hafði verið gagnrýnd fyrir að tala um sokkinn kostnað hjá borginni vegna barna hælisleitenda.

**Gylfi Þór Sigurðsson**
*knattspyrnumaður*



skaut sér inn í hjörtu stuðningsmanna Everton þegar hann skoraði af um 45 metra færi í leik Everton og jafnaði gegn Hajduk Split. Ronald Koeman, stjóri Everton, var nánast orðlaus yfir tilþrifum Gylfa Þórs. Knattspyrnuáhugamenn víða um heim tala nú vart um annað en fyrsta mark Gylfa Sigurðssonar fyrir Everton. Markið kom Everton í Evrópudeildina.

# Reykvískar hraðahindranir í vegi rafmagnsvagna Strætó

**Afhending rafmagnsstrætisvagna hefur dregist og óljóst hvenær Strætó fær fjóra fyrstu vagnana frá kínverska bílaframleiðandanum Yutong. Tafirnar má rekja til styrkinga sem gera þurfti á vögnunum til að ráða við hraðahindranirnar í Reykjavík. Framkvæmdastjóri Strætó vonast til að fá þá á næstu mánuðum.**

**SAMGÖNGUR** „Þeir áttu ekki von á þessum fjölda hraðahindrana,“ segir Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., en afhending á fjórum fyrstu af níu rafmagnsstrætisvögnum sem Strætó hefur keypt hefur dregist um nokkra mánuði. Óljóst er hvenær formleg afhending verður. Ástæðan er breytingar sem kínverskir framleiðendur vagnanna þurfa að gera á þeim til að mæta fjölda hraðahindrana í Reykjavík. Nokkuð sem vagnarnir voru ekki hannaðir fyrir.

Upphaflega stóðu vonir til að fá fyrstu vagnana í júní en þegar það gekk ekki eftir var stefnan sett á mánaðamótin ágúst/september. Jóhannes segir nú ljóst að afhendingin muni dragast enn frekar og engin ákveðin dagsetning hefur fengist frá kínverska bílaframleiðandanum Yutong.

„Það kom upp þetta hönnunarvandamál sem tengist styrkingum sem þurfti að fara út í vegna þessa fjölda hraðahindrana sem hér eru á flestum leiðum og henta ekki fyrir rafmagnsvagnana.“



Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. segir að mikil eftirvænting ríki fyrir komu rafmagnsvagnanna.

Að sögn Jóhannesar þurfti að hanna nýja og betri styrkingu í toppstykki vagnanna sem hefði burð til að þola högg frá hraðahindrunum borgarinnar. Topphluti vagnanna er úr áli og þar liggur hluti af stórum og þungum rafhlöðum þeirra en hinn hlutinn er aftan í þeim. Afhending hefur því tafist meðan Kínverjarnir glíma við þetta vandamál enda vilja þeir ekki senda vagnana frá sér nema að vera vissir um að hafa leyst það.

Í byrjun árs var greint frá því að Strætó hefði fjárfest í níu rafmagnsknúnum vögnum frá Yutong en kostnaðurinn við hvern og einn nemur um 66 milljónum króna en aðspurður segir Jóhannes að tafirnar hafi ekki áhrif á kaupverðið.

Vagnarnir níu munu spara yfir þúsund tonn af mengandi útblæstri á ári og því spennandi verkefni á tímum aukinnar vitundar fólks um mikilvægi þess að skipta út jarðefnaeldsneyti. Uppgefið drægi vagnanna er 320 kílómetrar, sem í sjálfu sér þykir ekki mikið í dag, en ljóst var að leggjast þyrfti í yfirlegu af hálfu Strætó um hvaða leiðir hentuðu best fyrir vagnana. Meðal annars með tilliti til hleðslumöguleika.

> **Það kom upp þetta hönnunarvandamál sem tengist styrkingum sem þurfti að fara út í vegna þessa fjölda hraðahindrana sem hér eru á flestum leiðum.**
> Jóhannes Rúnarsson

„Við erum tilbúnir að tefla fram ákveðnum leiðum í þessu tilraunaverkefni. Við vorum að gæla við að þetta yrðu leiðir 4 eða 6 sem yrðu með þessa vagna. Síðan ætlum við að setja eina hleðslustöð á Hlemmi þar sem báðar þessar leiðir koma við og stoppa í ákveðinn tíma sem dugir til að hlaða inn á þá. Þeir þurfa nokkrar hleðslur á dag til að endast í 17 tíma eins og þjónustutíminn er. Þó kílómetrafjöldinn sé innan við uppgefið kílómetradrægi.“

Jóhannes segir að starfsfólk Strætó sé spennt fyrir þessu verkefni og bíði því með óþreyju eftir vögnunum. Hann sé þó hættur að treysta sér til að nefna dagsetningar.

„En þetta kemur vonandi á næstu mánuðum.“

**mikael@frettabladid.is**





FRUMSÝNUM
NÝJAN
COMPASS
Í DAG 26. ÁGÚST
OPIÐ FRÁ 12 - 17

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16


HÁTÍÐAROPNUN Í DAG KL. 12:00 Í SMÁRALIND!
Fyrstu þrír í röðinni fá risa gjafabréf að andvirði 25.000 kr., 20.000 kr. og 15.000 kr.
Næstu 1.000 í röðinni fá gjafakort að andvirði 1.500 kr. Verið velkomin!
Stuttbuxur
2.995 kr.
H&M

# Fjórir menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn voru úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald í héraðsdómi Reykjavíkur í gærkvöldi, grunaðir um innflutning á fíkniefnum. Þetta staðfesti Grímur Grímsson yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Vísir greindi fyrst frá málinu seint í gærkvöldi. Mennirnir voru handteknir af fulltrúum deildarinnar í gær og húsleitir voru framkvæmdar á tveimur stöðum vegna málsins. Hald var lagt á töluvert magn af amfetamínbasa, sem ekki hefur verið magngreint en um einn til tvo lítra gæti verið að ræða, að sögn Gríms. **– aá**



**Grímur Grímsson, yfirmaður hjá lögreglunni**

# Milljónir leita réttra eigenda

**SAMFÉLAG** Í síðustu viku unnu fjórir Lottóspilarar rúmlega 20 milljónir hver. Vinningshafarnir sem keyptu miðana sína í Happahúsinu og í Kjarval á Kirkjubæjarklaustri hafa gefið sig fram en enn hafa starfsmenn Getspár ekkert heyrt frá vinningshöfunum sem keyptu sína miða hjá Olís í Álfheimum og Shell í Hveragerði.

Vill því Getspá biðja þá sem keyptu sér miða á þessum sölustöðum að kíkja vel á miðana sína og kanna hvort þar leynist 20 milljóna króna Lottóvinningur. Tölurnar voru 5-15-28-37-39. **– bb**

**4**

**lottóspilarar unnu rúmlega 20 milljónir hver**

**LEIÐRÉTTING**

*Í forsíðufrétt blaðsins í gær sagði að Thorsil vilji reka fjóra ljósbogaofna í Keflavík árið 2020. Það rétta er að fyrirtækið stefnir að því að tveir ofnar verði komnir í rekstur á þeim tíma.*

# Minnst 23 látnir í Chandigarh í norðurhluta Indlands




**Minnst 23 eru látnir eftir að fylgjendur indverska gúrúsins Gurmeet Ram Rahim Singh mótmæltu eftir að hann var fundinn sekur um nauðgun. Yfir tvö hundruð þúsund fylgjendur gúrúsins voru samankomnir í Chandigarh í Indlandi vegna dómsmálsins. Eftir að dómurinn féll brutust út óeirðir. Gúrúinn var fundinn sekur um að hafa nauðgað tveimur konum í safnaðarheimili safnaðarins árið 2002.** FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

# Orkuveitan útvegaði útveggina

## Forstjóri aðalverktaka við byggingu höfuðstöðva OR segir Orkuveituna bera ábyrgð á hripleku útveggjakerfi höfuðstöðvanna. Hann segist ekki búast við eftirmálum, þó forsvarsmenn OR skoði lagalega stöðu sína.

**REYKJAVÍK** „Við höfum nákvæmlega engar áhyggjur af því,“ segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks, aðspurður um ummæli forsvarsmanna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um hugsanlega málshöfðun vegna mikilla rakaskemmda á vesturhúsi höfuðstöðva Orkuveitunnar. ÞG Verk var aðalverktaki við byggingu höfuðstöðva OR á sínum tíma.

Upplýsingafulltrúi OR lýsti því yfir í fjölmiðlum í gær að til skoðunar væri að höfða mál á hendur verktakanum sem byggði húsið þó engar ákvarðanir hafi verið teknar. Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, sagði sömuleiðis að OR muni kanna lagalega stöðu sína og hugsanlegan bótarétt þegar fyrir liggur frá dómkvöddum matsmanni hvar ábyrgðin er og hvert fjárhagslegt tjón verður.



**Vesturhús höfuðstöðva OR er illa farið.**

Þorvaldur segir að sér þyki einkennilegt að í öllu ferlinu hafi OR aldrei haft samband við ÞG Verk. OR upplýsti í gær að allir útveggir vesturhúss höfuðstöðvanna væru skemmdir. Orsök rakaskemmda væri fyrst og fremst að rigningarvatn kemst í gegnum veðurhlíf útveggjar og nær að byggingarefnum sem eru viðkvæm fyrir raka. Megnið af byggingarefni útveggja vesturhúss er skemmt af völdum raka en kostnaður við úrbætur gæti numið milljörðum króna. Þorvaldur segir útveggina hafa verið á ábyrgð OR.

„Það er ágætt að komi fram að Orkuveitan lét hanna fyrir sig þetta útveggjakerfi. Þeir keyptu útveggjakerfið og sömdu við framleiðandann án okkar aðkomu og sömdu svo við okkur um uppsetningu á því samkvæmt þeirra fyrirmælum. Okkar partur var eingöngu sá að setja upp kerfi sem einhver annar keypti, fullframleitt og fullhannað, samkvæmt þeim fyrirmælum sem okkur voru gefin. Við búumst því ekki við frekari eftirmálum.“

Fjórtán árum eftir að höfuðstöðvarnar voru teknar í notkun er nú ræddur sá möguleiki að rífa hið rakaskemmda hús. Ráðgjafar OR ráðleggja þó að byggð verði glerkápa utan um húsið og útveggir látnir standa. Veggir yrðu síðan endurbyggðir að innanverðu en áætlaður kostnaður við það nemur 1,7 milljörðum króna. **– smj**






www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.

**Já, og meira fyrir peninginn.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Furða sig á aðgerðaleysi Seðlabankans

**Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir Seðlabankann ekki ráða vel við að draga úr sveiflum á gengi krónunnar. Miklar gengissveiflur fæli fjárfesta frá krónunni. Greinandi hjá Arion banka segir afar óljóst hvernig Seðlabankinn ætlar að beita sér á gjaldeyrismarkaði.**

**VIÐSKIPTI** Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir það umhugsunarefni að á sama tíma og Seðlabanki Íslands segist ætla að grípa inn í gjaldeyrismarkaðinn og draga úr flökti á gengi krónunnar leyfi hann engu að síður genginu að sveiflast umtalsvert innan dags. Slíkt sé ekki ávísun á stöðugleika í gjaldeyrismálum.

„Mikið flökt krónunnar er einungis til þess fallið að fæla fjárfesta frá því að halda fjáreignum sínum í krónunni og draga þannig úr fjárfestingu hér á landi. Til lengri tíma litið kemur það niður á hagvexti,“ segir hann.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir enn óljóst hvernig Seðlabankinn ætli að beita sér á gjaldeyrismarkaði. Lítið hafi skýrst í þeim efnum á fundi Seðlabankans á miðvikudag.

Á fundinum sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri að undanfarna mánuði hefði verið „óvenju erfitt“ að greina á milli flökts á gengi krónunnar og stefnu gengisins. Hann tók fram að bankinn hefði fjórum sinnum gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn frá því í júní og í öllum tilfellum til að stöðva „spíralmyndun“ á markaðinum.

Í ljósi yfirlýsinga forsvarsmanna bankans um að bankinn ætli að beita sér gegn óhóflegum gengissveiflum hafa margir greinendur



Stjórnendur Seðlabankans, Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson, standa í ströngu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**2,9**

**milljarðar er hrein gjaldeyrissala Seðlabankans frá byrjun júní.**

furðað sig á því af hverju bankinn hafi ekki verið stærri þátttakandi á markaði í sumar en raun ber vitni.

„Það er í sjálfu sér alvarlegt ef bankinn ætlar sér að fylgja inngripastefnu sem dregur úr flökti en getur ekki greint á milli flökts og stefnu krónunnar, eins og seðlabankastjóri hefur viðurkennt. Bankinn er þá í vanda staddur,“ segir Ingólfur.

Það sé alvarlegt mál. „Ef Seðlabankinn er ekki í stakk búinn til þess að tryggja meiri stöðugleika á gjaldeyrismarkaði en þetta þarf að leita annarra lausna.“

Stefán Broddi segir að þær sveiflur sem hafa verið á gengi krónunnar í sumar hafi verið óhóflegar og að bankinn hafi lítið beitt sér til þess að draga úr þeim.

„Veikingu krónunnar, og ekki síst ef hún á sér stað í miklum gengissveiflum, fylgir ótti við aukna verðbólgu. Í ljósi þess að Seðlabankinn

> **Það er í sjálfu sér alvarlegt ef bankinn ætlar sér að fylgja inngripastefnu sem dregur úr flökti en getur ekki greint á milli flökts og stefnu krónunnar, eins og seðlabankastjóri hefur viðurkennt.**



Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

hefur það að markmiði að halda verðbólgu og verðbólguvæntingum í skefjum er undarlegt að hann hafi leyft svo miklum sveiflum lítt hindrað að eiga sér stað. Ég tala nú ekki um í ljósi fyrri yfirlýsinga.

Svo er aftur annað mál hvort það sé æskilegt að Seðlabankinn sé stór þátttakandi á gjaldeyrismarkaði. Auðvitað er það ekki eitthvað sem við erum að kalla eftir til langframa.“

Hann segir enn óskýrt hver stefna bankans sé í þessum efnum. „Ég held að bankinn sé einfaldlega að feta ótroðnar slóðir á gjaldeyrismarkaði nú þegar hann er hættur að byggja upp gjaldeyrisforða og á meðan svo er finnst honum eflaust ágætt að niðurnjörva ekki næstu aðgerðir sínar eða stefnu.“

kristinningi@frettabladid.is






Greining á skyldleika vestfirsku laxastofnanna við aðra laxastofna á Íslandi bendir til að þeir myndi sérstakan erfðahóp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Erfðablöndun mátti greina í sex vatnsföllum

**LAXELDI** Hafrannsóknastofnun hefur lokið við rannsókn á erfðablöndun eldislax og náttúrulegs lax í laxastofnum á Vestfjörðum. Vísbendingar um erfðablöndun mátti greina í sex vatnsföllum og þar af voru skýr merki í Botnsá í Tálknafirði og í Sunndalsá í Trostansfirði sem er einn af innfjörðum Arnarfjarðar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun.

Aldursgreining á blendingum tengdi erfðablöndunina við þekktar göngur kynþroska eldislaxa í vatnsföll á árunum 2014 og 2015. Gögnin benda einnig til að erfðablöndun hafi orðið árið 2012 en líkt og árið 2015 voru engar sleppingar laxa úr sjókvíum tilkynntar þá. Greining á skyldleika vestfirsku laxastofnanna við aðra laxastofna á Íslandi bendir til að þeir myndi sérstakan erfðahóp og eru því líklega mikilvægir m.t.t. líffræðilegs fjölbreytileika.

Í rannsókninni var erfðablöndun könnuð meðal villtra laxa í nágrenni eldissvæða á Vestfjörðum. Einnig var skyldleiki stofna svæðisins við aðra stofna á Íslandi kannaður með samanburði við 26 laxastofna. Samtals voru 701 seiði úr 16 vatnsföllum á svæðinu frá Súgandafirði til Rauðasands erfðagreind með fimmtán örtunglum. -bb

## Úkraína orðin örugg

**SAMFÉLAG** Útlendingastofnun hefur ákveðið að bæta Úkraínu, að undanskildum héruðunum Donetsk, Luhansk og Krím, á lista yfir örugg ríki. Úkraína er lýðræðisríki og þar eru ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki.

Það er mat stofnunarinnar að almennt megi telja aðstæður í Úkraínu góðar og að fullnægjandi aðstoð og úrræði séu til staðar fyrir borgara landsins, þegar litið er til annarra svæða en átakasvæðanna í austurhluta þess. Engum umsækjanda frá öðrum héruðum en þeim þremur sem undanskilin eru hefur verið veitt alþjóðleg vernd á Íslandi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Útlendingastofnun. – bb

> **Það er mat stofnunarinnar að almennt megi telja aðstæður í Úkraínu góðar.**

KIA

Salka Sól

# Fjölskyldudagur Kia

**Við viljum bjóða þér og allri fjölskyldunni að fagna með okkur á fjölskyldudegi Kia í dag, laugardag, á Krókhálsi 11. Fjölbreytt dagskrá í boði frá kl. 12-16.**
Stórglæsilegur Kia-flotinn verður að sjálfsögðu á staðnum, Salka Sól tekur lagið, nóg af pylsum á grillinu, blöðrur fyrir börnin, auk þess sem hægt verður að snúa Lukkuhjóli Kia og vinna glæsilega vinninga. Við hlökkum til að sjá ykkur öll!

KIA

@kiaisland

25%

**Í tilefni dagsins**
25% afsláttur af Kia aukahlutum og frí 7 punkta skoðun fyrir Kia eigendur, aðeins þennan dag. Einnig bjóðum við 15% afslátt af varahlutum. Nýttu tækifærið og búðu bílinn undir veturinn.

12. íslenska sjávarútvegssýningin og sjávarútvegsverðlaunin 2017
SMÁRANUM, KÓPAVOGI, ÍSLANDI

Smáranum | Kópavogi | Islandi
13-15 september 2017

Íslenska sjávarútvegssýningin nær til allra þátta nútímalegs sjávarútvegs,

HVERS VEGNA ÞÚ ÆTTIR AÐ SÆKJA ÍSLENSKU SJÁVARÚTVEGSSÝNINGUNA 2017

- RÚMLEGA 500 fyrirtæki í sjávarútvegi kynna nýjar vörur og þjónustu
- TENGSLAMYNDUN við rúmlega 15.000* atvinnumenn á sviði sjávarútvegs á heimsvísu
- KOMDU Á nýjum viðskiptatengslum til að efla starfsemi þína
- THE WORLD SEAFOOD CONGRESS ICELAND er haldin samtímis Íslensku sjávarútvegs- sýningunni 2017

*2014 figures

SKRÁÐU ÞIG Í DAG

Skráðu þig í dag & farðu á vefsíðuna icefish.is/register

#IceFish

www.icefish.is

Organiser: mercatormedia magazines events online
Official airline/air cargo handler & hotel chain: ICELANDAIR GROUP
Official Logistics Company: TVG-ZIMSEN
Official International magazine: worldfishing & AQUACULTURE
Official Icelandic Publication: Fiskifréttir

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 15 milljónir króna í samfélagsstyrki árið 2017. Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 4. október næstkomandi.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**

» Verkefni á vegum mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaga
» Verkefni á sviði menningar og lista
» Menntamál, rannsóknir og vísindi
» Forvarna- og æskulýðsstarf
» Sértæk útgáfustarfsemi

**Veittir eru styrkir í þremur þrepum:**

» 1.000.000 kr.
» 500.000 kr.
» 250.000 kr.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með miðvikudeginum **4. október 2017**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA



**Leyniþjónustan telur hættu á hryðjuverkum.** FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

# Leyniþjónusta vill banna bíla í miðborginni

## Danska leyniþjónustan vill að svæði í miðborg Kaupmannahafnar verði lokað fyrir bílaumferð.

**DANMÖRK** Danska leyniþjónustan vill að nánast öll bílaumferð verði bönnuð í gamla miðbænum til að verjast hryðjuverkum. Náí tillaga leyniþjónustunnar fram að ganga verður svæði sem nær frá Tívolíinu að Kóngsins Nýjatorgi og síkjunum að höfninni lokað öllum nema sjúkrabifreiðum, slökkviliði og öðrum bifreiðum með sérstakt erindi. Að mati leyniþjónustunnar gerir mikill fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda á litlu svæði gamla miðbæinn að skotmarki árása á borð við hryðjuverkaárásirnar í Barcelona, Nice og Berlín. Jafnframt hafa almannavarnir varað við því að borgin sé vanbúin til að bregðast við afleiðingum slíkrar árásar.

Borgarstjórn Kaupmannahafnar leitar nú leiða til að bregðast við ábendingum leyniþjónustunnar og almannavarna og tryggja öryggi miðborgarinnar, án þess þó að fórna lífsgæðum íbúanna. Markmiðið er að halda tjóni af völdum hugsanlegra hryðjuverka í lágmarki, fremur en að koma í veg fyrir þau með öllu. Nota megi tré og ýmiss konar mannvirki til þess að gera nánast ómögulegt að valda miklum skaða með ökutæki, án þess að skaða ásýnd gamla bæjarins. Steypublokkir sem nú loka Strikinu verði til dæmis teknar og settar hindranir á borð við bekki og reiðhjólastæði, sem þjóni varnarhlutverki en séu jafnframt bæjarprýði. **– aá.**

**» Borgarstjórn Kaupmannahafnar leitar nú leiða til að bregðast við ábendingum leyniþjónustunnar.**

# Harvey sagður geta valdið mannskæðum flóðum

**BANDARÍKIN** Fellibylurinn Harvey fikrar sig sífellt nær ströndum Texas-ríkis og ríkisstjórinn, Greg Abott, segir íbúana standa frammi fyrir hamförum. Þegar Fréttablaðið fór í prentun seint í gærkvöld var búist við að fellibylurinn myndi skella á Texas af fullu afli seinna um kvöldið eða nóttina.

Abott hefur óskað eftir fjárstuðningi frá alríkisstjórninni og í bréfi sem hann skrifaði Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, í gær sagði hann að fellibylurinn myndi valda tjóni upp á milljarða Bandaríkjadala. Manntjón myndi líklega verða.

Gríðarleg úrkoma er sögð fylgja fellibylnum, allt að 50 sentímetrar. Fólk hefur verið beðið um að rýma strandsvæði við Mexíkóflóa þar sem hætta er á sjávar- og skyndiflóðum. Harvey hefur vaxið með undraverðum hraða síðustu sólarhringa. Óttast er að í kjölfar hans muni mannskæð flóð flæða yfir strandsvæði í Mexíkóflóa. **– ósk**

**» Þegar Fréttablaðið fór í prentun seint í gærkvöld var búist við að fellibylurinn myndi skella á Texas af fullu afli seinna um kvöldið eða nóttina.**


Haustlyngið er komið!
3STK
ERIKUR/CALLUNUR
990KR
FULL BÚÐ AF FALLEGUM HAUSTVÖRUM
OG FERSKUM POTTAPLÖNTUM
FRAMUNDAN Í GARÐHEIMUM
2. SEPT- FYRIRLESTUR UM HAUSTVERKIN Í GARÐINUM
9. SEPT - SÝNIKENNSLA Í HAUSTKRANSAGERÐ
16. SEPT - FYRIRLESTUR UM UMHIRÐU STOFUPLANTNA
FYRIRLESTRAR/SÝNIKENNSLA FARA FRAM Á SPÍRUNNI KL 12 Á LAUGARDÖGUM.
AÐGANGUR ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR
GARÐHEIMAR

# Sett nálgunarbönn fari eftir geðþótta

**Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, telur þörf á nákvæmari lýsingu í lagaákvæði um hversu hár þröskuldur þarf að vera fyrir nálgunarbann. Hún segir byggt á mati þess sem tekur ákvörðunina hverju sinni hvað þurfi til.**



Alda Hrönn Jóhannsdóttir segir lög um nálgunarbann ekki yfir gagnrýni hafin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LÖGREGLUMÁL** „Það sem þarf að gera er að fólk komi með upplýsingar og láti okkur helst vita jafnóðum svo við séum með þetta skráð í kerfi. Þannig, ef um áreiti er að ræða, séum við að safna upplýsingum um leið og atvikin verða," segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, aðspurð um hvernig sé best að óska eftir nálgunarbanni.

„Það er sterkara en að koma með þetta í einum bunka því í greinargerð í lögunum skiptir saga viðkomandi máli og hvort eitthvað hafi ítrekað gerst og svoleiðis. Þetta telur inn í það ef um slíkt er að ræða," segir Alda Hrönn. „Sagan skiptir máli.."

Hanna Kristín Skaftadóttir vakti nokkra athygli á fimmtudaginn síðastliðinn þegar hún varpaði fram spurningu um hvernig hægt væri að fá nálgunarbann en hún hefur óskað eftir nálgunarbanni gegn fyrrverandi sambýlismanni sínum, Magnúsi Jónssyni sem áður var forstjóri Atorku. Hún hefur kært hann til lögreglu fyrir heimilisofbeldi.

Það sem af er ári hefur tíu beiðnum um nálgunarbönn verið synjað en fjórtán verið samþykkt samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2016 voru 25 beiðnir samþykktar en sautján hafnað. Árið áður fengu tólf beiðnir synjun en 33 voru samþykktar. Í tveimur tilfellum vantaði upplýsingar til að taka ákvarðanir.

Alda Hrönn segir að nálgunarbönn séu unnin innan þröngs tímaramma. „Samkvæmt lögum eigum við að taka ákvörðun innan sólarhrings frá því að beiðni berst."

Hún bendir á að það sé ekki nákvæmlega skilgreint í lögum hvað þurfi til að dæma einhvern í nálgunarbann. „Það er kannski það sem mætti alveg vera aðeins skýrara og fólk er ekki alveg sammála um hvað þarf. Það er byggt á mati hvers og eins sem er að taka ákvörðunina hverju sinni hvað þurfi til."

„Þetta eru lög frá 2011 og þau eru í þróun og við höfum reynt að þróa þau sérstaklega frá árinu 2015 á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er allt í þróun og það þarf að halda því áfram, það er ekkert hafið yfir gagnrýni. En það mætti koma nákvæmari lýsingu í lagaákvæðið sjálft, sérstaklega um hversu hár þröskuldurinn eigi að vera. Hvaða grunnkröfur ætlum við að gera til að óska eftir nálgunarbanni?" spyr Alda.

> **Það er ekki nákvæmt skilgreint í lögunum, það er kannski það sem mætti alveg vera aðeins skýrara og fólk er ekki alveg sammála um hvað þarf.**
>
> Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Í lögum kemur fram að hægt sé að óska eftir nálgunarbanni gegn einhverjum sem hefur brotið gegn manneskju eða raskað friði hennar á annan hátt. „Við höfum oft betur skilgreint brotin en hvað er að raska friði annarrar manneskju? Þetta er bara mat hverju sinni og er háð því."

Hún bendir á að það sé mismunandi eftir fólki hverju sinni. Möguleiki sé þó á að kæra niðurstöðu sé ekki fallist á bannið. „Það þarf að kæra innan mánaðar, þá er farið yfir ákvörðunina og endurmat fer fram."

Í einhverjum tilfellum hefur fólki sem óskar eftir banni verið afhentur neyðarhnappur. Alda segir það þó ekki gert í öllum tilfellum, enda um dýran tækjakost að ræða. „Það er háð ákveðnum kríteríum sem eru svolítið miklar og það virkar ekki alltaf heldur. Þetta fer eftir aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Það er hins vegar meðalhóf sem við beitum."

Neyðarhnappur er í boði í þeim málum sem það á við, að sögn Öldu en svo eru önnur úrræði. Alda Hrönn vill ekki skilgreina þau betur opinberlega. „Við reynum að veita fólki öryggi svo því líði eins og það sé öruggt með ákveðnum hætti. Við erum klárlega með úrræði og önnur úrræði en nálgunarbönn hafa verið að virka."

Alda bendir að lokum á að fleiri en einn aðili getur óskað eftir nálgunarbanni. „Það er talað um það sérstaklega að sá sem sætir ógn eða áreiti geti óskað eftir nálgunarbanni, en það geta nánir aðstandendur gert líka, auk þess sem barnavernd getur stigið inn. Svo getur lögreglustjóri ákveðið það í einhverjum tilfellum. Ef lögregla telur að ógn steðji að. Þá þarf viðkomandi ekki að bera ábyrgð á að hafa óskað eftir því."

saeunn@frettabladid.is

# Upplýsingaleynd um skattsvikara

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðuneytið hafnaði nýverið beiðni norsks blaðamanns, Gunnars Thorenfeldt, um aðgang að gögnum um fjársvikamál styrkþega úr uppbyggingarsjóði EES. Sjóðurinn er rekinn af Noregi, Íslandi og Liechtenstein og árlegt framlag Íslands til sjóðsins nemur nálægt hálfum milljarði.

Thorenfeldt hefur haft sjóðinn til rannsóknar um nokkurn tíma. Hann óskaði upplýsinga hjá utanríkisráðuneytinu um mál pólsks bæjarstjóra sem vann að verkefni sem hlotið hafði styrk úr sjóðnum. Bæjarstjórinn stakk af með styrkféð og var síðar sakfelldur fyrir misferlið af pólskum dómstól. Fjallað var um málið í frétt norska miðilsins Dagbladet síðastliðinn sunnudag.

Í skýrslu sjóðsins um misferlið, sem Thorenfeldt hefur undir höndum, höfðu allar helstu upplýsingar um málið verið afmáðar, nafn mannsins, nafn og númer verkefnisins, styrkfjárhæðin og upplýsingar um dómstólinn. Þegar Thorenfeldt óskaði skýringa á þessari upplýsingaleynd, vísaði skrifstofa sjóðsins í Brussel á utanríkisráðuneyti aðildarríkja sjóðsins, sem leiddi Gunnar Thorenfeldt til íslenskra stjórnvalda.

> **500**
>
> **milljónum af íslensku skattfé er varið til sjóðsins árlega.**

> **» Íslenska utanríkisráðuneytið synjaði blaðamanni um aðgang að umræddum upplýsingum.**

Utanríkisráðuneytið synjaði honum um aðgang að umræddum upplýsingum, á þeim grundvelli að upplýsingarnar vörðuðu milliríkjasamskipti og væru þar af leiðandi undanþegnar upplýsingarétti. Í svarinu var ekki rökstutt hvernig upplýsingarnar vörðuðu almannahagsmuni, sem er þó skilyrði laganna fyrir synjun um aðgang að upplýsingum.

„Það kom mér á óvart að á Íslandi, sem ég hélt að hefði upplýsingalöggjöf á heimsmælikvarða, gilti upplýsingaleynd um misnotkun á skattfé Íslendinga," segir Thorenfeldt. Hann hefur víðar rekist á veggi í upplýsingaöflun sinni um þau verkefni sem hafa verið styrkt af sjóðnum, sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni í ríkjum Suður- og Austur-Evrópu til að vinna gegn efnahagslegri og félagslegri mismunun.

Eftir að hafa fengið synjun frá þeim ríkjum sem verja skattfé til sjóðsins, leitaði Thorenfeldt til styrkþegaríkisins sjálfs, Póllands. Þar fékk hann allar upplýsingarnar sem hann óskaði eftir undanbragða- og umsvifalaust. **-aá**

# Vilja skoða laun ljósmæðra í verkfallinu

**SAMFÉLAG** Íslenska ríkið hefur óskað eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli ljósmæðra frá 30. maí. Þar var ríkið dæmt til að greiða fimm ljósmæðrum vangoldin laun fyrir vinnu sem þær inntu af hendi meðan á verkfalli Ljósmæðrafélags Íslands stóð vorið 2015. Í tilkynningu frá BHM, segir að þetta sé köld kveðja til ljósmæðra.

Margar ljósmæður náðu að skila nánast fullri vinnuskyldu í verkfallinu en engu að síður ákvað ríkið að halda eftir stórum hluta launa þeirra. Í dómi héraðsdóms var fallist í einu og öllu á kröfur stefnenda hvað varðar fjárhæðir vangoldinna launa og að auki var ríkið dæmt til að greiða þeim málskostnað. Í áfrýjunarbeiðninni kemur fram að Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, sem fer með mál er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, telji brýnt að dómur héraðsdóms sæti endurskoðun.



**Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM**

Ljósmæður búa sig um þessar mundir undir að hefja kjaraviðræður við ríkið. Í tilkynningunni segir að BHM styðji félagið í baráttu þess enda samræmist það hvorki ákvæðum kjarasamninga né meginreglum vinnuréttar að starfsmenn fái ekki greitt fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi. **– bb**


**CCG**

As a christian church known by many from our internet page **ccg.org**, we know there is conciderable interest for our litterature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at **secretary@ccg.org**



COVER®

***Yfirlýsing frá CoverGlobal oy Finnlandi***

CoverGlobal oy tilkynnir hér með öllum viðskiptavinum á Íslandi með ólokna samninga um handrið eða svalalokun úr Cover efni að þann 14. ágúst 2017 sleit CoverGlobal oy einkaleyfissamningi sínum við Gler og Brautir Intl. ehf., Skútuvogi 10B, 104 Reykjavík, sem var þáverandi einkaleyfishafi á Íslandi fyrir Cover vörur.

Ekki hefur verið unnt að komast í samband við alla viðskiptavini með undirritaðan samning gerðan við einkaleyfishafa fyrir 14. ágúst 2017. Allir viðskiptavinir eru hvattir til að láta CoverGlobal oy vita um stöðu samnings þeirra til að tryggja afhendingu viðkomandi Coverkerfis ásamt ábyrgð.

Vinsamlegast sendið tölvubréf ásamt ljósriti af samningi og upplýsingum um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi og stöðu verksamnings og afhendinar til Juhana.Berner@coverglobal.com og cc til thuridurhalldorsdottir@gmail.com

Öll vinna og uppsetningar með Cover efni eftir 14. ágúst 2017 er ólögleg ef hún hefur ekki verið samþykkt fyrirfram af CoverGlobal oy eða gerð með þeirra leyfi.

**Varðandi allar nýjar pantanir eða staðfestingu á þegar gefnum tilboðum eru viðskiptavinir vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Þuríði Halldórsdóttur hdl., Hátúni 6a, 105 Reykjavík. Sími 7775729. Netfang: thuridurhalldorsdottir@gmail.com**

*Birt samkvæmt umboði undirrituðu af Päivi Rajamäki, CEO CoverGlobal Ltd.*

# Hyundai sýning

## í dag frá kl. 12–16




**Hyundai Tucson**

**4wd, dísil, ssk. Verð frá: 4.990.000 kr.**

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Tucson að verðmæti **400.000 kr.**



Arctic Trucks breytir Hyundai Santa Fe

## Suðurskautsfarinn verður til sýnis í dag

Á síðasta ári fól bílaframleiðandinn Hyundai fyrirtækinu Arctic Trucks á Íslandi að breyta fjórhjóladrifnum Hyundai Santa Fe fyrir 38" dekk svo hann gæti tekið þátt í 100 ára minningarleiðangri um landkönnuðinn Ernest Shackleton sem átti sér þann draum að ferðast yfir íshellu Suðurskautslandsins. Patrick Bergel, barnabarn Shacleton, kláraði ætlunarverk langafa síns á Hyundai Santa Fe.

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan HYUNDAI ef þú pantar fyrir 30. september

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestafl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

ENNEMM / SÍA / NM83582 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.




**OPIÐ Á LAUGARDAG 11–22**

# SMÁRALIND

Við fögnum glæsilegum endurbótum
með léttum og skemmtilegum uppákomum.

OPIÐ TIL
22
Í KVÖLD

OPNUM
12
Á SUNNUDAG

KL. 12–14 ANDLITSMÁLNING
KL. 14–16 BLÖÐRUR
KL. 13–15 SIRKUS ÍSLANDS
KL. 15 DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS

SJÁÐU NÝTT OG GLÆSILEGT **KIA SÝNINGARRÝMI**

**OPNUN H&M - LOKSINS Á ÍSLANDI!**

**ÍSKALT PEPSÍ OG BRAKANDI MAXÍ POPP**
(Á LAUGARDAG - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!)

**KOMDU OG GERÐU ÞÉR GLAÐAN DAG
ÞAR SEM HLUTIRNIR ERU AÐ GERAST.**

**OPIÐ Á SUNNUDAG 12–18**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Gerbreytt staða



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Verslun á Íslandi stendur á tímamótum. Áskoranir mæta kaupmönnum úr mörgum áttum. Miklu munar um internetverslunina en í ofanálag þurfa íslenskir kaupmenn nú að glíma við alþjóðlegar verslunarkeðjur sem hingað sækja í auknum mæli.

Á síðustu misserum hefur fjöldi alþjóðlegra fyrirtækja haslað sér völl á okkar litla markaði. Fyrst Bauhaus, svo Costco og nú síðast H&M. Útlend merki eru í sjálfu sér engin nýlunda. Breytingin felst í því að nú reka hin alþjóðlegu risafyrirtæki verslanirnar sjálf, milliliðalaust, en ekki með sérleyfissamningum eins og hingað til hefur nánast undantekningarlaust tíðkast með þekkt útlend vörumerki eins og Zara, Sports Direct, Topshop og Debenhams.

Hingað til hafa alþjóðleg stórfyrirtæki vafalaust litið á Ísland sem of lítinn bita. Þau hafa einfaldlega ekki talið borga sig að opna verslanir hér á landi.

Augljóst er hvað hefur breyst – ferðamannafjöldinn. Ísland er ekki lengur einangruð eyja í norðri heldur vinsæll áfangastaður ferðamanna sem gjarnan vilja gera sín innkaup á stöðum sem þeir þekkja. Ísland er líka, og sennilega sérstaklega í tilviki Costco, áhugaverður tilraunamarkaður. Hér má prófa nýjungar og æfa sig áður en haldið er á stærri alþjóðlega markaði.

Innlendir kaupmenn hafa heldur betur fundið fyrir samkeppninni á undanförnum mánuðum. Gengi Haga, stærsta verslunarfyrirtækis landsins, hefur hríðfallið í Kauphöllinni, og olíufélögin hafa sömuleiðis átt í vandræðum. Þá eru ótalin fyrirtæki sem ekki eru skráð á markað og þurfa ekki að birta rekstrarniðurstöður sínar.

Kaupmennirnir þurfa ekki bara að etja kappi við nýja alþjóðlega keppinauta, heldur einnig internetið. Heimurinn er skyndilega innan seilingar fyrir íslenska neytendur. Skórnir sem þú skoðar á netinu geta verið komnir upp að dyrum daginn eftir. Kostnaður við sendingu og opinber gjöld eru miklu minni en áður.

Áhugavert hefur verið að fylgjast með þessum breytingum dynja yfir. Þeir sem fyrir voru á markaðnum hafa reynt að undirbúa sig. Hagar hafa til að mynda minnkað verslanir sínar og hætt að selja föt. Óljóst er hvort þessar breytingar skili tilætluðum árangri.

Hvað neytendur varðar hefur verið athyglisvert að fylgjast með hversu mikils pirrings virðist gæta út í rótgróin verslunarfyrirtæki hér á landi. Það hlýtur að vera áhyggjuefni, að neytendur hafi það á tilfinningunni að á þeim hafi verið okrað. Vissulega er rétt að innlendir kaupmenn líða fyrir smæðina í samkeppni við erlenda risa. Þeir hafa líka búið við há opinber gjöld og vonlausan gjaldmiðil.

Það skýrir hins vegar ekki allt.

Íslenskra kaupmanna bíður það verkefni að endurheimta traust neytenda í breyttu rekstrarumhverfi. Tíminn leiðir í ljós hverjir standa uppi sem sigurvegarar að lokum.

**Hingað til hafa alþjóðleg stórfyrirtæki vafalaust litið á Ísland sem of lítinn bita. Þau hafa einfaldlega ekki talið borga sig að opna verslanir hér á landi.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Viðskiptavinir grafnir lifandi í H&M

Peningar eru einn lygilegasti skáldskapur sem maðurinn hefur samið. Samkvæmt ísraelska sagnfræðingnum og metsöluhöfundinum Yuval Noah Harari eru peningar aðeins hugarburður, saga sem við sameinumst um að trúa á.

Fyrir 70.000 árum varð stökkbreyting í heila mannsins. Í kjölfarið tóku tungumálahæfileikar tegundarinnar óvæntum framförum. Í stað þess að tjá sig aðeins um það sem við blasti í raunheimum – tré, steina, vatnsból og ljón sem lágu í leyni – fór maðurinn að geta tjáð sig um hluti sem ekki voru til í alvörunni. Hann fór að spinna upp sögur.

Harari segir þennan eiginleika liggja til grundvallar getu mannsins til að vinna saman í stærri hópum en nokkur önnur dýrategund. Þúsundir, jafnvel milljónir einstaklinga, geti sameinast um sögu og unnið að sameiginlegu markmiði í krafti hennar. Sem dæmi um sögur, hluti sem ekki séu til í alvörunni heldur fyrirfinnist aðeins í sameiginlegum hugarheimi mannsins, nefnir Harari þjóðríki, mannréttindi, lög, guð og peninga.

### Nælonsokkur með gati

Uppi á vegg heima hjá mér hangir breskt plakat úr síðari heimsstyrjöld. Um er að ræða teikningu af föngulegri ungri konu í hnésíðum köflóttum kjól með mjótt mitti. Sveipuð pastellituðum fortíðarljóma gramsar hún í fataskáp. Hún heldur á nælonsokk sem hún skoðar af alvörugefinni íhygli. Á plakatinu stendur stórum stöfum: „Make-do and mend.“ Sýndu nægjusemi og bættu það sem þú átt.

Fataskömmtun hófst í Bretlandi sumarið 1941. Tilgangur hennar var að tryggja að takmarkaður varningurinn dreifðist jafnt til allra á tímum er mikill skortur ríkti. Sem lið í fataskömmtuninni hleyptu bresk yfirvöld af stokkunum átaki undir slagorðinu „make-do and mend“ þar sem fólk var hvatt til að sýna nægjusemi og laga fatnað frekar en að kaupa nýjan.

### Stutt í veskið

Í dag verður opnuð í Smáralind verslun sem færir íslenska neytendur enn einu skrefi fjær því að þurfa nokkurn tímann að stoppa í sokka, laga saumsprettu og sýna nægjusemi. Koma H&M til landsins er að mörgu leyti fagnaðarefni. Hverjum finnst gaman að stoppa í sokka? Opnun fatakeðjunnar er þó tilefni til að staldra við.

Í neyslusamfélagi samtímans er stutt í veskið. Við teygjum okkur ekki aðeins í það þegar komið er gat á sokkana og okkur vantar nýja heldur einnig þegar sokkaskúffan er stútfull af stráheilum pörum. Yfirfull sokkaskúffa inniheldur hins vegar annað og meira en sokka.

### Apar og Jón Sigurðsson

Peningar eru kannski skáldskapur. Það sem þeir standa fyrir er það þó ekki.

Frasinn „time is money“, eða tími er peningar, er flestum kunnur. En ef tími er peningar, eru þá peningar ekki tími?

Ruslahaugar veraldarinnar eru fullir af lítið notuðum fatnaði, flatskjáum sem enn virka og brauðgerðartækjum sem aldrei voru notuð; hlutum sem eitt sinn voru keyptir fyrir peninga sem einhver fékk í skiptum fyrir tíma sinn – tíma sem ekki var varið með fjölskyldu eða vinum, tíma sem ekki fór í að sinna hugðarefnum, tíma sem aldrei kemur til baka.

Homo sapiens er eina dýrategundin sem getur tjáð sig um hluti sem ekki eru til. Api léti aldrei af hendi banana í skiptum fyrir loforð um hundrað banana í himnaríki að lífinu loknu. Api léti aldrei banana af hendi fyrir pappírssnepil með mynd af Jóni Sigurðssyni.

Í tilefni opnunar H&M í dag er rétt að velta fyrir sér visku fortíðar; annars vegar visku apans sem tæki aldrei fram veskið í H&M, hins vegar nægjusömu húsfrúarinnar á plakatinu sem gerði það ekki heldur. Því í hvert sinn sem við afhendum tíma okkar í skiptum fyrir óþarfa sem endar sem óbreytt rusl grafið í jörðu urðum við tíma okkar; við urðum líf okkar. Við erum jörðuð þegar við erum öll. Er ekki óþarfi að við séum grafin lifandi?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Japanskur landsliðsmaður spilaði með meisturunum í gærkvöldi




**Á flugi** Japaninn Ryuto Inage spilaði með Valsmönnum í æfingaleik í kvöld. Þetta er japanskur landsliðsmaður sem var í för með landsliðinu er það var í æfingabúðum hér á landi á dögunum. Hann spilar í hægra horninu og er skemmtilegur. Það gæti því enn fjölgað í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sókndjarfari og ferskari Finnar

**Heimir Hallgrímsson gerði aðeins tvær breytingar á íslenska landsliðshópnum sem mætir Finnlandi og Úkraínu í undankeppni HM. Heimir á von á sókndjarfara og ferskara finnsku liði en síðast.**

**FÓTBOLTI** Fátt kom á óvart í vali Heimis Hallgrímssonar á íslenska landsliðshópnum sem mætir Finnlandi og Úkraínu í undankeppni HM 2018 í byrjun næsta mánaðar.

Aðeins tvær breytingar eru á hópnum frá leiknum gegn Króatíu í júní. Rúnar Alex Rúnarsson og Jón Guðni Fjóluson koma inn fyrir Ögmund Kristinsson og Aron Sigurðarson. Ögmundur er búinn að missa sæti sitt í byrjunarliði Hammarby og fær tíma til að finna sér nýtt félag áður en félagaskiptaglugginn lokast um mánaðamótin.

„Það er oft erfitt að velja hópinn fyrir leiki í september. Leikmenn eru að byrja að spila með sínum liðum og margir ekki búnir með marga leiki. En leikmennirnir sem byrjuðu fyrir okkur síðast hafa staðið sig vel í þessum upphafsleikjum, við vorum ánægðir með hópinn síðast og þess vegna er ekki mikil breyting hjá okkur,“ sagði Heimir.

Þrátt fyrir að hafa raðað inn mörkum fyrir Maccabi Tel Aviv í byrjun tímabilsins er Viðar Örn Kjartansson ekki í landsliðshópnum, ekki frekar en Matthías Vilhjálmsson, leikmaður Noregsmeistaranna Rosenborg. Líkt og gegn Króatíu eru aðeins þrír framherjar í íslenska hópnum; Alfreð Finnbogason, Jón Daði Böðvarsson og Björn Bergmann Sigurðarson. Er það vísbending um að íslenska liðið muni spila með einn framherja í næstu leikjum, líkt og það gerði gegn Króatíu?

„Ekkert endilega. En við spiluðum annað leikkerfi síðast og það virkaði. Það er gott þegar við erum




**Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ekki auðlesnir. En það eru margir í hópnum sem geta spilað fleiri en eina stöðu,“ sagði Heimir sem segir að lið hafi verið farin að lesa það íslenska.

„Við erum frekar auðlesnir. Við erum með frekar einfaldan leikstíl en hann virkar. Þessi breyting virkaði hjá okkur síðast.“

Á blaðamannafundinum í gær minntist Heimir á meðalaldurinn í íslenska hópnum og hvernig þjálfarateymið hefði unnið í því að lækka hann.

„Við verðum stundum að horfa til lengri tíma en til næsta leiks. Við höfum verið nokkuð fastheldnir á byrjunarliðið undanfarin ár og það er hættulegt því þá fá aðrir ekki reynslu á meðan. Þess vegna ákváðum við það fyrir tveimur árum að gefa strákunum sem eru ekki í byrjunarliðinu tækifæri til að spila alla vináttulandsleiki,“ sagði Heimir.

Á fundinum ræddi íslenska þjálfarateymið aðallega um finnska liðið sem Ísland mætir í Tampere laugardaginn 2. september. Íslendingar unnu fyrri leik liðanna á dramatískan hátt. Síðan þá hafa Finnar skipt um þjálfara. Markku Kanerva, sem lék 59 landsleiki fyrir Finnland á sínum tíma, tók við af Svíanum Hans Backe.

„Það er aðeins öðruvísi jafnvægi í liðinu. Þeir eru framar á vellinum og aðeins sókndjarfari en þeir voru gegn okkur. Liðið er mjög hávaxið og þeir eru kannski að bregðast við föstu leikatriðunum okkar sem skiluðu þremur mörkum gegn þeim síðast,“ sagði Heimir. **ingvithor@365.is**

### Stuðningsmenn Everton eiga eftir að elska Gylfa Þór

Heimir Hallgrímsson fylgdist að sjálfsögðu vel með fyrsta leik Gylfa Þórs Sigurðssonar í byrjunarliði Everton gegn Hajduk Split í fyrradag. Gylfi skoraði frábært mark í upphafi seinni hálfleiks með skoti rétt fyrir innan miðju. Mark sem lengi verður talað um enda var markið í heimsklassa. Þvílík byrjun.

Heimir er ánægður með að félagaskipti Gylfa til Everton eru frágengin og Hafnfirðingurinn er byrjaður að spila og skora með nýja liðinu. Það lofar góðu fyrir framhaldið.

„Hann á eftir fá að fullt af spiltíma og vera í lykilhlutverki þarna. Þetta er gott skref fyrir hann, gott lið og metnaðarfullur þjálfari [Ronald Koeman]. En við erum ánægðastir með að þessi félagaskiptasaga sé búin og óvissunni sé lokið. Hann byrjaði vel, með marki og góðri spilamennsku,“ sagði Heimir sem býst við því að stuðningsmenn Everton taki ástfóstri við Gylfa.

„Ég er 100% viss um að stuðningsmenn Everton eiga eftir að elska hann. Þetta er verkamannalið og stuðningsmennirnir vilja að leikmennirnir séu vinnusamir og það er Gylfi svo sannarlega. Ég veit að íbúar Liverpool eiga eftir að elska hann, allavega þeir bláu.“

**Inkasso-deildin:**

**HK - Haukar 2-0**
1-0 Bjarni Gunnarsson (45.), 2-0 Reynir Már Sveinsson (77.).

**Fram - Fylkir 1-5**
1-0 Hlynur Magnússon (5.), 1-1 Albert Ingason (19.) 1-2 Andri Jónsson (27.), 1-3 Albert Ingason (29.), 1-4 Ásgeir Arnþórsson (41.), 1-5 Albert Ingason, víti (56.).

**DEMBELE Á LEIÐ TIL BARCA**
Barcelona gengur betur að kaupa Ousmane Dembele frá Borussia Dortmund en félaginu hefur gengið að kaupa Philippe Coutinho frá Liverpool.
Liverpool vill ekki selja Philippe Coutinho en Borussia Dortmund virðist vera tilbúið að láta Ousmane Dembele frá sér fyrir 150 milljónir evra. BBC segir frá.
Dembele er því á góðri leið með að verða næstdýrasti knattspyrnumaður sögunnar á eftir Neymar sem Paris Saint Germain keypti frá Barcelona fyrir 220 milljónir evra.

**STJARNAN Í BANASTUÐI**
Stjörnukonur buðu upp á aðra markaveisluna í röð í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í Króatíu í gær þegar Garðabæjarliðið vann 11-0 sigur á ZFK Istanov frá Makedóníu.
Þetta er stærsti sigur íslensks liðs í Evrópukeppni frá upphafi en gamla metið fyrir Evrópukeppnina í ár var 9-0 sigur Valskvenna á ísraelska liðinu Maccabi Holon árið 2008. Stjarnan jafnaði metið í fyrsta leiknum í riðlinum og bætti það síðan í kvöld.
Þetta er líka í fyrsta sinn sem íslenskt lið skorar meira en tíu mörk í einum og sama Evrópuleiknum.
Stjarnan vann 9-0 sigur á færeyska liðinu frá Klaksvík í fyrsta leik sínum í riðlinum og hefur þar með skorað tuttugu mörk í fyrstu tveimur leikjum sínum.
Síðasti leikurinn á móti heimastúlkum í Osijek verður hreinn úrslitaleikur um sæti í 32 liða úrslitum Meistaradeildarinnar.



## Í dag

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 08.55 | F1: Æfing | Sport 2 |
| 11.20 | Bournem. - Man. City | Sport |
| 11.50 | F1: Tímataka | Sport 2 |
| 13.25 | Augsburg - Mönchen. | Sport |
| 16.10 | Alaves - Barcelona | Sport 4 |
| 16.20 | Man. Utd - Leicester | Sport |
| 16.25 | Dortmund - Hertha | Sport 2 |
| 17.00 | Northern Trust | Golfstöðin |
| 18.00 | Huddersf. - Southa. | Sport 2 |
| 18.30 | Palace - Swansea | Sport 3 |
| 19.00 | Opna kanadíska | Sport 4 |
| 19.40 | Watord - Brighton | Sport 2 |
| 22.00 | Newcastle - W. Ham | Sport 2 |
| 00.40 | Mayweat. - McGregor | Sport |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | F1: Keppni | Sport 2 |
| 12.20 | WBA - Stoke | Sport 3 |
| 12.20 | Chelsea - Everton | Sport |
| 14.50 | Liverpool - Arsenal | Sport |
| 16.00 | Northern Trust | Golfstöðin |
| 16.45 | Grindavík - KR | Sport 2 |
| 17.00 | Messan | Sport |
| 17.00 | Tottenham - Burnley | Sport 3 |
| 19.00 | Opna kanadíska | Sport 4 |
| 19.00 | Stjarnan - FH | Sport |
| 20.10 | R. Madrid - Valencia | Sport 2 |
| 21.15 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 22.40 | Síðustu 20 | Sport |


Ford
KA+
KA+
SNJALLASTUR
Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra akstursegiginleika, notagildi og Ford gæði.
26.473 kr.
á mánuði
· Miðað við 90% Lykillán
· Kaupverð 1.790.000 kr.
· Útborgun 179.000 kr.
· Vextir 8,4%
· Lánstími 84 mánuðir
· Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,11%
Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki
VERÐ FRÁ:
1.790.000 KR.
LÆKKAÐ VERÐ!
Ford
Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

NÝR RANGE ROVER VELAR

# MYND SEGIR MEIRA EN ORÐ

landrover.is



Verð frá 9.990.000 kr. Velar á mynd er FIRST EDITION útgáfa: Touch Pro Duo afþreyingarkerfi með tveimur 10" snertiskjám, 8 þrepa sjálfskipting, fjórhjóladrif með virkri togstjórnun, eldsneytisnotkun frá 5,4 l/100 km*, $CO_2$ frá 142 g/km.

FRUMSÝNING Í DAG KL. 12–16

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Svíar eru með allt á hreinu

Sænsk áhrif aukast enn á Íslandi með opnun H&M. Hér á landi eru fyrir þó nokkuð mörg sænsk fyrirtæki. Liselotte Widing sem starfar í sænska sendiráðinu og Yesmin Olson matgæðingur eru báðar sænskar og eiga það sameiginlegt að hafa búið á Íslandi í um tvo áratugi. Þær deila með lesendum því hvað einkennir sænska þjóðarsál.

Liselotte Widing starfar sem sérfræðingur í sænska sendiráðinu Íslandi. Hún hefur búið hér á landi í tuttugu ár. „Ég bjó í Stokkhólmi en er frá Vestur-Svíþjóð. Ég féll strax kylliflöt fyrir Íslandi, hér er náttúran svo mögnuð og fólkið gott,“ segir Liselotte. „Fyrstu árin saknaði ég helst matarmenningarinnar í Svíþjóð. Matarúrvalið í verslunum hér var lítið en það hefur batnað og íslenska lambakjötið er í uppáhaldi,“ segir hún. „Ég hugsa að kjötbollurnar megi telja þjóðarrétt Svía. Það er nú bara þannig að þær eru enn á borðum Svía svo það er engin klisja, bætir hún við og telur einnig upp týtuberjasultu, ferska fiskrétti og prinsessuköku sem er rjómaterta með marsipani á svamptertubotni.

*Svíar segja stundum: Svona gerum við í Svíþjóð! Er þetta lýsandi?*

„Nei, þetta hljómar mjög illa. Mun verr nú þegar ég bý hér og hef fjarlægð á hlutina. Þetta orðatiltæki þýðir eiginlega ekki neitt. Þetta er sagt án meiningar,“ segir Liselotte og hlær.

*En eru þeir glaðlyndasta Norðurlandaþjóðin?*

„Íslendingar eru glaðlyndastir. Þeir nota tækifærið og njóta lífsins. Eru duglegri við það en Svíar. Íslendingar eru skemmtilega hvatvísir og lenda í fleiri ævintýrum. Svíar eru skipulagðir og þurfa oft að kíkja á dagatalið,“ segir Liselotte kankvís. „Við þurfum að hafa allt í „ordning“. Við gerum færri hluti en kjósum að gera þá vel. Hér á landi er aftur á móti allt hægt. Hugmyndaauðgin er mikil og Íslendingar drífandi. Hér er góð hugmynd metin að verðleikum á meðan Svíar velta því fyrir sér hvað gæti farið úrskeiðis.“

Í starfi sínu í sendiráðinu segist hún verða vör við aukin viðskipti Svía hér á landi. „Það er ekki bara H&M og IKEA. Indiska, Polarn&Pyret mætti nefna. Þá er Volvo stórt merki hér á landi. Svíar treysta Íslendingum augljóslega vel, til marks um það þá er IKEA verslunin rekin með sérleyfi hér á landi. Það eru aðeins tíu slíkar verslanir í heiminum,“ segir Liselotte.

Yesmin Olson hefur búið á Íslandi í átján ár. Hún er frá Skáni í Suður-Svíþjóð. „Þegar ég flutti hingað þá saknaði ég helst Marabou súkkulaðisins. Aðvitað er íslenska súkkulaðið gott en manni líkar best það sem maður er vanur,“ segir Yesmin sem er alsæl með að geta nú keypt Marabou súkkulaði í nokkrum verslunum á Íslandi. „Nú sakna ég stundum kyrrðarinnar sem ríkir í sænsku skógunum og fjörunnar við strendur Svíþjóðar. En ég kann líka að meta íslenska náttúrufegurð. Þetta eru ólík lönd.

Ég sakna stundum líka matarhefða Svía í kringum stórhátíðir. Ég tek líka undir með Liselotte og nefni kjötbollurnar sem þann rétt sem Svíum líkar best. Hann er oft á borðum enn þann dag í dag,“ segir hún.

Yesmin tekur undir með Liselotte og segir helst einkenna Svía hvað þeir eru skipulagðir. „Ég er nú ekki mjög sænsk á þennan máta,“ segir Yesmin glaðlega. „Íslendingar eru hvatvísari og kannski þurfum við að læra aðeins af Svíum. En samt fíla ég þessa orku sem ríkir á Íslandi. Hvað við erum drífandi og dugleg. Við getum alltaf talað saman og fundið leiðir til að leysa málin.“

kristjanabjorg@frettabladid.is






**VIÐ ÞURFUM AÐ HAFA ALLT Í „ORDNING“. VIÐ GERUM FÆRRI HLUTI EN KJÓSUM AÐ GERA ÞÁ VEL. HÉR Á LANDI ER AFTUR Á MÓTI ALLT HÆGT. HUGMYNDAAUÐGIN ER MIKIL OG ÍSLENDINGAR DRÍFANDI.**

Liselotte Widing

**NÚ SAKNA ÉG STUNDUM KYRRÐARINNAR SEM RÍKIR Í SÆNSKU SKÓGUNUM OG FJÖRUNNAR VIÐ STRENDUR SVÍÞJÓÐAR**



Yesmin Olson

## Um helgina, af hverju ekki að...



### LESA BÓNUSLJÓÐ

44% meiri Bónusljóð. Bónusljóð eftir Andra Snæ Magnason hefur verið endurútgefin. En ætlar *Andri Snær ekki að semja Costco ljóð?* „Alls ekki, þeir sérhæfa sig í gíröffum, frekar að stefna að H&M í 100 metra ljóði,“ segir hann. .

### FARA Í SUND

Eins og forstjórinn Karl Johan sem er staddur hér á landi í tilefni opnunar H&M mun ef til vill gera. „Ég hef aldrei áður komið til Íslands og hlakka mikið til, ég stoppa stutt, hvað á ég að gera?“ spyr hann og fær ráð um að skella sér í sund með heimamönnum og í fjallgöngu sem hann þiggur með þökkum.



### HLUSTA

á Sverri Guðjónsson lýsa góðlátlegri innrás Frakka í Grjótaþorpið í kjölfar stúdentauppreisnarinnar í París. „Ég fjalla í nýjum útvarpsþáttum á RÚV um þennan merkilega tíma. Grjótaþorpið var þá í niðurníðslu en ungir Fransmenn og aðrir útlendingar fengu inni í leiguhúsnæði í eigu Silla og Valda, matarkeðju þess tíma,“ segir Sverrir.



### HLÝÐA Á YEONMI

„Helgin einkennist aðallega af afmælum góðs fólks. Inn á milli afmæla mun ég stússast í sófakaupum, hefðbundnum sundferðum og vinnumálum. Er svo sérstaklega spennt fyrir fyrirlestri norðurkóresku flóttakonunnar Yeonmi Park sem haldinn er í dag,“ segir Hildur Sverrisdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks.



*Besta eignastýringin í flokki hlutabréfa að mati World Finance*




*Við tökum stolt við viðurkenningu World Finance sem valdi Kviku besta eignastýringarfyrirtæki Íslands í flokki hlutabréfa 2017. Síðastliðin þrjú ár höfum við hlotið sömu viðurkenningu í sameiginlegum flokki hlutabréfa og skuldabréfa.*

KVIKA

kvika.is



**Bataferli í kringum áföll af mannavöldum er erfitt að sögn séra Vigfúsar Bjarna Albertssonar sjúkrahúsprests, sem hefur aðstoðað fjölskylduna frá upphafi í vetur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



# Illskan og hugrekkið til að sýna kærleik

Séra Vigfús Bjarni Albertsson hefur stutt fjölskyldu Birnu heitinnar Brjánsdóttur frá því í vetur. Hann segir hvort tveggja mikilvægt að: Að horfast í augu við illsku og hafa hugrekki til að sýna kærleika. Móðir Birnu, Sigurlaug Hreinsdóttir, vill að þjóðin varðveiti minningu Birnu í málsmeðferðinni.

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson starfar sem sjúkrahúsprestur á Landspítalanum. Hann er landskunnur frá því hann tók ákvörðun um að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands á síðasta ári. Færri vita að hann starfaði um árabil sem lögreglumaður með námi. Í starfi lögreglumannsins fann hann fyrir löngun til að þjóna fólki í erfiðum aðstæðum. Verða því að gagni. Hann fylgdi löngun sinni og tók M.th.-próf í sálgæslu frá Luther Seminary í St. Paul í Bandaríkjunum. Hann hefur frá því hann hóf störf sem sjúkrahúsprestur árið 2005 öðlast víðtæka reynslu af því að starfa með foreldrum sem misst hafa barn.

„Ég fékk símhringingu frá lögreglustjóranum um kvöld í vetur. Þá var hafin leit að Birnu heitinni og ég beðinn um að hjálpa fjölskyldu hennar í þessum erfiðu aðstæðum. Ég hef fylgt fjölskyldunni síðan þá,“ segir Vigfús. „Lögreglan finnst mér hafa staðið sig vel, verklagið einkenndist af auðmýkt gagnvart aðstandendum. Ég fann fyrir mikilli hlýju og getu til að hlusta.“

Í vikunni sendi hann frá sér orðsendingu á Facebook að beiðni foreldra Birnu. Vigfús minnti á að sumar lýsingar sem fram koma í meðferð máls Birnu væru þess eðlis að þær ættu ekki erindi við almenning. Þær yllu óbærilegum sársauka og sköpuðu hryllilegar myndir í hugskoti fjölskyldumeðlima. Vigfús kom þeirri ósk foreldranna áleiðis að fjölmiðlar fari gætilega í lýsingum sínum.

„Bataferli í kringum áföll af mannavöldum eru erfið. Ég held að fólk skilji vel þessa beiðni, þau eru ekki að biðja um að atvikum sé leynt eða því sleppt að fjalla um þau. Þau biðja einfaldlega um að þær upplýsingar sem eigi alls ekki erindi við almenning rati ekki í fréttir. Fjölmiðlar hafa frá upphafi staðið sig ákaflega vel og fjölskyldan kann að meta starf þeirra í heildina. Það eru margar hliðar á þessu og það sem er mikilvægt er að frá byrjun upplifðu ástvinir Birnu samhug og stuðning þjóðarinnar.

**Fín lína**

Fjölmiðlar og lögregla unnu ákaflega vel saman að því að veita upplýsingar um málið. Birna varð stúlkan okkar. Skyldu fjölmiðla sinntu blaðamenn í heildina vel. Við verðum samt öll að geta tekið gagnrýni. Það sem er erfitt núna er að heyra grafískar lýsingar sem eru aukaatriði málsins og atvika en auka mjög á hrylling ástvina sem ímynda sér síðustu stundir dóttur sinnar. Þetta er fín lína sem er auðvelt að fara yfir,“ segir Vigfús. „Það er bæði mikilvægt að horfast í augu við illskuna. Fjalla um hana og hafa hugrekki til að sýna kærleika. Að gera ekki meira en okkur ber skylda til. Að særa ekki að óþörfu. Við þurfum öll að æfa okkur í þessu,“ segir Vigfús.

> **VIÐ VERÐUM SAMT ÖLL AÐ GETA TEKIÐ GAGNRÝNI, ÞAÐ SEM ER ERFITT NÚNA ER AÐ HEYRA GRAFÍSKAR LÝSINGAR SEM ERU AUKAATRIÐI MÁLSINS OG ATVIKA EN AUKA MJÖG Á HRYLLING ÁSTVINA.**

„Álagið er mikið núna og sérstaklega þegar upplýsingar koma fram við málsmeðferðina sem fjölskyldan heyrir í fyrsta sinn,“ bætir hann við.

Vigfús nefnir að bataferli í kringum áföll af mannavöldum séu erfið. „Það er einhver manneskja sem er völd að missinum og sorginni og því fylgir tilfinning að hafa ekki stjórn. Það er virkilega erfitt.“

Starf Vigfúsar í aðstæðum sem þessum er víðtækt. „Ég hjálpa ➡




**Litríkt listalíf og hagstætt verð**
Það er fátt skemmtilegra en að fara til Berlínar þessa dagana. Borgin er kraumandi, alþjóðlegur suðupottur af listum og menningu sem enginn verður svikinn af.

Fyrsta flug til Berlínar verður þann 3. nóvember nk. og flogið verður þrisvar í viku fyrst um sinn – á föstudögum, sunnudögum og mánudögum. Sala farmiða hefst 25. ágúst 2017.

+ icelandair.com

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85546 08/17



**Sigurlaug Hreinsdóttir, móðir Birnu, og María Bjarnadóttir, vinkona hennar, ræða málin. Þær eru sammála um að vilja varðveita minningu Birnu á meðan á málsmeðferðinni stendur.**

**„Síðustu dagar hafa verið erfiðir, mikið af upplýsingum og ofgnótt frétta. Í öllu þessu er minning Birnu fjarlæg. Þetta er of mikið. Að sama skapi þá er mér mikilvægt að fá lokun. Þetta er bara mjög erfitt og flókið,“ segir María.**

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

fólki að vera saman í svona erfiðum aðstæðum. Að vinna með þá þætti sem geta hjálpað fjölskyldunni. Við erum ólíkir einstaklingar og þegar áföll verða þá bregðumst við misjafnlega við. Þegar áfall verður þá þarf að fara fram markviss vinna í að halda fjölskyldukerfinu saman.“

**Missir aldrei vonina**

Vigfús starfaði sem lögreglumaður með námi í fimm ár frá árinu 1997. „Ég eignaðist marga góða vini í lögreglunni sem vinna við krefjandi aðstæður, þurfa bæði að huga að sálgæslu og viðbrögðum. Starfið hvatti mig til að fara og læra meira um sorgarferlið. Ég hélt því til framhaldsnáms í Bandaríkjunum og hóf störf á Landspítalanum eftir námið. Starfið felst í viðtölum á daginn og það er mjög mikið sótt í þessa þjónustu. Við erum átta talsins sem störfum á Landspítalanum. Við erum líka til taks á næturnar og skiptumst á vöktum. Svo fylgjum við eftir fólki og fjölskyldum, það er mjög misjafnt til hversu langs tíma. Sorgarferlið og bataferlið sem slíkt er mjög misjafnt. Þetta eru einstaklingar sem eru að fá erfið tíðindi, takast á við eigin dauða eða sinna nánustu. Makar, börn og foreldrar. Þetta geta verið óvæntir atburðir eins og slys, veikindi eða glæpamál. Ég hitti fólk grímulaust að takast á við stærstu verkefni lífsins,“ segir Vigfús sem segir að í slíkum aðstæðum þurfi sjálfskoðunin að vera ítarleg. „Ég er í návígi við manneskjuna og maður lærir mikið um sjálfan sig og mannsandann. Hvers hann er megnugur. Ég dáist að fjölskyldu Birnu, foreldrum hennar og bróður. Þau hafa sýnt svo mikinn styrk. Ég hef verið mikið í kringum foreldra sem hafa misst börn sín. Það er það allra erfiðasta að takast á við í þessu starfi. Þjáning þeirra snertir mig. Maður kynnist fólki mjög náið. Um leið og ég verð dofinn, þá get ég ekki lengur hjálpað. Ég vona að það verði aldrei svo,“ segir Vigfús.

Hann hefur aldrei misst vonina eða trúna á að fólk geti komist yfir áföll eins og að missa barn. „Fólk er svo stórkostlegt, það hefur svo mikla vaxtarmöguleika. Í þessu starfi hef ég séð fólk vaxa og batna. Maður fær svo jákvæða sýn á manneskjuna og mátt kærleikans.“

Hann gætir að sjálfum sér í erfiðu starfi. „Maður þarf að vera vakandi fyrir sjálfum sér. Ég er mikið náttúrubarn og sæki í náttúruna. Ég reyni að varðveita það einfalda í lífinu. Það er mikilvægt. Í öllu því sem er erfitt þá er mikilvægt að maður nái að tengjast sjálfum sér, nái svo að tengjast öðru fólki og á endanum nái að tengjast tilgangi sínum. Þessi tenging er okkur öllum mikilvæg og er líka leiðarvísir í bataferlinu,“ segir Vigfús. „Áföll rjúfa tengsl og maður vill að fólk nái tengslum aftur. Bati er langt ferli sem er fram og aftur. Í nútímanum getum við verið óþolinmóð. Við höldum að allt eigi alltaf að vera í lagi og okkur eigi að líða vel. En það er ekki þannig, við getum lifað með áföllum og erfiðum hlutum. Lífið er gott þótt við finnum til sársauka.“

**Í FYRSTA SINN FANNST MÉR ÉG GLATA TENGSLUM VIÐ ÞESSA FEGURÐ OG MINNINGU BIRNU. ÞAÐ ER FLÓKIÐ OG ERFITT ÞVÍ FJÖLMIÐLAR HAFA STAÐIÐ SIG SVO VEL. ÞETTA VAR BARA OF MIKIÐ OG ÉG ÁKVAÐ AÐ VERA EKKI RADDLAUS. ÉG ÁKVAÐ FREKAR AÐ LÁTA VITA AF ÞVÍ HVERNIG MÉR LEIÐ.**

Vigfús minnir aftur á að við verðum að horfast í augu við illskuna. „Mannskepnan getur gert alveg svakalega hluti. Hún getur bæði geymt grimmd og kærleika. Við eigum ekki að sætta okkur við tilvist illskunnar. Með því að viðurkenna grimmd, óréttlæti, illsku þá berjumst við á móti henni. Við þurfum að hafa hugrekki til að nefna illskuna á nafn. Þá erum við líka betur í stakk búin til að ganga fram og ávarpa kærleikann af hugrekki. Kærleiki krefst líka hugrekkis rétt eins og baráttan við illskuna.“

Hann skilur viðleitni fólks til þess að lýsa málsatvikum í smáatriðum. „Þetta er mjög vel þekkt þegar kemur að dauðanum og stýrist af hræðslu okkar við hann. Okkur finnst við ráða betur við að skýra hluti með því að lýsa þeim í smáatriðum. En stundum gleymum við okkur, gleymum að á bak við lýsingar á líkamspörtum eru sögur, tilfinningar, ástvinir. Þetta verður óraunverulegt fyrir fólki. Það dettur úr tengslum. Það stendur þó upp úr öllu saman velvilji allra og samúð gagnvart ástvinum,“ segir Vigfús Bjarni og bendir á að það sé mjög mikilvægt foreldrum hennar, og í raun ástvinum allra sem verða fyrir erfiðum missi, að halda minningu þeirra sem látast á lofti. Að persónuleiki hennar og atgervi verði framar í hugskoti fólks en illdæðið sem var framið á henni.

**Þurfti að láta vita**

Eftir ráðum Vigfúsar segir móðir Birnu, Sigurlaug Hreinsdóttir, blaðamanni frá sjónarmiðum sínum og deilir minningu Birnu.

Frá upphafi ákvað Sigurlaug, sem alla jafna er kölluð Silla, að ganga í gegnum erfiðleikana með styrkleika Birnu í huga. „Birna var svo hugrökk og sagði alltaf það sem henni bjó í brjósti á yfirvegaðan hátt. Hún bjó yfir þessum einstaka eiginleika sem ég ákvað að halda í heiðri allan þennan tíma. Fegurðin í minningu hennar hjálpar mér. Ástin til hennar stýrði mér og kom mér í gegnum erfiðustu vikur lífs míns,“ segir Silla.

„Þess vegna fannst mér svo erfitt að verða reið yfir fréttum af málsmeðferðinni. Í fyrsta sinn fannst mér ég glata tengslum við þessa fegurð og minningu Birnu. Það er flókið og erfitt því fjölmiðlar hafa staðið sig svo vel. Þetta var bara of mikið og ég ákvað að vera ekki raddlaus. Ég ákvað frekar að láta vita af því hvernig mér leið og fékk Vigfús til aðstoðar. Annars hefði ég bara endað á geðdeild, ég þurfti að bjarga sálinni. Fyrir öðrum verða atburðirnir fjarlægari en fyrir okkur eru þeir alltaf persónulegir. Ég vil ekki að eiginleikar hennar gleymist. Mér er það mjög mikilvægt að fólk minnist hennar. Hvernig hún var þegar hún var á lífi en ekki með hvaða hætti hún dó,“ segir hún.

Æskuvinkona Birnu, María Bjarnadóttir, er stödd heima hjá Sillu á meðan blaðamaður sækir hana heim. Vinir og kunningjar Birnu hafa verið gestir á heimili Sillu síðustu mánuði. Nokkuð sem Sillu þykir vænt um. Hún skartar nú sama húðflúri og dóttir hennar bar á handlegg. „Hann flúraði líka Birnu og sagði að ég væri líklega elsti viðskiptavinurinn,“ segir hún frá.

María tekur undir með Sillu um minningu Birnu. „Það er mikilvægt að fjarlægjast ekki líf Birnu þótt hún sé látin. Síðustu dagar hafa verið erfiðir, mikið af upplýsingum og ofgnótt frétta. Í öllu þessu er minning Birnu fjarlæg. Þetta er of mikið. Að sama skapi þá er mér mikilvægt að fá lokun. Þetta er bara mjög erfitt og flókið,“ segir María.

„Mér finnst þetta svo lýsandi sem systir mín segir hér um hana Birnu,“ segir hún Silla og les orðsendingu í tölvunni frá systur sinni um Birnu: „„Hún var yfirveguð, róleg og mjög sjálfstæð. Hún vissi hvað hún vildi. Þegar hún var lítil þá var hún óhrædd og ófeimin. Minnti mig á þig á sama aldri.“ Þetta er alveg rétt sem systir mín segir,“ segir Silla. „Hún lét það vel í ljós ef henni líkaði vel við einhvern. Hún lét aldrei hafna sér. Manstu hvernig þið kynntust til dæmis?“ spyr Silla Maríu.

María brosir. „Vilt þú segja frá,“ biður hún Sillu.

„Já, ég skal byrja,“ segir Silla. „Þær bjuggu í Safamýrinni og þekktust frá fjögurra ára aldri. Þær urðu strax nánar vinkonur, eins og systur nánast. Ef það slettist upp á vinskapinn þá var það allt í lagi.“

María tekur við. „Ég var langrækin þegar ég var lítil,“ segir hún. „Ef svo mætti kalla. Ef þú gerðir eitthvað sem mér líkaði ekki, þá var ég ekkert að fara að fyrirgefa það. Birna tók það hins vegar ekki í mál. Hún var búin að einsetja sér að verða vinkona mín. Við bjuggum á móti hvor annarri. Stundum fór ég út að labba með hunda nágrannanna. Þá kallaði hún á eftir mér, elti mig. Kallaði á eftir mér, María, María, komdu og talaðu við mig! Hún var bara búin að velja mig. Og þannig var hún. Hún valdi vel sína vini og var góður vinur.“

„Þegar vinkonur þroskast saman þá verður vináttan svo sterk og náin. Það slettist ekki oft upp á vinskapinn,“ segir Silla.

„Þegar við vorum orðnar eldri þá rifumst við eiginlega ekki. Við bara ræddum málin og leystum þau. Ef við rifumst þá var það í góðu, svipað og er kannski hjá systkinum,“ segir María.

„Vilji Birnu var svo sterkur. Ég vil að fólk minnist þess,“ segir María. Ég tek það svolítið með mér. Ég vil líka vera óhrædd við að segja meiningu mína,“ segir hún og Silla tekur undir: „Hún sagði mjög skýrt hvað hún vildi. Líka hvað hún vildi ekki. Ef við vorum ekki sammála um hvað hún ætti að velja í lífinu þá tæklaði hún það mjög vel. Ég gat alveg sagt það sem mér fannst. Hún leyfði mér alveg að segja það en það hafði ekki beinlínis áhrif á hennar ákvörðun.

Hún hafði áhuga á mörgu. Hana langaði eitt sinn að fara og læra leikhúsförðun. Hún var flink í því,“ segir Silla en í stofunni er snyrtiborðið hennar Birnu. „Hún var að stefna á það, hún var samt ekki alveg komin með beina línu hvað hana langaði að gera. Hún vildi fá lengri tíma til að hugsa það. Hún var alltaf að koma á óvart.“

Þær Silla og María enda á léttu nótunum um Birnu og brosa að minningunni um hana og köttinn hennar, Dreka. „Úff, Birna var mikill dýravinur og vildi eignast kött. Hún gafst aldrei upp þegar hún vildi eitthvað og fékk köttinn Dreka fyrir þremur árum. Þessi köttur var algjör óhemja og við vorum öll skíthrædd við hann,“ segir Silla og hlær. „Já, allir voru hræddir við Dreka nema Birna og bróðir hennar. Hann réðst bara á mann upp úr þurru og var hrikalegur. En Birna sagði þá bara: Æi María, hættu að stríða kettinum! Það var sko aldrei hann. Heldur við að ögra kettinum. Dreki var bara eins og barnið hennar og mátti allt.“

„Hennar sterkustu eiginleikar voru líka hvað hún var fyndin,“ segir María. „Húmorinn hennar var svo sérstakur og skemmtilegur, það var það sem mér fannst einkenna hana.“

SsangYong

# 4x4

## REXTON – ALVÖRU JEPPI!




**VERÐ FRÁ: 4.990.000 KR.**

## GERÐU SAMANBURÐ Á VERÐI OG BÚNAÐI

**Verið velkomin í reynsluakstur!** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



EKKI MISSA AF ÞESSUM FRÁBÆRU TILBOÐUM
40% afsláttur
FULLT VERÐ: 4.995
2.995
KUBU SPEGILL
Stærð: Ø63 sm.
Vnr. J09151410
HANDKLÆÐAMARKAÐUR
NÚ VERÐ FRÁ:
200
50% afsláttur
HANDKLÆÐI
Vnr. 340347001
37444001
62% afsláttur
FULLT VERÐ: 3.995
1.495
JENNY GÓLF-SKRAUTHILLA
Hæð 118 sm.
Vnr. HZ1900660
61% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.295
499
SALLY MOTTA
Stærð: 60 x 90 sm.
Vnr. A35717060
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 3.995
1.995
KATRIN ÁBREIÐA
Flott munstur með fjöðrum.
Stærð: 130 x 160 sm.
Vnr. 530-16-1031
ÁBREIÐA
ÖLL SKRIFBORÐ
30% afsláttur
ALLIR SKRIFBORÐSSTÓLAR
30% afsláttur
70% afsláttur
FULLT VERÐ: 199
60
MEMO SPJALD MEÐ KLEMMU
Stærð: 20 sm. Vnr. AAE312770
66% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.495
499
ROOSTER PENINGABAUKUR
Flottur gylltur peningabaukur. St. 26 x 12 x 25 sm.
Vnr. 325-16-1177
60% afsláttur
FULLT VERÐ: 495
199
ÖND ÚR TRÉ
Fæst í tveimur litum.
Vnr. NB1700170, NB1700180
50% afsláttur
King cole
50 GR.
FULLT VERÐ: 469
235
GIZA 4PLY GARN
Fallegt garn fáanlegt í mörgum litum.
Efni: 100% MERCERISED bómull.
50 gr. dokka. Vnr. Y1013-2190
71% afsláttur
FULLT VERÐ: 695
199
JAZ KERTAGLAS
Vnr. HC7200300
ÖLL LEIKFÖNG
Allt að 60% afsláttur
SPACE
2 STK.
40% afsláttur
FULLT VERÐ: 499
299
HREKKJAVÖKU-KUBBAKERTI
Stærð: 6 x 12 sm.
Vnr. 6121711221
6123421230
70% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.595
478
COAT HERÐATRÉ
20 stk. Vnr. VER000914
20 STK. Í PAKKA
ARA FÖNDURVÖRUR
FULLT VERÐ: 349
139
ARA FÖNDURDÚSKAR
Vnr. 110902250
FULLT VERÐ: 349
139
ARA FÖNDUR-KRÍTAR MIÐAR
Vnr. 110902140
FULLT VERÐ: 349
139
ARA FÖNDURPERLUR
Vnr. 110902040
FULLT VERÐ: 399
159
ARA FÖNDUR-MERKIMIÐAR
Vnr. 110902180
60% afsláttur

# ÚTSALA

## SPARIÐ ALLT AÐ

# 80%

**50%** afsláttur

**DARRA GARDÍNA**
Efni: 100% polyester.
Litur: Grábrúnn.
1 vængur í pakka.
Stærð: 140 x 245 sm.
Vnr. 550-34205

FULLT VERÐ: 4.995
**2.495**

FELLIGARDÍNA

**60%** afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:
**250**

**VAGGATEM FELLIGARDÍNA**
Efni: 100% polyester.
Stærðir: 80 x 160 sm. **626** nú **250**
100 x 160 sm. **696** nú **278**
120 x 160 **811** nú **324**
Vnr. 5516921

**50%** afsláttur

FULLT VERÐ: 44.950
**22.450**

**RYSLINGE GLERSKÁPUR**
Stærð: B50 x H190 x D47 sm.
Vnr. 3648344

**70%** afsláttur

FULLT VERÐ: 995
**298**

**KÖRFUR**
3 stk. í setti. Tvær gerðir.
Vnr. 170424630, 170424620

**80%** afsláttur

FULLT VERÐ: 2.495
**499**

**PRIL BOX**
Box með loki.
Stærð: 32 x 26,5
x 20 sm. Vnr.
324-16-1013

**70%** afsláttur

5 STK.

FULLT VERÐ: 995
**295**

**ROLO KANNA OG 4 GLÖS**
5 stk. í setti. Vnr. 321-14-1069

**50%** afsláttur

VERÐ PR. MTR. FRÁ:
**497**

**DEION KAPPI**
Efni: 100% polyester.
Fæst með hvítu eða
svörtu munstri.
Kappi 45 sm. **995** nú **497** pr. mtr.
Kappi 60 sm. **1.295** nú **647** pr. mtr.
Vnr. 550-34264, 550-34265

**50%** afsláttur

FULLT VERÐ: 29.950
**14.950**

**SILKEBORG SKRIFBORÐ**
Flott skrifborð með skúffum.
B120 x H75 x D60 sm.
Vnr. 3697355

Netgíró

**45%** afsláttur

FULLT VERÐ: 26.950
**14.950**

**VIBORG SVEFNSÓFI**
Stærð: B190 x H85 x D100 sm.
Vnr. 3607278

Netgíró

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 30.08.17**



# Þurfum að leggja símanum og taka upp bókina

Rithöfundar, útgefendur og bókaormar kryfja hrun íslenska bókamarkaðarins. **Auður Ava Ólafsdóttir** segir Íslendinga lesa á annan hátt en áður og haldna vissum athyglisbresti. Útgefendur eru á einu máli um að stjórnvöld verði að setja sér skýra stefnu um aðgerðir.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Hvers vegna kaupa Íslendingar færri bækur? Á síðustu sjö árum hefur bóksala dregist saman um 43 prósent. Ýmsar tilgátur eru á lofti um hvers vegna bókamarkaður dregst saman.

Virðisaukaskattur á bækur er talinn fæla frá kaupendur. Samkeppni við snjallsíma, sjónvarp og kvikmyndir er meiri. Aðgengi að annarri dægurmenningu eykst með ári hverju og þá velja æ fleiri að hlusta frekar en lesa.

Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur telur Íslendinga lesa á annan hátt en áður.

„Þeir lesa öðruvísi, meira af einföldum texta með orðaforða upp á 70 orð eins og á Facebook og Trump notar, en minna af bókmenntatextum sem geyma dýpri hugsun og langtum meiri orðaforða."

Hún hefur ekki áhyggjur af aðgengi Íslendinga að bókum og menningararfi. „Nei, aðgangurinn er ágætur en athyglin liggur í augnblikinu annars staðar. Það má kannski kenna það við athyglisbrest."

### Fólk sem les er spennandi

„Einhvern tímann hefði ég svarað að við værum bókaþjóð en ekki endilega bókmenntaþjóð, að við keyptum og gæfum bækur, að við byrjuðum oft á bókum án þess endilega að ljúka við þær. Nú veit ég ekki hverju ég á að svara. Í lífsstílsþáttum sjást engar bækur og manni líður eins og í frystiklefa. Bókaormar eru samt víða."

Auður Ava segir Íslendinga eyða miklum tíma á samfélagsmiðlum. Og líklega meiri tíma en þá grunar.

„Ég legg til að Íslendingar geri eftirfarandi tilraun. Að þeir byrji á því að skrá hvað þeir eyða miklum tíma á dag á samfélagsmiðlum, eins og á Facebook og að skrolla yfir fréttamiðla og bíða eftir nýuppfærðri frétt. Ég legg til að fólk geri það í einrúmi því það gæti fengið taugaáfall.



**Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

### Eins og fimm kókosbollur

Sumir nota þetta sem eldsneyti til að viðhalda reiðinni. Ég held að þetta sé ein meginorsök spennu bæði í samfélaginu og á heimilum. Og hvernig líður fólki á eftir? Eins og það hafi borðað fimm kókosbollur. Daglega. Það þýðir ekki að tuða í unglingnum ef þú ert sjálfur límdur við snjallsímann," segir Auður Ava sem hefur meiri trú á fyrirmyndum.

„Það vekur forvitni og áhuga hjá börnum og unglingum að sjá foreldri lesa. Sá sem les í eina klukkustund á dag getur lesið 50 bækur á ári. Sumir lesa áður en þeir fara til vinnu á morgnana. Það er líka hægt að hafa ljóðabækur í hanskahólfinu og lesa þær í biðröðinni eftir bensíni hjá Costco. Menn verða að ákveða í hvað þeir ætla að eyða lífinu. Börn eru mjög hrifin af því þegar lesið er fyrir þau," segir Auður Ava og segist hafa orðið rithöfundur af að lesa.

„Maður fær allt annan skilning á manninum, heiminum og manni sjálfum af að lesa. Sumar bækur þarf maður að vaxa upp í eins og einhver sagði og það er í lagi," segir Auður Ava og segir sögu af vini sem tók sé frí frá samfélagsmiðlum í sumar af því að hann langaði að lesa meira.

„Það merkilega var, sagði hann, að hann missti ekki af neinu. "

> ÉG LEGG TIL AÐ ÍSLENDINGAR GERI EFTIRFARANDI TILRAUN. AÐ ÞEIR BYRJI Á ÞVÍ AÐ SKRÁ HVAÐ ÞEIR EYÐA MIKLUM TÍMA Á DAG Á SAMFÉLAGSMIÐLUM... ÉG LEGG TIL AÐ FÓLK GERI ÞAÐ Í EINRÚMI ÞVÍ ÞAÐ GÆTI FENGIÐ TAUGAÁFALL.
>
> Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur

### Eiríkur skreppur úr bænum …

Aðspurð um það hvort íslensk stjórnvöld hafa staðið í stykkinu segir hún athyglisvert að stjórnvöld í stærri sambandi er athyglisvert að skoða hvernig stjórnvöld í öðrum löndum bregðast við með því að styrkja bókmenntir og bókmenntaútgáfu.

Sýn málsamfélögum bregðist við með því að styrkja bókmenntaútgáfu. Hér sé það líklega einn maður sem haldi uppi vörnum, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor.

„Menn hafa áhyggjur af áhrifum enskunnar víðar en á Íslandi og í því sambandi er athyglisvert að skoða hvernig stjórnvöld í öðrum löndum bregðast við með því að styrkja bókmenntir og bókmenntaútgáfu. Í málsamfélögum sem telja jafnvel yfir hundrað milljónir er rekin markviss málverndunarstefna. Við erum hins vegar 333.000 manna örreytismálsamfélag og mér sýnist að það sé aðallega einn maður, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, sem haldi uppi vörnum fyrir því að hér sé töluð og skrifuð íslenska. Ef hann skreppur út úr bænum, þá nota menn tækifærið og skipta yfir í enskar auglýsingar. Það er nokkuð ljóst að íslenska ríkið þarf að hysja upp um sig buxurnar. Að afnema virðisaukaskatt á bókum ætti að vera sjálfsagt mál í svo fámennu málsamfélagi. Það gæti verið fyrsta skrefið í átt að einhvers konar menningarstefnu."

### Snobbið að drepa menningu

Stefán Máni rithöfundur telur vandamálið einfalt. „Almenningur hefur smám saman orðið afhuga íslenskum bókmenntum. Samkeppnin frá snjalltækjunum er auðvitað ekkert að hjálpa en ef fólkið í landinu langar ekki að lesa eða hreinlega man ekki eftir því að bækur séu til, þá er baráttan erfið. Það eru vissulega margir sem lesa en ekki endilega íslenskar bækur. Að mínu mati er snobbið að drepa íslenska menningu, þá helst bókmenntir og kvikmyndir," segir Stefán Máni. →

## Ráð frá Bókasafni Kópavogs um lestur

**Ráð til að byrja að lesa meira**

- Taktu frá a.m.k. 30 mínútur á dag til að lesa eitthvað – settu það jafnvel á dagatalið.
- Slökktu á sjónvarpinu.
- Hafðu símann frammi, ekki á náttborðinu þar sem hann er freistandi.
- Farðu fyrr upp í rúm á kvöldin með bók.
- Hafðu með þér bók þegar þú ferð út úr húsi og lestu í strætó, á biðstofunni hjá lækninum eða á kaffistofunni í vinnunni.
- Nýttu Rafbókasafnið og vertu með rafbók í símanum.
- Skelltu hljóðbók í tækið í bílnum.
- Skoðaðu Pinterest-síður um bókalestur – kannski finnur þú bók sem vekur áhuga!

**Að starta bókaklúbbi**

- Bjóddu nokkrum lestrarhestum heim í hvítvín og bókaspjall.
- Farðu á bókasafnið þitt og gefðu þig á tal við gesti sem þú sérð að hafa áhuga á sömu bókum og þú.
- Stofnaðu leshring á Facebook.
- Skoðaðu Good Reads eða Pinterest og finndu fólk sem hefur áhuga á svipuðum bókum.

**Að finna bókaklúbb**

- Talaðu við fjölskyldu, vini og samstarfsfólk og fáðu að vera með í bókaklúbbnum sem þeir eru í.
- Farðu á bókasafnið þitt og spyrstu fyrir um bókaklúbbinn þar.
- Facebook!


theater mogul
kynnir
Bæjarbíó Hafnarfirði
Gamla Bíó Reykjavík
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
OLIVIER AWARDS WINNER
GUINNESS WORLD RECORDS
MIÐASALA Á MIÐI.IS

„Frá því að Laxness fékk Nóbelinn hafa íslenskir höfundar upp til hópa skrifað bækur í þeim tilgangi að fá hól og verðlaun hjá einhverri elítu í stað þess að skrifa fyrir almenning, að föndra við stíl í stað þess að segja sögur,“ segir hann og nefnir að um leið og listamenn missi sambandið við fólkið í landinu, þá hætti almenningur að kaupa bækur og bíómiða.

### Skortur á virðingu

„Þannig grafa listgreinarnar undan sjálfum sér. Ef bækur eru ekki skrifaðar fyrir fólkið í landinu, fyrir hvern þá? Berum virðingu fyrir almenningi – hann borgar launin okkar. Og berum virðingu fyrir þeim listamönnum sem skapa fyrir fólkið í landinu. Þannig verður menning til – þannig snúum við blaðinu við,“ segir Stefán Máni.



**Katrín Jakobsdóttir lestrarhestur og formaður VG.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Lestur er sjálfshjálp

„Ég held við missum svo mikið ef við hættum að lesa því það er svo gaman,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, sem er mikill lestrarhestur og kunnáttukona um bókmenntir.

Katrín er með meistarapróf í íslenskum bókmenntum og hefur kennt bókmenntakúrsa og námskeið um bókmenntir hjá Endurmenntun.

„Við erum búin að vera að tala mikið um það í stjórnmálunum að fólk lesi minna og þá erum við að horfa á börnin. Það held ég að skipti máli. Ég held að stjórnvöld þurfi að koma virkar að stuðningi við bókaútgáfu, ekki síst barnabókaútgáfu, því snemma beygist krókurinn.“

„Bókaútgáfa hefur verið mjög blómleg á jafn litlu málsvæði. En þegar við sjáum bæði stöðuna á bókaútgáfunni og líka merki um að fólk sé að lesa minna þá verða stjórnvöld að koma einhvern veginn að með einhverjum aðgerðum til að styðja við bókaútgáfu og lestur,“ segir Katrín.

„Lestur er að breytast og það er kannski erfiðara að einbeita sér að lestri. Ég held að það skipti miklu máli að gefnar séu út fjölbreyttar og áhugaverðar bækur og við vinnum að því á heimilum og skólum hvernig við getum gert lestur eftirsóknarverðan.

Hún telur mikilvægt að fólk nái djúpri einbeitingu við lestur sem hún telur sálrænt gott fyrir fólk. „Lestur á góðri skáldsögu, þetta er eins og besta sjálfshjálp sem maður getur fengið. Maður lærir svo mikið um sjálfan sig, þetta hefur gildi fyrir það að kynnast sjálfum sér og skilja betur tilfinningar sínar. Þetta er ekki bara spurning um að lesa sér til skemmtunar. Ég held að þetta sé beinlínis mannbætandi,“ segir Katrín.

### Mikilvægt fyrir karla að lesa líka

„Það er oft auðveldara að kveikja á sjónvarpinu eða kíkja aðeins á netið og eyða klukkutíma þar. Þetta þarf að vera svolítið meðvituð ákvörðun hjá fólki að setjast niður og lesa. En það þarf ekki alltaf að kaupa bækur það er hægt að fara á bókasafnið og finna sér eitthvað áhugavert,“ segir Katrín aðspurð um hvernig fólk á fullorðinsaldri geti eflt lestur. Hún segir lykilatriði að finna sér þá eitthvað sem hentar.

„Ég hef verið með hópa þar sem er fólk sem hefur ekki lesið skáldsögu frá því að það var í grunnskóla. Þá hjálpar að gera það með öðrum og tala um bækurnar. Þá held ég líka að sé gott að velja sér þá eitthvað skemmtilegt. Það þarf ekki að vera þungt. Stundum er mjög mikið að gera hjá mér, þá sest ég niður og les bara ljóð því það er svo stutt. Ég les líka mikið af glæpasögum, þær reyna kannski ekki á einhverja sérstaka túlkun,“ segir Katrín.

Að lokum bendir Katrín á að rannsóknir sýni að konur lesi meira skáldskap en karlar. „En ég held það sé mikilvægt fyrir karla líka að lesa skáldskap. Karlar virðast frekar hætta að lesa skáldskap, en þetta er svo mannbætandi, þess vegna held ég að það sé gott fyrir þá að lesa meiri skáldskap.“

### Ráðherra vildi ekki funda

Staðan á íslenskum bókamarkaði þykir mörgum hafa verið fyrirsjáanleg. Í janúar 2014 var skýrslu samráðsnefndar um framtíð bókaútgáfu á Íslandi skilað til Illuga Gunnarssonar, þáverandi menntaráðherra. Í skýrslunni er tiltekið sérstaklega að yfirvöld þurfi að gæta að því að íslenskri bókaútgáfu sé búið hagfellt viðskiptaumhverfi í hagstæðum virðisaukaskatti. Þetta sama ár var virðisaukaskattur hækkaður á bækur. Þvert á varnaðarorð.

„Það var minni en enginn áhugi á skýrslunni í ráðuneytinu á þessum tíma,“ segir Njörður Sigurjónsson, formaður nefndarinnar. Nefndin starfaði lögum samkvæmt og var gert að fjalla um framtíð bókaútgáfu. Nefndin kom saman árið 2013 og á meðan hún starfaði var umræða um hækkun virðisaukaskatts á bækur í samfélaginu. „Skýrslan var ekkert notuð. Það er hefð fyrir því þegar skýrsla er komin út að funda um niðurstöðurnar með ráðherra. En það varð ekki af því,“ segir Njörður sem segist hafa reynt að fá fund með ráðherra. Þá hafi dregist að birta skýrsluna á vef ráðuneytisins.

Þegar skýrslan var skrifuð var ekki komin sú þróun í ljós að bóksala var farin að minnka. Þvert á móti mátti telja hana stönduga. „Við lögðum margt annað gott til, svo sem að prentarfurinn allur verði öllum aðgengilegur á rafrænu formi. Það er fyrirmynd að slíku frá Noregi. Þá lögðum við til að bókaútgáfa nyti stuðnings við að gefa út rafbækur og huga þyrfti vel að útgáfu námsefnis á öllum stigum náms af ríki og sveitarfélögum,“ segir Njörður.

Kristján Þór Júlíusson, núverandi mennta- og menningarmálaráðherra, segist ekki þekkja innihald skýrslunnar frá árinu 2014 þrátt fyrir að hafa skipað starfshóp um sama vanda nýverið. „Ég þekki ekki innihaldið í skýrslunni, þekkingin er hér í ráðuneyti. Eftir samráð við fólk sem þekkir til í þessum geira þá var ákveðið að skipa starfshóp. Það er ýmislegt breytt frá árinu 2014. Það hefur til dæmis orðið breyting í notkun samfélagsmiðla.“

Kristján Þór tekur undir vond áhrif hækkunar virðisaukaskatts á bóksölu. „Þetta hefur ekki haft jákvæð áhrif á bóksölu og ég man eftir varnaðarorðum þáverandi menntamálaráðherra vegna breytinganna,“ segir Kristján Þór, sem segir þó enga vinnu hafa farið fram í þeim efnum að afnema virðisaukaskatt á bækur.

> SAMDRÁTTUR Á LIÐNUM NÍU TIL TÍU ÁRUM ER RÚMLEGA 30 PRÓSENT. ÞAÐ SEGIR SIG SJÁLFT AÐ FYRIR HVAÐA GREIN SEM ER ÞÁ MYNDI SLÍKUR SAMDRÁTTUR TELJAST TIL HRUNS.
>
> Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda



### Að duga eða drepast

Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir orðin tóm ekki duga lengur. Aðgerða sé þörf. „Við getum ekki lengur skipst á, útgefendur og höfundar annars vegar og stjórnvöld hins vegar, að segjast hafa skilning á vandanum,“ segir hann.

„Við erum búin að vara við þessu árum saman og ekki síst í tengslum við hækkun virðisaukaskattsins, staðan þá þegar var orðin grafalvarleg. Nú er að duga eða drepast fyrir íslensk stjórnvöld þegar kemur að íslenskri bókaútgáfu og ef við viljum yfirhöfuð að hjá bókmenntaþjóðinni komi út myndarlegt og gott úrval bóka,“ segir Egill.

### Hrun fyrir hvaða grein sem er

„Samdráttur á liðnum níu til tíu árum er rúmlega 30 prósent. Það segir sig sjálft að fyrir hvaða grein sem er þá myndi slíkur samdráttur teljast til hruns. Íslenskur bókamarkaður og íslensk bókaútgáfa er og var örmarkaður sem má við ákaflega litlu. Það er ljóst að þessi tekjuminnkun sem orðið hefur og sér ekki fyrir endann á getur komið til með að hafa gríðarleg áhrif á bókaútgáfuna. Ég legg hér áherslu á að við sjáum því miður ekki enn fyrir endann á þessum samdrætti. Við höfum ekki enn fundið viðspyrnuna sem flestar greinar íslensks atvinnulífs hafa fundið eftir hrun,“ segir Egill.

### Skattur lækkaður annars staðar

Egill bendir á að virðisaukaskattur hafi verið hækkaður hérlendis á meðan víðast hvar í Evrópu kepptust menn við að lækka virðisaukaskatt á bækur og bókaútgáfu. Egill vísar í skýrsluna frá árinu 2014 um stöðu bókaútgáfu og hvað þyrfti að gera svo vel mætti fara. Hann furðar sig á því að henni hafi verið stungið undir stól. „Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann á vegum hins opinbera ræða þá skýrslu, henni var einfaldlega stungið undir stól. Núna þremur árum síðar er farið fram á nýja skýrslu. Vonandi fer ekki fyrir henni eins og hinni,“ segir Egill.

### Fatamarkaðnum var bjargað

Egill gagnrýnir viðbrögð stjórnvalda við stöðu bókaútgáfu, ekki hafi verið brugðist eins við hjá öðrum atvinnugreinum, til að mynda fataverslun. „Það er ekki langt síðan stjórnvöld sáu ástæðu til að koma fataverslun á Íslandi til hjálpar sem þá hafði þurft að þola töluverðan samdrátt sökum þess að fólk virtist vera farið að kaupa fatnað erlendis í mun meiri mæli. Þá afnámu þau í einum grænum tolla og gjöld af fatnaði. Egill telur að hækkaður virðisaukaskattur eigi svo sannarlega sinn þátt í því að viðspyrna hafi ekki náðst í sölu. „Að sjálfsögðu væri mikil einföldun að halda því fram að virðisaukaskatturinn einn og sér beri þessa ábyrgð alla. En hann er kannski skýrasta dæmi um hvernig ríkið og stjórnvöld hafa nálgast bókaútgáfu á Íslandi í áratugi.

Það þarf að bregðast hratt og vel við. Fljótlegast leiðin og sú sanngjarnasta væri að fara að dæmi Norðmanna og afnema allan virðisaukaskatt af bókum. Einnig þarf ríkið að setja sér bókmenningarstefnu. Hún þarf ekki að vera ýkja flókin en hún gæti orðið leiðarvísir um það hvernig best megi koma íslenskri bókaútgáfu fyrir.“

Egill telur að til að örva bókmenntaáhuga þjóðarinnar mætti koma bókmenntaarfinum á rafrænt form.

### Enn bókaþjóð

Guðrún Vilmundardóttir, eigandi Benedikts bókaútgáfu, segir Íslendinga enn geta kallað sig bókaþjóð. „Bóksala fyrir jólin sýnir að við metum bókina og gefum þeim sem okkur finnst vænt um hana að gjöf. Þetta er fallegur siður og við erum enn heimsmeistarar í að selja ný skáldverk, miðað við höfðatölu. Mér finnst að hér eigi stjórnvöld að taka undir með fólkinu sínu, og sýna í verki að þetta sé eitthvað sem við viljum varðveita.

Mér finnst ég umkringd bókaormum!

Ég þýddi einu sinni bók eftir franskan höfund, Philippe Claudel. Hann kom í upplestrarferð og við lásum upp á Borgarbókasafninu. Rétt þegar við vorum að hefja lesturinn hvíslaði hann að mér: Þú áttar þig á því að ef við værum í París og þetta hlutfall Parísarbúa mætti – þá værum við að fara að lesa upp á Stade de France.“

### Hvar er menningarstefnan?

Guðrún segist ekki þora að spá um þróun á bókamarkaði. „Margir héldu að rafbókin myndi gera út af við hina prentuðu bók. Þessi nýjung tók hluta af markaðnum – en kannski styrkti hún líka að vissu leyti prentverkið í sessi.

Ég þori ekki að spá um þróunina, en trúi því að hvað sem verði skapist ný tækifæri. Nú hljóta vandaðir sjónvarpsþættir til dæmis að vera miklir keppinautar bókarinnar um tíma fólks – en eru þeir bestu ekki byggðir á góðum bókum?“ Guðrún segir stjórnvöld þurfa skýra menningarstefnu.

„Ég lærði í Frakklandi fyrir 20 árum. Frakkar eru með skýra og ákveðna menningarstefnu „til varnar franskri tungu“. Frakkar eru 67 milljónir og finnst aðkallandi að verja tungu sína gagnvart ensku. Við erum 330.000, erum stolt af íslenskunni og köllum okkur bókaþjóð – en hvar er menningarstefnan?

Eitt verður ekki af íslenskum stjórnvöldum tekið, og það eru listamannalaunin. Þau styð ég heilshugar, þar er ákveðin stefna í gangi, sem virkar. Ég óska eftir skýrri stefnu varðandi bókaútgáfu.

Einföld og skýr viljayfirlýsing væri að afnema skatt af bókum. Veita bókasöfnum fjármagn svo þau geti keypt bækur – það er gott fyrir útgáfuna og höfunda og lesendur. Eða veita bókaútgáfu skattaafslátt af framleiðslu, eins og kvikmynda- og tónlistargeirunum.

## Veistu ekki hvar þú átt að byrja í lestri?

Starfsmenn Bókasafns Kópavogs veittu álit og ráð er snúa að lestri.

**Íslenskar og erlendar skáldsögur – mjög eftirsóttar síðastliðna 12 mánuði**




- Litla bakaríið við Strandgötu – Jenny Colgan
- Næturgalinn – Kristin Hannah




- Napólí-sögurnar – Elena Ferrante
- Baltimore-fjölskyldan – Joël Dicker
- Dalalíf – Guðrún frá Lundi

**Íslenskar ævisögur – mjög eftirsóttar síðastliðna 12 mánuði**



- Elly: ævisaga Ellyar Vilhjálms – Margrét Blöndal
- Elsku Drauma mín: minningabók Sigríðar Halldórsdóttur – Vigdís Grímsdóttir




- Heiða: fjalldalabóndinn – Steinunn Sigurðardóttir
- Konan í dalnum og dæturnar sjö: saga Moníku Helgadóttur á Merkigili – Guðmundur Gíslason Hagalín




- Tvísaga: móðir, dóttir, feður – Ásdís Halla Bragadóttir

**Vinsælir rithöfundar sem stoppa lítið í hillunum**




- Auður Ava Ólafsdóttir
- Guðrún frá Lundi
- Jónína Leósdóttir
- Ragnar Jónasson
- Tryggvi Emilsson




KRÓNAN
Bænda markaður
Hjá bónda í gær hjá okkur í dag!
249 kr. kg
Íslenskt hvítkál
579 kr. kg
Íslenskt blómkál og spergilkál
199 kr. pk.
Íslenskir kirsuberjatómatar, 250 g



Leið Yeonmi Park úr ánauðinni og í átt til frelsisins var löng og átakanleg. Í dag ferðast hún um Vesturlönd til að vekja athygli á aðstæðum þeirra sem búa við ofríki Kims Jong Un einræðisherra í Norður-Kóreu. Hún vekur athygli hvar sem hún fer og troðfullur Hátíðarsalur Háskóla Íslands tók á móti henni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þekkti ekki frelsið

Sem barn hafði hin norðurkóreska Yeonmi Park ekki hugmynd um hvað hugtakið frelsi merkti. Hún flúði land með móður sinni. Í Kína voru þær seldar mansali en komust svo heilar á húfi til Suður-Kóreu.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Yeonmi Park er fædd í Norður-Kóreu árið 1993, en flúði með móður sinni til Kína árið 2007. Þar lentu þær í klóm glæpamanna sem seldu þær mansali fyrir andvirði fáeinna þúsundkalla. Þeim tókst að losna úr ánauðinni og með aðstoð kínverskra og suðurkóreskra kristniboða komust þær til Suður-Kóreu tveimur árum seinna til að hefja nýtt líf. Líf þar sem Park gat verið frjáls.

Park vakti heimsathygli þegar hún flutti ræðu á ráðstefnunni One Young World árið 2014 í Dublin á Írlandi. Sagan um flóttann vakti gríðarlega athygli og á tveimur dögum horfðu 50 milljónir manna á fyrirlestur hennar.

Park vekur jafn mikla athygli hér á landi og annars staðar í heiminum því Hátíðarsalur Háskóla Íslands troðfylltist í gær þegar hún sagði sögu sína.

**Í NORÐUR-KÓREU ER ENGINN EINSTAKLINGUR. VIÐ NOTUM EKKI HUGTÖKIN MINNIHLUTAHÓPUR EÐA EINSTAKLINGUR.**

„Ég hafði aldrei heyrt um Ísland í bernsku. Það eru bara mjög fá ríki sem maður heyrir um í Norður-Kóreu. Ég held að ég hafi bara fyrst heyrt af Íslandi á síðasta ári. Ég er enn að læra um fjöldamörg lönd. En einu ríkin sem ég heyrði um í Norður-Kóreu voru Kína, Bandarísku bastarðarnir, Japan og kannski Rússland. Þetta voru kannski fjögur til fimm ríki sem maður fékk að heyra um og maður fékk að heyra að öll hin ríkin í heiminum væru að reyna að ráðast gegn okkur og að við þyrftum sterkan leiðtoga til að verja okkur," sagði Park í fyrirlestrinum í gær.

Hún segir mannréttindi vera fótum troðin í ættlandi sínu. Í raun viti borgararnir ekki hvað mannréttindi eru. „Í Norður-Kóreu er enginn einstaklingur. Við notum ekki hugtökin minnihlutahópur eða einstaklingur. Við vitum bara að við erum uppreisnarmenn. Tilgangur okkar er að þjóna flokknum og að þjóna landinu. Við höfum ekki internet og höfum bara eina sjónvarpsstöð," sagði Park í fyrirlestrinum í gær. Það hefði líka verið mjög sérstök upplifun að koma til Vesturlanda og sjá tímarit. „Við höfum ekkert svoleiðis."

En Park segir að þó að hún hafi þráð að komast frá Norður-Kóreu hafi verið erfitt að venjast frelsinu í Suður-Kóreu. „Ég vissi ekki hvernig ég átti að hegða mér á meðan ég var frjáls. Ég er enn að reyna að átta mig á því hvað það þýðir að vera frjáls. Það er mjög flókið hugtak fyrir mér. Í upphafi þegar ég kom til Suður-Kóreu sagði fólk mér að ég yrði spurð að því hver væri uppáhaldsliturinn minn. Ég vissi ekki hver uppáhaldsliturinn minn var. Í Norður-Kóreu var mér bara sagt að uppáhaldsliturinn minn væri rauður. Litur uppreisnarinnar," sagði hún. Hún hafi hreinlega ekki áttað sig á því að það skipti einhverju máli hvað henni fannst.

Vestrænir fjölmiðlar hafa á undanförnum vikum sagt frá kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu. Park segist óttast þær. „Ég held að við höfum áttað okkur á því hversu hættulegt þetta einræði er. Því enginn getur stoppað einræðisherrann í að búa til þessar sprengjur núna. Ég veit ekki hvað gerist en það sem ég veit er að breytingarnar verða að eiga rót sína hjá fólkinu í Norður-Kóreu. Þær geta ekki átt rót sína annars staðar. Fólkið í Norður-Kóreu verður að skilja að það er þrælar. Fólkið veit ekki að það er þrælar, það skilur ekki að það á að búa við mannréttindi," segir Park. Hún hvetur Íslendinga til að láta sig málefni Norður-Kóreubúa varða.

**Brot úr bókinni Með lífið að veði eftir Yeonmi Park**

## Fjölskyldan ætíð svöng og sá kjúklingavængi í hillingum

Kim Jong Il birti um hver áramót yfirlýsingu sem við þurftum öll að leggja á minnið. Árið 2007 var hún bara meira af því sama: Norður-Kóreubúar eru sterkari, óvinirnir verða sigraðir, efnahagurinn fer batnandi. Við gátum ekki lengur trúað þessum áróðri vegna þess að lífskjörum okkar hrakaði enn. Loks kom að því að foreldrar mínir gátu ekki lengur sætt sig við þetta. Þeir vissu að hér væri engin framtíð fyrir dætur þeirra. Þeir fóru því að ræða um leiðir til að komast burt.



Við þekktum mann sem hafði farið að vinna í Rússlandi. Vinnan var í raun lítið annað en þrældómur. Hann svalt þó ekki og vann sér inn næga peninga til að koma sér upp góðu fyrirtæki þegar hann kom aftur heim. Faðir minn þekkti annan mann sem var sendur til Líbíu með vinnuflokki sem vann fyrir erlendum gjaldmiðli fyrir ríkisstjórnina. Þegar hann kom heim sagði hann að lífið í Líbíu hefði verið afar einmanalegt – hann hitti ekki fjölskyldu sína í þrjú ár. Hann fékk þó að borða. Og stundum borðaði hann jafnvel kjúklingavængi.

Við vorum öll svo svöng að við vildum heyra öll smáatriðin. Hann sagði að Líbíumenn borðuðu mikið af kjúklingi – sem okkur þótti furðu sæta – en yfirleitt ekki allan fuglinn. Þeir skæru vængina af og seldu þá svo ódýrt að jafnvel Norður-Kóreumenn hefðu efni á þeim. Í okkar eyrum hljómaði Líbía eins og paradís. Föður minn hafði langað til að komast til útlanda og finna leið til að senda okkur peninga. Hann hafði aldrei áður gripið tækifærin og nú var það ekki lengur hægt.

Norður-Kóreubúum hefur alltaf verið sagt að útlönd séu óhreinir, ógeðslegir og hættulegir staðir. Verst var Suður-Kórea sem var mannlegur forarpyttur og ekkert annað en fátæk nýlenda bandarísku bastarðanna sem okkur var kennt að hata og óttast. Föður minn hafði aldrei langað til Suður-Kóreu en öðru máli gegndi um Kína. Við gætum átt möguleika ef við næðum að finna leið til að komast yfir ána.

Foreldrar mínir ræddu valkosti okkar í svo lágum hljóðum að mús hefði ekki einu sinni getað heyrt til þeirra. Við áttum einhverja ættingja í Kína en höfðum enga möguleika á að ná sambandi við þá. Við gætum ef til vill fundið þá ef við kæmumst yfir landamærin og beðið þá um hjálp. Við höfðum séð kínverskt sjónvarp og allan munaðinn sem þar var auglýstur. Við þekktum líka fólk sem hafði farið þangað löglega, þar á meðal Park Jin frænda, og allt þetta fólk sagði að Kínverjar hefðu alltaf nóg að borða. Sögusagnir gengu líka um að ungar norðurkóreskar stúlkur gætu auðveldlega fengið þar vinnu. Nokkrar unglingsstúlkur höfðu nýlega horfið sjónum og gengu sögur um að þær hefðu farið til Kína. Kannski gætum við Eunmi líka fengið vinnu. Móðir mín hafði líka heyrt að ekki væri nóg af börnum í Kína og þar sem við systurnar vorum enn ungar gætum við fundið fólk sem vildi ættleiða okkur.



Yeonmi Park og fjölskylda hennar í Hyesan, borg í Norður-Kóreu við landamæri Kína.



Systurnar Yeonmi og Eunmi.



Yeonmi Park með systur sinni og móður.

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST 2017



Fyrr á árinu kom út þriðja breiðskífa Sóleyjar. Hún fylgdi henni eftir með þriggja vikna tónleikaferðalagi um Evrópu. Á morgun kemur hún fram á Gljúfrasteini.

helgin ➔10






Gísli Gíslason er hafnarstjóri Faxaflóahafna. MYND/EYÞÓR

# Heillandi perla við hafið

Reykjavíkurhöfn er 100 ára. Hún er eina höfnin í höfuðborgum Evrópu þar sem enn er lifandi útgerð og fiskvinnsla í bland við iðandi mannlíf og menningu. Saga hafnarinnar er stórbrotin og í sífelldri mótun. ➔2

Framhald af forsíðu ➪

Eftir fárviðri, skipsskaða og manntjón, sem urðu við bæjardyrnar í byrjun tuttugustu aldar, rann aðstöðuleysið við höfnina Reykvíkingum til rifja. Hafnarsjóður hafði að vísu verið stofnaður 1856 en menn veltu lengi vöngum yfir því hvernig og hvar hafnarmannvirkjunum væri best komið fyrir,“ segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, sem eiga og reka Reykjavíkurhöfn, Akraneshöfn, Borgarneshöfn og Grundartangahöfn.

Gísli segir vakningu hafi orðið meðal íslensku þjóðarinnar með tilkomu heimastjórnarinnar 1904.

„Þá fóru landsmenn að taka innviði samfélagsins í eigin hendur og var hafnargerðin stærsta verkefnið sem ráðist var í. Framkvæmdir hófust 1913 og var fyrsti áfangi hafnarinnar tilbúinn í nóvember 1917. Hafnargerðin markaði tímamót fyrir uppgang þjóðarinnar. Til varð flutningafyrirtækið Eimskip árið 1914 og þrátt fyrir fyrri heimsstyrjöldina, harðan vetur og spænsku veikina 1918, kom að því að Ísland varð fullvalda 1. desember 1918. Þar skipti höfnin og aðrir innviðir sköpum og frá þeim tímapunkti fóru menn að taka flugið inn í nútímann; með byggingu brúa, samgöngumannvirkja, skólabygginga og sjúkrahúss.“

Hafnargerðin var stórvirki á íslenskan mælikvarða og réttu verkfærin skorti.

„Fluttar voru inn tvær eimreiðar ásamt miklum gufukrana til að vinna grjót úr Öskjuhlíð. Grjótið var flutt með lestum niður á Granda og Ingólfsgarð þar sem það var höggvið til af verkamönnum sem lögðu á sig ótrúlegt erfiði við hleðslu varnargarðanna. Ekki var mikið umleikis í atvinnulífi Reykvíkinga á þessum árum og varð hafnarvinnan því mikilvægur þáttur í bæjarlífinu þar sem Dagsbrún gerði sína fyrstu kjarasamninga vegna hafnarvinnunnar,“ segir Gísli um ógnarstórt mannvirkið sem margir efuðust um í fyrstu en hefur alla tíð sýnt að margborgaði sig.

## Einstök höfuðborgarhöfn

Hafnargerðin var mikil lyftistöng fyrir höfuðborgina.

„Áður lágu stærri bátar, skip og skútur þar sem kallað er á Ytri höfninni og gátu hvergi lagt að bryggju. Tækin sem notuð voru við hafnargerðina voru með viðkomu í Viðey þaðan sem þau voru flutt á pramma yfir til Reykjavíkur, en annars voru almennar vörur losaðar í smærri báta og landað við bryggjustúfa sem kaupmenn í Reykjavík áttu. Vélbátaöldin var gengin í garð og síðan togaraútgerðin, en Reykjavíkurhöfn var forsenda þess að hér óx gríðarmikil togaraútgerð sem hafði stórtæk áhrif á þróun borgarinnar. Atvinna við höfnina tók flug, í kringum hana uxu og döfnuðu fyrirtæki, og við Bárugötu, Öldugötu, Vesturgötu og fleiri götur í grennd við höfnina spruttu upp fallegar byggingar, enda voru menn fjáðari en áður,“ útskýrir Gísli.

Reykjavíkurhöfn liggur frá allri Örfirisey, meðfram Mýrargötu og Miðbakka, og framan við Hörpu; alls liðlega sextíu hektarar. Höfninni var vel valinn staður út frá mörgum sjónarhornum.

„Höfnin var vel skýld og þjónaði þéttbýlinu sem var að myndast í miðbæ Reykjavíkur. Fram á 7. áratuginn fór allur inn- og útflutningur um höfnina, eða þar til Eimskip og skipadeild Sambandsins fluttu í Sundahöfn.



Reykjavíkurhöfn í byrjun síðustu aldar. Þá lágu stærri bátar, skip og skútur þar sem kallað er á Ytri höfninni og gátu hvergi lagt að bryggju í höfuðstaðnum.



Verkamenn í grjótnáminu í Öskjuhlíð við hafnargerðina 1913-1917.



Það voru stór tímamót þegar bátar og skip gátu loks lagst að bryggju í Reykjavík og við tók öflug togaraútgerð sem hafði mikil áhrif á uppbygginguna í borginni.



Pioneer-eimreiðin sem notuð var til grjótflutninga. Við hlið hennar standa eimreiðarstjórarnir Guðmundur Guðmundsson og Páll Ásmundsson.



Við upphaf hafnargerðarinnar í Reykjavík 1913. Byrjað að leggja Grandagarð.
MYNDIR/ÚR LJÓSMYNDASAFNI FAXAFLÓAHAFNA

Enn standa frystihús við höfnina og þótt menn hafi í þá daga ekki velt vöngum yfir umhverfismálum er vitaskuld hagkvæmt að vera með hafnarstarfsemi sem næst þeim markaði sem hún þjónar. Þannig er Reykjavík eina höfuðborgarhöfn Evrópu þar sem enn er stunduð lifandi útgerð og fiskvinnsla, sem er atvinnu-, menningar- og sögulega mikilvægt að varðveita til lengri tíma.“

## Líflegt á hafnarbakkanum

Reykjavíkurhöfn hefur frá fyrstu tíð þróast í takt við nýja tíma og staðist tímans tönn.

„Margt hefur breyst á heilli öld,“ segir Gísli. „Mesta breytingin varð þegar flutningaskipin fóru yfir í Sundahöfn og breyting á fiskveiðum hefur líka orðið mikil. Smábátum hefur fækkað en togarar orðið stærri og fullkomnari. Eftir sem áður er höfnin góð fyrir þá starfsemi sem hún getur sinnt og í skjóli fiskvinnslu, útgerðar og slippsstarfsemi hefur bæst við hafsækin ferðaþjónusta, skemmtiferðaskip og menning á hafnarbökkunum. Sá aðili sem hefur sennilega verið samfleytt og lengst í Gömlu höfninni er Landhelgisgæslan, sem hefur þar verið með heimahöfn frá árinu 1926.“

Reykjavíkurhöfn er réttnefnd menningarhöfn og hefur áhugi á höfninni og hafnarlífinu vaxið hratt á undanförnum áratug. Gísli segir það fagnaðarefni.

„Hafnarlíf í miðri höfuðborginni er einstakt og heillandi. Í gamla daga var hafnarrúnturinn sjálfsagður hluti af lífinu en nú hefur hann vaknað að nýju eftir að við opnuðum svæði hafnarinnar sem er eðlilegt að almenningur hafi aðgang að. Önnur svæði þurfa að vera lokuð út frá hinni hörðu hafnarstarfsemi sem þar fer fram. Á sjó og landi er höfnin stór þáttur í bæjarlífinu en til að halda sjarmanum þurfum við að vanda okkur með þróun hafnarinnar til lengri tíma.“

## Minningar kvikna og lifa

Formlegur afmælisdagur Reykjavíkurhafnar er 16. nóvember.

„Reykjavíkurhöfn, og frá 1914 Gamla höfnin, var megingátt þjóðarinnar fyrir gesti og utanferðir Íslendinga um aldarskeið. Gullfoss sigldi héðan til Kaupmannahafnar og á hafnarbakkanum gerðust sögulegir viðburðir eins og hernámið, þegar handritin komu heim og svo Nóbelsskáldið árið 1955. Minningarnar er mikilvægt að varðveita og þótt hlutverk hafnarinnar breytist má mikilvægi hennar ekki minnka,“ segir Gísli.

Faxaflóahafnir leggja nú allt kapp á að fá umhverfisvottun á afmælisárinu og innleiða af því tilefni ISO 14001-umhverfisstjórnunarkerfi. Verður Reykjavíkurhöfn fyrsta höfn landsins til að ná þeim áfanga.

„Það er tímanna tákn í hafnarstarfsemi að koma sér í umhverfisvottaða starfsemi, enda koma fá fyrirtæki jafn víða að í umhverfismálum og hafnir. Árlega munum við planta að minnsta kosti hektara af trjám á Grundartanga, en þar er fyrir mikil skógrækt, og við höfum haldið grænt bókhald frá árinu 2006. Þá eru Faxaflóahafnir eitt 130 íslenskra fyrirtækja sem hafa skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsategunda samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Við mælum reglulega sjávargæði og gætum þess að mengandi efni séu ekki látin í höfnina, sem hefur tekist vel. Þá leggjum við metnað í frágang opinna svæða, útblástur skipa og dýpkun hafnarinnar sem fer eftir ákveðnum ferlum,“ útskýrir Gísli.

Faxaflóahafnir og Hafnasamband Íslands hafa einnig skrifað undir áskorun The Arctic Commitment um bann við notkun á svartolíu í Norðurhöfum.

„Svartolía er næsti bær við kol og enn er svartolía á mörgum íslenskum skipum. Útgerðin hefur þó verið nokkuð framsækin því útgerðarmenn skilja að ganga þurfi vel um hafið til að eiga möguleika á nýtingu auðlinda þess. Við munum því sjá fleiri skip sem ganga fyrir fljótandi gasi á næstu árum, og skemmtileg en alls ekki óraunhæf framtíðarsýn eru rafmagnsbátar og væri frábært ef hafsækin ferðaþjónusta og náttúrulífsferðir notuðu báta sem knúnir væru með rafmagni.“

Sjá faxafloahafnir.is til að skoða afmælisdagskrá Faxaflóahafna á afmælisárinu.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** 365 miðlar **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Meltingin miklu betri núna

Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla. Margréti Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original og mælir hún heilshugar með því.


Kolbrún Hlín mælir með Bio-Kult Candéa.


Margréti Fanneyju líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Original.

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og að hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það. „Ég hef alla tíð átt við meltingaróreglu að stríða. Það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða ég hef ekki haldið neinu niðri. Það gerðist svo 2012 að ég hélt bara engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir en ekkert virkaði við þessu,“ lýsir Margrét. Vandamál Margrétar versnaði bara og hún fékk enga lausn. „Ég fór eftir leiðbeiningum um breytt mataræði en vandamálið var enn til staðar.“

Margrét fékk ekki lausn sinna mála fyrr en hún hitti sérfræðing sem hefur reynst henni mjög vel. „Mér var ráðlagt að byrja að taka Bio-Kult Original til að koma meltingunni í jafnvægi og það hefur sko bjargað mér algjörlega. Ég tek eina Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum, ég er allt önnur,“ segir Margrét ánægð í bragði.

### Ánægð með árangurinn

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá BioKult Candéa. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“




### Bio-kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Bio-Kult Original og Bio-Kult Candéa hentar öllum vel, einnig barnshafandi konum, mjólkandi mæðrum og börnum. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha CampbellMcBride.

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR
Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.




40+
FEMARELLE REJUVENATE
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári


Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.




50+
FEMARELLE RECHARGE
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi


Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.




60+
FEMARELLE UNSTOPPABLE
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast – vertu með okkur

Elskaðu.Lifðu.Njóttu. Femarelle® vörulínan

# Kjötsúpan best daginn eftir

**Árleg Kjötsúpuhátíð er haldin á Hvolsvelli um helgina. Gestum er boðið upp á súpu og ýmis skemmtiatriði. Kokkurinn Einar Þór Jóhannsson gefur uppskrift að kjötsúpu sem klikkar ekki.**




Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is


Kjötsúpuhátíðin hefur verið haldin í 15 ár en síðustu fimm ár hafa um tvö þúsund manns tekið þátt í henni. Hún hefst iðulega á súpurölti á föstudagskvöldið þegar heimamenn bjóða í kjötsúpu. Aðal dagskráin fer fram á laugardeginum,“ segir Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi hjá Rangárþingi eystra.

Hún segir heimamenn taka virkan þátt í hátíðinni en einnig mæti margir brottfluttir sveitungar, íbúar úr nágrannabæjarfélögum og auðvitað ferðamenn.

Gestir laugardagsins sem misstu af súpurölti föstudagskvöldsins fá einnig súpu, en Sláturfélag Suðurlands eldar súpu ofan í alla sem vilja.

Ýmislegt verður til gamans gert á hátíðinni í dag. Veitt verða verðlaun fyrir best skreytta



Einar Þór Jóhannsson, kokkur frá Moldnúpi, gefur uppskrift að gómsætri kjötsúpu.

húsið og götuna og frumlegustu skreytinguna. Loftboltar verða á hátíðarsvæðinu, hoppukastalar og hringekja auk þess sem folfvöllur verður vígður.

Meðal skemmtiatriða má nefna Latabæ, Góa og vatnsknattleik en Stuðlabandið verður með krakka- og fjölskyldufjör. Brenna



Keppt verður í vatnsknattleik.

og brekkusöngur er klukkan 21 sem lýkur með flugeldasýningu. Þá tekur við ball með Stuðlabandinu í félagsheimilinu Hvolnum. Á sunnudaginn mun Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri leiða sögugöngu um Hvolsvöll sem hefst við íþróttamiðstöðina klukkan 10.30.

## Stendur alltaf fyrir sínu

Einar Þór Jóhannsson kokkur býr á Moldnúpi undir Eyjafjöllum þar sem hann er einnig fæddur og uppalinn. Þar rekur hann ásamt fjölskyldu sinni ferðaþjónustu og auk þess nokkur kaffihús og gistihús í sveitinni.

Einar þykir mikill matgæðingur og því upplagt að fá hann til að gefa uppskrift að góðri kjötsúpu. „Kjötsúpan stendur alltaf fyrir sínu. Ég hef borðað hana alla tíð og elda hana bæði heima og fyrir gesti mína,“ segir Einar sem notar gamla fjölskylduuppskrift sem hann hefur þróað í gegnum tíðina. „Við notum til dæmis bankabygg sem ræktað er í hér í sveitinni í staðinn fyrir hrísgrjón.“

Hann segir súpuna sívinsæla, sér í lagi meðal ferðamanna. „Það er mikill misskilningur að útlendingum þyki lambakjöt vont. Flestir eru mjög hrifnir af íslenska lambinu en margir þora hins vegar ekki að smakka það því lambið er svo vont úti. Hér heima er miklu minna rollubragð af kjötinu en úti. Þeir sem fást til að smakka það eru mjög sáttir,“ segir Einar og bætir við að galdurinn að góðri kjötsúpu sé að láta hana sjóða nógu lengi. „Svo er hún líka alltaf betri daginn eftir.“



Kjötsúpan stendur alltaf fyrir sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kjötsúpa Einars

- 3 l vatn
- 2,5 kg kjöt á beini
- 400 g rófur
- 200 g gulrætur
- 2 laukar
- 50 g íslenskt bygg
- 1 poki súpujurtir
- Hálfur hvítkálshaus
- Hnefi af sellerí

Fyrst gerir þú þér ferð til næsta bónda sem er í Beint frá býli og færð þér úrvals súpukjöt og keyrir svo undir fjöllin og kaupir byggið. Skolar kjötið undir rennandi vatni í 5 mín. og setur svo í pottinn með bygginu, súpujurtunum og hellir vatninu yfir. Sjóðið í klukkutíma og bætið þá við rófum, gulrótum og lauk og sjóðið í hálftíma til viðbótar. Tíu mínútum áður en súpan er borin á borð er hvítkálinu og selleríinu bætt út í. Salt og pipar eftir smekk.





Nám í Svæðameðferðaskóla Þórgunnu
Haustönn hefst þriðjudaginn 5. september

Tilvalið nám fyrir þig sem hefur áhuga á að vinna sjálfstætt eða í hlutastarfi.
Viðurkennt af BIG og niðurgreitt af stéttarfélögum.
Kennsla eitt kvöld í viku frá kl. 18.00 - 21.00.

Nánari upplýsingar á heilsusetur.is og í síma 8969653

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

# MÝRIN




# BARNADAGAR

# 20%

Af öllum barnavörum fös-mán.

Kringlunni / Instagram : myrin_verslun / S: 578-8989




Krókhálsi 4
110 Reykjavík

Sími 567 1010
www.parket.is

Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18
og lau kl. 11–15


Marazzi
Flísaframleiðandinn Marazzi er einn af stærstu flísaframleiðendum í heimi og leiða þeir tæknilega þróun á Ítalska flísamarkaðnum.
Vandaðu valið, veldu Marazzi flísar.
VANDAÐU VALIÐ
HARÐVIÐARVAL

# Rifsberjatíminn í hámarki

**Á hverju hausti býr Bjarni Þór Sigurðsson til dýrindissultur og hlaup úr rifsberjum. Hann segir það einfaldara en margir halda og mælir með því að prófa sig áfram og láta hugmyndaflugið ráða.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Þar sem ég ólst upp gátum við krakkarnir tínt rifsber og sólber að vild og einnig var stutt fyrir okkur að fara í berjamó. Með aldrinum áttaði ég mig á því að hægt væri að nota þessi ber til matargerðar og búa til eitthvað skemmtilegt. Ég fór því að stúdera hlaup og sultur og hef nú sultað á haustin í mörg ár," segir Bjarni Þór Sigurðsson, verkefnisstjóri og stjórnarmaður í VR.

Hann er með ræktarlega rifsberjarunna í garðinum sínum í Vesturbænum og bak við húsið er opið svæði sem íbúarnir hafa tekið í fóstur. „Þar er búið að gróðursetja ýmiss konar berjarunna, svo sem brómberja-, sólberja- og hindberjarunna. Á sama svæði vex rabarbari og hægt er að fá margar uppskerur af honum yfir sumarið ef fólk nennir að hugsa um hann. Mér finnst gaman að nota það sem vex í kringum okkur og nota í matargerð eftir því sem hægt er. Umhverfisvæna getur það varla orðið," segir Bjarni Þór brosandi. Barnabörnin eru liðtæk við berjatínsluna og segir hann að áður fyrr hafi sonurinn og vinir hans tínt ber og fengið rifsberjahlaup í krukku að launum. „Það vakti alltaf mikla lukku," rifjar Bjarni Þór upp.

### Rifberjatíminn í hámarki

Rifsberjatíminn stendur nú sem hæst og er útlit fyrir góða uppskeru í ár, að mati Bjarna Þórs. „Berin eru rauð og falleg, vítamínrík og sæt svo núna er einmitt rétti tíminn til að tína þau. Mín reynsla er sú að þegar berin hafa náð góðum þroska og orðin mjög sæt þurfi minni sykur til að búa til hlaup og sultur. Þó er mikilvægt að láta grænjaxla og stilka fylgja með svo að hlaupið hlaupi. Ég bý alltaf til sama grunninn úr berjunum en skipti honum svo í nokkra hluta, læt þá hugmyndaflugið ráða og krydda og bragðbæti með því sem mér dettur í hug. Málið er bara að prófa sig áfram. Rifsberjahlaupið er sérlega ljúffengt með ostum og kexi og mér finnst það ómissandi með rjúpunni á jólunum. Ekki má gleyma að tína falleg ber úr og setja í frysti og nota svo sem skraut með jólamatnum. Þetta er miklu einfaldara en margir halda og tekur ekki langan tíma," segir Bjarni Þór.



„Mér finnst gaman að nota það sem vex í kringum okkur og nota í matargerð eftir því sem hægt er. Umhverfisvæna getur það varla orðið," segir Bjarni Þór. MYND/ANTON BRINK



Rifsberjahlaupið er einkar ljúffengt með ostum. MYND/BJARNI ÞÓR

## Rifsberjagrunnur

- 5 kg rifsber
- 800 ml vatn

Setjið rifsber og vatn í pott og látið suðuna koma upp. Látið sjóða í um 30 mín. Notið kartöflupressu til að pressa berin lítillega. Setjið allt í grisju og látið vökvann leka í pott eða stóra könnu. Þetta ætti að taka um 5-6 klukkustundir. Takið hratið frá.

## Rifsberjahlaup

- 100 dl rifsberjagrunnur
- 100 g sykur (má vera minna)
- Chili
- Engifer
- Mynta

Setjið rifsberjagrunn og sykur í pott og látið suðuna koma upp. Bætið chili, engifer og myntu út í, annað hvort öllu saman eða sínu í hverju lagi, allt eftir smekk. Látið bullsjóða í 2-3 mín. Setjið á krukkur. Mikilvægt er að krukkurnar séu tandurhreinar og þær er best að sjóða í 2-3 mínútur fyrir notkun.



Rabarbarapæið hentar vel með kaffinu eða sem eftirréttur. MYND/ANTON BRINK

## Rabarbarapæ

### Fylling

- 500 g saxaður rabarbari
- 100 g sykur
- 2-3 msk. hveiti eða spelt eða kartöflumjöl
- 100 g rifsber
- 100 jarðarber
- Engifer að smekk, rifinn eða fínt saxaður

### Mulningur

- 100 g haframjöl
- 200 g hveiti
- 200 g hrásykur
- 250 g ósaltað smjör
- 1 tsk. kanill

Skolið rabarbarann og setjið í skál. Stráið sykri yfir, bætið við engiferi og látið standa í 2-3 klst. Bætið þá við rifsi og jarðarberjum og loks hveitinu. Blandið vel saman. Setjið í eldfast mót sem er búið að smyrja með olíu eða smjöri. Látið bíða í smá stund. Blandið vel saman haframjöli, hveiti, hrásykri og smjöri í skál og hnoðið saman með höndunum. Hellið yfir rabarbarablönduna. Sáldrið kanilsykri yfir.

Bakið í forhituðum ofni við 190°C í 40-50 mín. eða þar til deigið er orðið gullinbrúnt. Berið fram með rjóma, ís eða grískri jógúrt eða þessu öll, eftir smekk.



Ívar Uggi Lovísuson hjálpar afa sínum að tína rifsber. MYND/BJARNI ÞÓR

## Rifsberjasaft

Notið hratið sem verður til úr rifsberjagrunninum. Setjið einn hluta af vatni á móti einum hluta af hrati. Látið sjóða saman í um 30 mínútur. Síið hratið frá vökvanum og setjið saftina á flöskur. Gott er að blanda saftinni saman við til dæmis sódavatn.

Sóltún HEIMA
Heilsa – Vellíðan – Daglegt líf




Veldu hreyfingu sem hentar þér og komdu þér af stað í heilsusamlegan lífsstíl.

Opinn kynningarfundur mánudaginn 28. ágúst kl. 17 í Sóltúni 2, 105 Reykjavík. Námskeiðin hefjast 4. september.

ZÚMBA
Mán. og fim. kl: 14:10
6 vikur
19.000 kr.

MORGUNJÓGA
Mið. og fös. kl: 10:00
12 vikur
35.000 kr.

MJÚK LEIKFIMI
Þri. og fim. kl: 15:10
12 vikur
35.000 kr.

VATNSLEIKFIMI
Mán. og mið. kl: 11:30
12 vikur
35.000 kr.

STÓLALEIKFIMI
Mán. og mið. kl: 16:10
12 vikur
29.000 kr.

STYRKJUM BEININ
Þri. og fim. kl: 11:00
12 vikur
49.000 kr.

HÓPATÍMAR FARA FRAM Í 105 REYKJAVÍK Á EFTIRFARANDI STÖÐUM:
- ÍFR, Hátúni 14
- Sundlaug Sjálfsbjargar, Hátúni 12
- Þórshamri, Brautarholti 22
- Sóltúni 2

SKRÁNING HAFIN

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
Sími 563 1400
soltunheima@soltunheima.is
www.soltunheima.is

PORT hönnun



## HLUTASTARFSFÓLK NETTÓ GRANDA

Nettó Granda leitar að öflugum starfskröftum:

- Hlutastörf
- Kvöld og helgarvinna

**Aðeins 18 ára og eldri koma til greina**

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árvekni í hvívetna.

**Umsóknir sendist á grandi@netto.is**
**Umsóknarfrestur er til 4. september nk.**

Allar nánari upplýsingar veitir:
Ari Páll Samúelsson, verslunarstjóri
á staðnum eða í síma: 773 - 3007 eða Vignir Már
aðstoðarverslunarstjóri í síma: 773 - 3008




*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**óskar eftir að ráða tvo metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn til starfa á efnahagssviði**

## Sérfræðingar á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða tvo metnaðarfulla og áhugasama sérfræðinga í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála en deildin vinnur meðal annars tölur um landsframleiðslu og undirþætti hennar og afkomu hins opinbera.
Starfið felur í sér umsjón með úrvinnslu, greiningu og útgáfu talna um þjóðhagsreikninga og fjármál hins opinbera. Einnig fellur undir starfið þróun aðferða, afurða og framleiðsluferla. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti og samstarf við hagsmunaaðila og stofnanir.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla af vinnslu gagna í gagnagrunnsumhverfi er kostur
- Þekking á þjóðhagsreikningum og fjármálum hins opinbera er kostur
- Þekking og reynsla af verkefnastjórn er kostur
- Þekking á reiknishaldi fyrirtækja og stofnana er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með **11. september 2017** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknafrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Arnar Þórðarson og Gunnar Axel Axelsson í síma 5281000.**

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is*

## VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

### **SÉRFRÆÐINGUR** Í INNKAUPADEILD

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum sérfræðingi á sviði innkaupa. Viðkomandi mun starfa á innkaupadeild, sem heyrir undir Fjármálasvið Isavia, og taka þátt í framkvæmd og eftirliti með innkaupum félagsins. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið menntun sem nýtist í starfi og hafi reynslu af sambærilegum störfum auk haldbærrar þekkingar á alþjóðlegum flutningsskilmálum (Incoterms®).

**Starfssvið**

- Umsjón með inn- og útflutningi
- Umsjón með innanlandsflutningi
- Tengiliður við flutningsaðila
- Tollskýrslugerð
- Ábyrgð á birgjaskráningu
- Greiningarvinna fyrir gerð samninga
- Þátttaka í þróun og innleiðingu innkaupaferla og kerfa

Nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, á netfangið **svi@isavia.is**.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC árlega frá 2015. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.




STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**
UMSÓKNARFRESTUR: **10. SEPTEMBER 2017**
UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

# Rafvirki-tæknimaður

## Smith & Norland vill ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir **fimmtudaginn 31. ágúst**.

**Umsóknareyðublöð** má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is**, (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.




Framúrskarandi fyrirtæki 2016

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

**Tannlæknastofa miðsvæðis í Reykjavík óskar eftir tanntæknum eða vönu aðstoðarfólki tannlækna**

Á stofunni starfa tveir sérmenntaðir tannlæknar. Æskilegt er að umsækjandur hafi frumkvæði, góða tölvukunnáttu og geti starfað sjálfstætt.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, starfshlutfall verður eftir samkomulagi.
**Umsóknir sendist á vgo@hi.is eigi síðar en 1. september.**

**HREINSITÆKNI**

Hreinsitækni ehf óskar eftir starfskröftum í framtíðarvinnu vegna aukinna verkefna.

**ÓSKUM EFTIR**

- Starfsmönnum með meirapróf.
- Starfsmönnum með vinnuvélaréttindi.
- Starfsmönnum án réttinda, en vilja breyta til.
- Skrifa og tala íslensku skilyrði.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Stundvísi og reglusemi skilyrði.

Áhugasamir senda umsókn með ferilskrá fyrir 5. september 2017 á netfangið postur@hrt.is

Öllum umsóknum verður svarað.



Kynntu þér störfin og hæfniskröfur

**bluelagoon.is/atvinna**

og sæktu um

# VILTU VAXA MEÐ OKKUR?

Bláa Lónið óskar eftir að ráða metnaðarfulla starfsmenn í fjölbreytt og spennandi störf. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað.

### Sérfræðingur á fjármálasviði

**Við leitum að:**
Öflugum starfsmanni, með viðskiptafræðimenntun og reynslu af reikningshaldi, í fjármálateymið okkar sem sér um bókhald, afstemmingar, reikningagerð, uppgjör, frávikagreiningar, áætlanagerð, skýrslugerð o.fl.

### Prófari á upplýsingatæknisviði

**Við leitum að:**
Metnaðarfullum prófara fyrir fjölbreytt verkefni á upplýsingatæknisviði. Prófari heldur utan um allar hugbúnaðar- og notandaprófanir. Unnið er náið með verkefnastjóra og viðskiptagreini í hugbúnaðardeild.

### Sölumaður í verslun

**Við leitum að:**
Jákvæðum og þjónustulunduðum sölumanni með brennandi áhuga á húðvörum og mannlegum samskiptum í okkar frábæra teymi í verslunum okkar í Bláa Lóninu og Flugstöð Leifs Eirkssonar.

### Sölu- og þjónustufulltrúi

**Við leitum að:**
Öflugum sölu- og þjónustufulltrúa með ríka þjónustulund og metnað til að veita gestum Bláa Lónsins einstaka upplifun og ráðgjöf.

Einstakt umhverfi | Góður starfsandi | Þjálfun og fræðsla | Góður matur fyrir alla | Akstur til og frá vinnu | 2-2-3 vaktir

**BLUE LAGOON**
ICELAND



# KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

**Í DAGVINNU OG HLUTASTARF**

**HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á KAFFI OG TE?**

Te & Kaffi leitar að starfsfólki til að bætast í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi kaffibarþjóna sem fyrir eru á kaffihúsunum okkar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af þjónustustörfum og brennandi áhuga á öllu sem viðkemur kaffi og te.

**Aldurstakmark er 18 ára.**
**Um framtíðarstarf er að ræða**

**Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 1. september 2017**

TE & KAFFI

Te & Kaffi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1984. Landsmenn þekkja Te & Kaffi af því frábæra kaffi og tei sem fyrirtækið hefur boðið upp á alla tíð. Í grunninn er kjarnastarfsemi fyrirtækisins framleiðsla á kaffi, í fullkomnustu kaffibrennslu landsins, og rekstur kaffihúsa sem eru tólf talsins.

www.teogkaffi.is

# Sölustjóri á Heilbrigðissviði

## Leitum að sóknarmanni í samstillt teymi

**Við leitum að öflugum sölustjóra í sóknarsölu á vörum fyrir heilbrigðisstofnanir**

**Starfssvið**

- Skipulagning sölu og vörukynninga fyrir heilbrigðisstofnanir um land allt
- Kynna heilbrigðisstofnunum og fagfólki vörur og þjónustu
- Ábyrgð á vörumerkjum og samskipti við erlenda birgja
- Önnur störf að sölu- og markaðsmálum tengd ofangreindu

**Hæfniskröfur**

- Góð reynsla af sölu og ráðgjöf til stofnana er nauðsynleg
- Lausnamiðaður einstaklingur með frumkvæði, kraft og vönduð vinnubrögð
- Á auðvelt með mannleg samskipti og að koma fram og kynna vörur og tæknibúnað
- Hefur hæfileika til að sjá ný tækifæri og skipuleggja sókn í sölu
- Fagleg vinnubrögð og menntun sem nýtist í starfi
- Hefur gott vald á íslensku og ensku

Áhugasamir, sem uppfylla ofangreind skilyrði og vilja starfa hjá framsækinu fyrirtæki, eru hvattir til að senda umsókn fyrir 7. september með starfsferilsskrá ásamt mynd á ***agnar@eirberg.is*** merkt Sölustjóri. Umsóknir verða mótteknar sem trúnaðarmál. Gert er ráð fyrir að sölustjóri hefji störf um áramótin eða fyrr. Um er að ræða mannaforráð og tækifæri til að taka þátt í vaxandi starfsemi með góðu teymi heilbrigðismenntaðs starfsfólks.

*Eirberg er eitt af 40 vinsælustu fyrirtækjum landsins 2017 skv. könnun sem gerð var á vegum Frjálsrar verslunar og yfir 30.000 manns fylgjast með okkur á Facebook. Eirberg ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf. Vakin er athygli á því að Eirberg er reyklaus vinnustaður.*

Eirberg




# Vélfræðingur í stjórnstöð

## Það er mikið um að vera hjá okkur

Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.

Við rekum stærsta veitukerfi landsins og hjarta kerfanna er í stjórnstöðinni þar sem starfsmenn okkar gegna mikilvægu hlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga.

Sem vélfræðingur í stjórnstöð ert þú hluti af teymi sem gengur vaktir, stjórnar aðgerðum og vaktar kerfi Veitna og virkjana Orku náttúrunnar. Þú tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum, fylgist með helstu nýjungum í tækni og tekur þátt í mótun og þróun kerfanna í samvinnu við hóp fagfólks sem sinnir daglegum rekstri.

Öryggi er okkar hjartans mál og því er öryggisvitund mikilvæg meðal starfsmanna okkar.

Samskiptafærni, drifkraftur, sjálfstæð vinnubrögð og yfirvegun eru eiginleikar sem reynir á í þessu starfi. Ef þú býrð yfir slíkri færni sem og tölvufærni og vinnur vel undir álagi væri frábært að fá umsókn frá þér.

**Við tökum á móti umsóknum** á www.veitur.is þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. september.**

**Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu,hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

**Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook**

VEITUR

ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er hagsmuna- og mannréttindasamtök fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélög bandalagsins eru 41 talsins. Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum auk þess að vera stefnumótandi í réttindamálum hagsmunahópsins. Öflun og miðlun þekkingar er mikilvægur þáttur í starfseminni. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi. Skrifstofa ÖBÍ er í nýju og aðgengilegu húsnæði í Sigtúni 42, Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á **obi.is**.

# Lögfræðingur

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir öflugum lögfræðingi með brennandi áhuga á mannréttindum. Starfið er tímabundið til eins árs. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

**Starfssvið:**

- Lögfræðileg ráðgjöf í ýmsum réttindamálum
- Túlkun laga og reglugerða
- Kærur, álitsgerðir og umsagnir um lagafrumvörp
- Verkefnastjórn og þátttaka í málefnastarfi
- Tengiliður dómsmála ÖBÍ
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- MA gráða í lögfræði, hdl réttindi kostur
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðs fólks og öryrkja er kostur
- Þekking á stjórnsýslurétti, almannatryggingum og alþjóðlegum mannréttindasamningum eins og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er æskileg
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði. Færni í ensku og einu Norðurlandamáli er æskileg
- Skipulagshæfni, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veitir:**
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk.**

Fatlað fólk og/eða fólk með skerta starfsgetu er sérstaklega hvatt til að sækja um. Möguleiki er að ráða tvo einstaklinga í starfið og skiptist þá starfshlutfallið eftir samkomulagi.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram komi rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

ICE-GROUP ICELAND

**ICE-GROUP** er sjávarútvegsfyrirtæki, með starfsstöðvar á Íslandi, í Marokkó og í Noregi. Eitt af tengdum félögum er þurrkverksmiðjan EMBLA í Norður Noregi.
**www.icegroup.is**

# Verksmiðjustjóri - fiskvinnsla

Óskum eftir að ráða verksmiðjustjóra í fiskþurrkverksmiðju okkar í Noregi. Verksmiðjan er búin nýjustu tækni og vann úr 7000 tonnum af hráefni á sl. ári sem samanstóð að mestu af hausum og beinum frá fiskverkunum í nágrenni verksmiðjunnar. Starfsmenn eru 24. Einbýlishús er á staðnum.

**Starfssvið:**

- Sjá um daglegan rekstur verksmiðjunnar í samráði við íslenska eigendur fyrirtækisins
- Hafa umsjón með hráefnisinnkaupum í samræmi við hráefnissamninga við birgja
- Stýra framleiðslu og tryggja mestu möguleg gæði vörunnar
- Sjá um starfsmannamál
- Halda utan um skýrslugerðir og samband við bókhaldsþjónustu sem sér um bókhald fyrirtækisins
- Koma að áætlunargerð fyrirtækisins
- Tryggja að viðhald fasteignar, tækja og véla sé í samræmi við viðhaldsáætlun

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla/menntun á sviði framleiðslu og stjórnunar í sjávarútvegi
- Vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni í nýju umhverfi og geta unnið sjálfstætt
- Vera tilbúinn til að flytjast búferlum til Norður Noregs
- Góð enskukunnátta skilyrði og Norðurlandamál kostur
- Almenn tölvukunnátta og þekking á helstu forritum (Excel, Word o.s.frv.)

**Upplýsingar veitir:**
**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk.**

Ráðið er í starfið frá 1. nóvember 2017, en upphafstími starfs getur þó verið sveigjanlegur í samráði við umsækjanda.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Eignamiðlun ehf er elsta starfandi fasteignasala á Íslandi stofnuð árið 1957. Starfsfólk Eignamiðlunar býr yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði fasteignaviðskipta. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins má nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, banka, sparisjóði, hið opinbera og sveitarfélög. Stærstu verkefni fyrirtækisins eru sala á íbúðar- og atvinnuhúsnæði og verðmöt á fasteignum. Reynsla, heiðarleiki og þekking á fasteignamarkaðnum eru grunnur að farsælum viðskiptum.

# Eignamiðlun óskar eftir að ráða skrifstofustjóra

Ein elsta fasteignasala landsins óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf skrifstofustjóra.
Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.

**Helstu verkefni:**

- Daglegur rekstur skrifstofunnar
- Bókhald
- Umsjón með reikningum
- Yfirumsjón með móttöku
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Haldbær reynsla af sambærilegum störfum
- Þjónustulund
- Mikil skipulagshæfni
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Góð almenn tölvukunnátta

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. september**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Öflugt starfsfólk óskast á góðan vinnustað

## Job openings at a great workplace




## Dreifingarmiðstöð ÁTVR óskar eftir hraustu og drífandi starfsfólki á lager

Starfshlutfall er 100%. Vinnutími er frá kl. 7.30-16.30.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf mjög fljótlega.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfnikröfur**

- Stundvísi og dugnaður
- Vandvirkni og samviskusemi
- Reynsla af sambærilegu er kostur
- Lyftarapróf er kostur

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is.**

**Nánari upplýsingar veita:** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791, og Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700.

## The ÁTVR Center of distribution seeks strong and energetic warehouse workers

Full-time positions. Working hours are 7.30 a.m.-4.30 p.m.
Applicants should be ready to start very soon.

**Main tasks and responsibilities**

- General warehouse duties
- Receiving and processing incoming stock

**Skills and attributes**

- Punctuality and efficiency
- Precision and conscientiousness
- Prior experience is an advantage
- A forklift certification is an advantage

The core values of ÁTVR are FLEXIBILITY – KNOWLEDGE – RESPONSIBILITY.
Recruitment decisions are made with these values in mind.

Applicants must be at least 20 years old and have a clean criminal record.
**Application deadline is September 11, 2017.**
Applications are to be filled out online at **vinbudin.is.**

**For further information contact** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791, or Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Skrifstofur og dreifingarmiðstöð eru að Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

ÁTVR operates 50 stores throughout the country with offices and a Center of distribution at Stuðlaháls 2. The company strives to be one of the leading service providers in the country and a role model in social responsibility. ÁTVR wants to provide a safe, dynamic and fun workplace where communication is conducted with flexibility, knowledge and responsibility.

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VÍNBÚÐIN

HEILSUGÆSLAN



# Framkvæmdastjóri lækninga

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra lækninga. Leitað er eftir kraftmiklum, metnaðarfullum og farsælum stjórnanda. Framkvæmdastjóri lækninga situr í framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heyrir undir forstjóra. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til 5 ára.**

**Umsóknarfrestur er til og með 04.09. 2017.**

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því hafa verið gerðar breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfseminni, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar.
Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af 15 heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Heimahjúkrun HH, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda, Geðheilsu eftirfylgd/iðjuþjálfun, Geðheilsustöð Breiðholts ásamt miðlægri skrifstofu. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa rúmlega 600 manns.

### *Helstu viðfangsefni og ábyrgð*

- Stefnumótun og þróun, m.a. á sviði árangurs, gæða, aðgengis og öryggis í þjónustu
- Leiðtogi við framkvæmd stefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Innleiðing nýjunga og breytinga, s.s. teymisvinnu og straumlínustjórnunar
- Fagleg samhæfing og eftirlit á sviði lækninga
- Samhæfing, mælingar og mat á starfsemi
- Gerð og efling klínískra leiðbeininga
- Gæðaeftirlit

### *Hæfnikröfur*

- Læknir með sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Viðbótarnám í stjórnun æskilegt
- Stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun í heilsugæslu og/eða annarri heilbrigðisþjónustu
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og áræðni
- Vilji til að helga sig sýn og gildum heilsugæslunnar

### *Nánari upplýsingar*

- Starfshlutfall er 100 % og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. október n.k. eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir Svava Kr. Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri, netfang svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is sími 585-1317
- Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar hjá Embætti landlæknis
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum
- Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í laus störf
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109, Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu“ og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Sækja skal um starfið rafrænt á heimasíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (**www.heilsugaeslan.is**), undir „laus störf“ eða á Starfatorgi (**www.starfatorg.is**).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

---

# Starfsfólk í afgreiðslu óskast

Í boði eru vaktir bæði fyrir og eftir hádegi.
Framtíðarstarf.

Áhugasamir sæki um á netfangið
***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

---

Schindler

# Rafvirki eða vélvirki

**Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja**

**Starfssvið:**
Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum.
Einnig önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði.
Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfsstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.**

---

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík
www.studlar.is mru@studlar.is

# Starfsmenn á lokaða deild Stuðla

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum? Um er að ræða tvær 100% stöður í vaktavinnu, aðallega á lokaðri deild en einnig á meðferðardeild Stuðla.

**Starfsvið**
Á lokaðri deild felst starfið m.a. í:
- Umönnun og gæslu ungmenna
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglinga á deildinni
- Fylgja eftir því verklagi sem á deildinni er ásamt skráningu upplýsinga

og á meðferðardeild, eftir því sem við á:
- meðferðarvinnu og daglegum samskiptum, við unglinga
- samskiptum við foreldra
- vinnu að tómstundastarfi með unglingum
- einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, og sálfræðinga.

**Persónulegir eiginleikar**
Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem líkamlegt hreysti, góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, stundvísi, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

**Hæfnikröfur**
- Reynsla og/eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi, t.d. í meðferðar-, tómstunda- eða íþróttastarfi.
- Áhugi á að vinna með unglingum
- Reynsla af öryggisgæslu og umönnun krefjandi skjólstæðinga er kostur
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri Neyðarvistunar, Böðvar Björnsson. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Funa Sigurðssyni, forstöðumanni Stuðla, í síma 530 8800**

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi SFR og ríkisins.
**Umsóknarfrestur er til 4. sept nk.** og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.
**Umsóknir berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða netfangið bvs@bvs.is eigi síðar en 4. sept 2017. Auglýsingin gildir í 6 mánuði**

---

ráðum
ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



Landsvirkjun

# Við leitum að framsæknum og metnaðarfullum **forstöðumanni**

Landsvirkjun óskar eftir að ráða í stöðu forstöðumanns umhverfisdeildar. Nýr forstöðumaður mun marka stefnu fyrirtækisins í umhverfisrannsóknum, leiða aðgerðir í loftslagsmálum og samræma áherslur sjálfbærrar þróunar á umhverfi, efnahag og samfélag. Umhverfisdeild heyrir undir þróunarsvið Landsvirkjunar.

- Framhaldsmenntun á sviði náttúruvísinda, raungreina eða verkfræði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Metnaður og áhugi á umhverfisrannsóknum og loftslagsáhrifum
- Frumkvæði og drifkraftur
- Samskiptahæfni

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, hagvangur.is. Nánari upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir (inga@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2017.

---

# Við óskum eftir öflugum **verkefnastjóra** með afburða samskiptahæfni

Landsvirkjun leitar að verkefnastjóra grænna markaða í tekjustýringu fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa ríkan áhuga og skilning á virkni markaða. Í starfinu felst vöruþróun, greining og verðlagning markaða, samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini auk greiningar á tekjum og viðskiptatækifærum fyrirtækisins. Starf verkefnastjóra er á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði.

- Framhaldsnám í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða öðrum raungreinum
- Reynsla af störfum og viðskiptum á markaði er kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af störfum erlendis er kostur
- Þekking á orkugeiranum er kostur
- Góð greiningarhæfni
- Góð tungumálakunnátta

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, hagvangur.is. Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir (geirlaug@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2017.

---

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.



# Tæknideild Smith & Norland

## Smith & Norland vill ráða starfsmann í tæknideild fyrirtækisins.

Aðalverksvið þessa starfsmanns verður umsjón með vörum frá hinu kunna þýska fyrirtæki **Rittal**. Rittal er í fremstu röð í framleiðslu rafbúnaðarskápa og fylgibúnaðar. Rittal-vörurnar eru í miklum metum hjá íslenskum rafiðnaðarmönnum og hönnuðum, þekktar fyrir mikil gæði og framúrskarandi hönnun.

Auk þessa mun viðkomandi starfa með fleiri erlendum birgjum.

Starfið felur í sér umsjón með innkaupum, erlend samskipti, kynningarstarf, tæknilega aðstoð og þjónustu við viðskiptavini, tilboðagerð, áætlanagerð o.fl.

Góð færni í íslensku og ensku er nauðsynleg, jafnt talaðri sem ritaðri.

Við leitum að **rafvirkjameistara** eða **rafiðnfræðingi** með góða starfsreynslu og þekkingu á margvíslegum rafbúnaði. Áhugi á nýjungum, sölustörfum og mannlegum samskiptum er algjört skilyrði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til okkar fyrir **fimmtudaginn 31. ágúst**. Umsóknarform má nálgast á **www.sminor.is** (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.




Framúrskarandi fyrirtæki 2016

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# Tannlæknastofa í Borgartúni óskar eftir tanntækni eða vönum aðstoðarmanni

Æskilegt er að umsækjandi hafi frumkvæði, tölvukunnáttu og geti starfað sjálfstætt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir sendist á **osktannl@simnet.is** eigi síðar en 24. ágúst.

# POLITICAL SPECIALIST

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Political Specialist lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **1. sptember 2017**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/

JAFNRÉTTISSTAÐA: US Mission veitir jafnrétti í atvinnu til allra án tillits til kynþáttar, litar, trúarbragða, kyns, þjóðernis, aldurs, fötlunar, pólitískrar tengslar, hjúskaparstöðu eða kynhneigðar

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Political Specialist. The closing date for this postion is **September 1, 2017**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

EQUAL EMPLOYMENT OPPORTUNITY: The U.S. Mission provides equal opportunity and fair and equitable treatment in employment to all people without regard to race, color, religion, sex, national origin, age, disability, political affiliation, marital status, or sexual orientation

# LANGAR ÞIG AÐ LÆRA FLUGFJARSKIPTI?

Lausar eru til umsóknar stöður fyrir nýnema í flugfjarskiptum. Námið hefst um miðjan október og eru áætluð námslok í maí 2018. Þeim sem standast lokapróf verður boðið starf flugfjarskiptamanns. Um vaktavinnu er að ræða.

**Námið er tvíþætt:** Bóklegur hluti í 12 vikur og fer fram á venjulegum dagvinnutíma. Seinni hlutinn er starfsþjálfun í 16 til 20 vikur í flugfjarskiptadeild Isavia í Gufunesi. Sú þjálfun fer fram í vaktavinnu. Nemendur eru á launum á námstímanum.

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli

Nýnemar þurfa að gangast undir heyrnarpróf, vélritunarpróf og lesblindupróf. Einnig þurfa umsækjendur að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hallgrímur Sigurðsson í síma **892 6265** eða í netfanginu **hallgrimur.sigurdsson@isavia.is**.

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC árlega frá 2015. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Hringur** er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

UMSÓKNARFRESTUR: **21. SEPTEMBER, 2017**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

# ALÞJÓÐLEGUR VÖRUMERKJASTJÓRI
## FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR

ORF Líftækni hf. leitar að drífandi, sveigjanlegum og skapandi einstaklingi í stöðu alþjóðlegs vörumerkjastjóra (Global Brand Manager) fyrir BIOEFFECT vörur félagsins.

**Starfslýsing:**

- Þróun og samræming BIOEFFECT vörumerkisins á innlendum og erlendum mörkuðum
- Verkefnastjórn stærri og smærri verkefna innan markaðsdeildar
- Þróun efnis og mótun á stefnu fyrir samfélagsmiðla og heimasíðu
- Samskipti við innlenda og erlenda fjölmiðla
- Greiningar á innlendum og erlendum mörkuðum
- Stuðningur við hönnunar- og vöruþróunarstarf BIOEFFECT

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Æskilegt að umsækjandi hafi reynslu sem markaðsstjóri eða vörumerkjastjóri
- Æskilegt að umsækjandi hafi þekkingu og brennandi áhuga á snyrtivörum
- Færni í miðlun og mannlegum samskiptum
- Færni í uppbyggingu tengslanets og teymisvinnu
- Færni í ræðu og riti á íslensku og ensku




Nánari upplýsingar varðandi starfið veitir Harpa Magnúsdóttir (harpa@orf.is) í síma 591-1590.

Umsókn óskast send til **starf@orf.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.
Umsóknarfrestur er til og með **11. september 2017**

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Upplýsingar um félagið má finna á **www.orf.is** og **www.bioeffect.com**

ORF LÍFTÆKNI BIOEFFECT



# VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTUM STARFSMÖNNUM

## FRAMTÍÐARSTÖRF Á ÖLLUM ÞJÓNUSTU-STÖÐVUM OLÍS

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, áfyllingar vöru, vörumóttöku, þrif, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi.

**Hæfniskröfur**

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Í boði eru fjölbreytt störf í góðu starfsumhverfi. Starfsmenn njóta góðra afsláttarkjara og styrks til heilsueflingar.

**Umsóknir á olis.is**
Umsóknarfrestur er til 10. september.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

**Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.**

olís
Vinur við veginn



— HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

## VILTU TAKA ÞÁTT Í AÐ ÞRÓA FRAMTÍÐ FJARSKIPTA?

**Hjá Ljósleiðaranum er fagmennska og góður starfsandi í fyrirrúmi, við leitumst við að vera í fremstu röð hvað varðar jafnrétti, öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.**

**Sem hugbúnaðarsérfræðingur hjá Ljósleiðaranum ert þú hluti af hóp sem er ábyrgur fyrir þróun á nýrri kynslóð af bakendakerfum fjarskiptaþjónustu fyrirtækisins. Kerfin eru undirstaða sjálfvirkni í allri þjónustu og nýtt af helstu fjarskiptafyrirtækjum landsins.**

**Hjá okkur** hefur þú tækifæri til að vinna með nýjustu tækni og aðferðafræði við hugbúnaðargerð og rekstur hugbúnaðar, s.s. Docker, Kubernetes, Elastic Stack, Prometheus, DevOps og CI.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í að þróa framtíð fjarskiptaþjónustu á Íslandi, hefur víðtæka reynslu af þróun og hönnun hugbúnaðarkerfa og sérstaklega reynslu af bakendakerfum þá væri frábært að fá umsókn frá þér.

Tökum á móti umsóknum á **ljosleidarinn.is** þar sem nánari upplýsinga um starfið er að finna. Umsóknarfrestur er til og með **11.september**. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@ljosleidarinn.is**.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Ljósleiðarinn er í eigu Gagnaveita Reykjavíkur. Við erum fjölbreyttur vinnustaður þar sem um 60 starfsmenn auk ótal verktaka vinna saman að því að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti Ljósleiðarans.

LJÓSLEIÐARINN

---

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Menntaskólinn í Kópavogi
## Tómstunda- og félagsmálafræðingur
## Starf með ungu fólki

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða tómstunda- og félagsmálafræðing í 50% starf við skólann. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs þar sem meginverkefnið er að vinna með nemendum að öflugu félagslífi innan skólans. Félagslíf nemenda er hluti af daglegu starfi Menntaskólans í Kópavogi og markmið þess er að virkja nemendur til þátttöku auk þess að efla sjálfstraust og sjálfsmynd þeirra. Tómstunda- og félagsmálafræðingur vinnur náið með framkvæmdastjórn nemendafélags, nefndum þess, forvarnarfulltrúa, starfsmönnum skólans, foreldrafélagi og er viðstaddur alla atburði á vegum nemenda.

Mikilvægt er að umsækjendur hafi menntun í tómstunda- og félagsmálafræði og/eða góða reynslu af sambærilegu starfi með ungu fólki. Ef þér finnst gaman og gefandi að vinna með ungu fólki þá er þetta starfið fyrir þig. Laun fara eftir kjarasamningi SFR-stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stofnanasamningi Menntaskólans í Kópavogi. Nánari upplýsingar veitir skólameistari (margret.fridriksdottir@mk.is) eða aðstoðarskólameistari (helgi.kristjansson@mk.is) eða í síma skólans 594 4000.

*Skólameistari*

---

**HEGAS ehf.**
Smiðjuvegur 1, 200 Kópavogur. Sími: 567-0010. Fax: 567-0032. www.hegas.is - hegas@hegas.is

## Hegas ehf óskar eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa.

### Tæknimaður í véladeild.

**Starfsvið og hæfniskröfur;**
- Sinna uppsetningum og viðhaldi á trésmíðavélum og tækjum fyrir iðnaðinn sem fyrirtækið er með til sölu.
- Sinna almennum viðgerðum.
- Einhver þekking á tölvu og rafeindarstýrðum vélum.
- Grunn þekking á tölvubúnaði.
- Grunn þekking á lestri lofts- og rafmagnsteikningum.
- Jákvæðni og stundvísi.
- Þjónustulipurð og samviskusemi.

### Technician

**Working positions and qualifications:**
- To make installations and maintenance of woodworking machinery and equipment the company is selling.
- To do a general repairs.
- To have some knowledge of CNC controlled machines.
- To have basic knowledge of computers.
- To have basic knowledge of reading pneumatic- and electric drawings.
- To be positive character and punctual.
- To be service minded and conscientious.

### Lagermaður
til almenna lagerstarfa og í litablöndun á lakki og bæs.

**Starfssvið:**
- Litablöndun.
- Tiltekt pantana.
- Vörumóttaka.
- Losun gáma.
- Lyftarapróf er kostur.

Við leitum að framtíðar starfskröftum með góða þjónustulund, áreiðanlegir, og geta starfað sjálfstætt og eru tilbúin að bæta þekkingu sína og hæfni til þess að takast á við krefjandi störf hjá traustu fyrirtæki. Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Upplýsingar um fyrirtækið má sjá á heimasíðunni okkar www.hegas.is

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir fyrir 10. September 2017 á netfang hegas@hegas.is**

---

*S. Gunnbjörnsson ehf*
heildverslun

## Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum. Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.
Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.
**Umsóknir óskast sendar á sgunnbj@simnet.is**

KLETTUR

# GAKKTU TIL LIÐS VIÐ KRAFTMIKINN HÓP

Vegna stöðugrar aukningar í verkefnum getum við hjá Kletti – sölu og þjónustu ehf. bætt nýjum liðsmönnum við okkar góða starfsmannahóp. Leitum að vönu og áhugasömu fólki sem vill takast á við fjölbreytt og áhugaverð störf hjá leiðandi þjónustufyrirtæki í mikilli sókn.

## GETUM BÆTT VIÐ OKKUR STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR

- Starfsmaður í varahlutaverslun við sölu á vörum og búnaði sem Klettur er umboðsaðili fyrir.
- Starfsmaður í vélaviðgerðum við þjónustu á Caterpillar skipa- og vinnuvélum.
- Starfsmaður í vörubílaviðgerðum við þjónustu á Scania vörubílum og rútum.
- Starfsmaður í lyftaraviðgerðum við þjónustu á Caterpillar lyfturum og ýmsum búnaði tengdum vöruhúsalausnum.
- Starfsmaður í krana- og glussaviðgerðum við þjónustu á Hiab krönum og ýmsum tegundum af glussastýrðum aukahlutum fyrir bíla og tæki.
- Starfsmaður í loftpressuviðgerðum við þjónustu á Ingersoll Rand loftpressum.

## HÆFNISKRÖFUR

Heilindi og liðsheild eru tvö af gildum Kletts. Því gerum við kröfu um góða samskiptahæfileika, virðingu fyrir samstarfsfólki og viðskiptavinum. Snyrtimennsku, góða umgengni og öryggishugsun í vinnu. Frumkvæði, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Metnað til að læra og vaxa í starfi.

## MENNTUN

- Vélvirki, vélfræðingur eða bifvélavirki.
- Önnur menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi.

Umsóknir sendist á **svsi@klettur.is** til og með 10. september 2017. Óskað er eftir ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem kemur fram ástæða þess að sótt er um. **Nánari upplýsingar** veitir **Sveinn Símonarson**, framkvæmdastjóri þjónustusviðs Kletts, í síma **590-5152** og netfanginu **svsi@klettur.is**




**Klettur er leiðandi í þjónustu og sölu vörubíla, vinnuvéla og tækja. Hjá Kletti vinna um 85 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania og Caterpillar tækjum og vélum, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum. Gildi Kletts eru heilindi, fagmennska, liðsheild og staðfesta.**

ÁRNASYNIR

SCANIA CAT HIAB GOODYEAR Ingersoll Rand

KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK
590 5100

# Rekstrarstjóri verslana

WÜRTH

Würth á Íslandi óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan rekstrarstjóra til starfa. Würth samanstendur af rúmlega 400 fyrirtækjum í 84 löndum.
Þar starfa yfir 70.000 manns.
Við einbeitum okkur að heildarlausn fyrir hvern viðskiptavinahóp
Einkunnarorð okkar er "Fagfólk velur Würth"

**Starfssvið:**
Ber ábyrgð á fjórum verslunum
ABC greining á vörum
Söluáherslur og uppstillingar
Opna fleiri verslanir
Afleysingar

**Menntun og hæfniskröfur:**
Iðnmenntun kostur
Þekking á vörum Würth kostur
Reynsla af sölustörfum er skilyrði
Þekking á Navision nauðsynleg

**Við bjóðum:**
Sölukeppnir
Góðan starfsanda
Fjölskylduvænt fyrirtæki
Tækifæri til að þróast í starfi

**Umsjón með starfsumsóknum hefur Róbert H. Hnífsdal Halldórsson sölu og markaðsstjóri, Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir í tölvupósti á robert@wurth.is með ferilskrá og mynd - Umsóknarfrestur er til 30.ágúst 2017.**




HJÁLP !!! ÍSLEIFUR HEPPNI

## STARFSFÓLK

Við opnuðum við frábærar viðtökur í Hlemmur – Mathöll og viðtökurnar fóru fram úr okkar björtustu vonum. Við þurfum því starfsfólk strax í fullt starf og í hlutastarf. Vinsamlegast sendið umsóknir á arkiteo@arkiteo.is eða hafið samband í síma 696 3699.

Ísleifur heppni, Mathöll Hlemmur | www.isleifurheppni.is

SB
**Glugga og hurðasmiðja SB ehf.**

## Starfsmenn óskast

Glugga og hurðasmiðja SB óskar eftir að ráða starfsmann í frágang á gluggum og hurðum á verkstæði fyrirtækisins.

Kjörið væri ef um eldri og reyndari smið væri að ræða.

Eins óskum við eftir að ráða starfsmann í vélasal, við vinnu á tölvustýrðum trésmíðavélum. **Upplýsingar í síma: 565 4151 og á netfangi: hurdir@simnet.is eða á staðnum.**

**Fyrirtækið er stofnað 1974 og er sérhæft í glugga-og hurðasmíði**

**Hvaleyrarbraut 39, 220 Hafnarfirði**
**Sími: 565-4151 • hurdir@simnet.is**

Reykjavíkurborg

## Deildarstjóri á yngstu deild í leikskólanum Sæborg

Deildarstjóri óskast til starfa í leikskólanum Sæborg, Starhaga 11, 107 Reykjavík. Sæborg er menningarleikskóli þar sem unnið er í anda hugmyndafræði Reggio Emilia og áhersla lögð á skapandi starf með börnum og lýðræði. Leikskólinn hefur fengið hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs og unnið er að spennandi þróunarverkefnum. **Sjá nánar á heimasíðu leikskólans, www.saeborg.is**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra.
- Að bera ábyrgð á uppeldis- og menntunarstarfinu sem fram fer á deildinni.
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi deildarinnar.
- Að bera ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá.
- Að bera ábyrgð á foreldrasamvinnu.

**Hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum
- Þekking á skráningarvinnu
- Áhugi og þekking á skapandi starfi með börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.**

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags leikskólakennara. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Soffía Þorsteinsdóttir í síma 693-9851 og tölvupósti soffia.thorsteinsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Ístak var stofnað árið 1970 og annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, jarðvinnuverk, hafnarframkvæmdir, vega- og brúagerð auk flugvalla, enn fremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak er dótturfélag Aarsleff Group sem er leiðandi verktaki með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum.



## Öflugur verkefnastjóri og hönnuður, til að stýra framleiðslu steinsteyptra eininga

Steypuskáli Ístaks hefur yfir að ráða fyrirtaks aðstöðu til framleiðslu á steyptum einingum. Leitað er að aðila sem getur útfært hönnun og haft yfirumsjón með framleiðslu eininga, í samvinnu við viðskiptavini, jafnt innan fyrirtækisins sem utan. Um er að ræða nýtt starf og mun viðkomandi aðili taka þátt í að móta starfsemi steypuskálans til framtíðar.

### Helstu verkefni:

- Hönnun á steinsteyptum einingum.
- Umsjón með framleiðslu og gæðaeftirliti.
- Umsjón með rekstri steypuskála og áætlana.
- Útbúa teikningar og gögn til framleiðslu eininga.
- Gerð tilboða.

### Hæfniskröfur:

- Byggingarverkfræði eða -tæknifræði.
- Þekking á framleiðslu steyptra eininga.
- Haldgóð reynsla af burðarþolshönnun.
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september. Kostur er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Sótt er um á istak.is/starfsumsokn/. Nánari upplýsingar veitir Ólöf Jóna Tryggvadóttir (olofj@istak.is) í síma 530 2705.**

Ístak - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - www.istak.is

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA HJÁ FRAMSÆKNU OG SKEMMTILEGU FYRIRTÆKI?

A4

## A4 óskar eftir að ráða vörustjóra húsgagna

Um fjölbreytt og spennandi starf er að ræða sem krefst ferðalaga erlendis í heimsóknir til birgja og á sýningar

### HLUTVERK OG HELSTU VERKEFNI

- Uppbygging og þróun á vöruflokknum
- Ábyrgð og umsjón með pöntunum
- Umsjón/eftirfylgni með sýningarsvæðum
- Stuðningur, þjálfun og upplýsingagjöf við sölufólk
- Byggja upp viðskiptasambönd og hafa samskipti við birgja
- Fylgjast með vöruframboði og veltuhraða
- Koma að markaðssetningu og kynningarmálum

### HÆFNISKRÖFUR OG PERSÓNULEGIR EIGINLEIKAR

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vörustjórnun
- Vilji til að byggja upp ýtarlega þekkingu á vörum fyrirtækisins og miðla henni til samstarfsfólks
- Drifkraftur, frumkvæði í starfi og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Færni í norðurlandamáli kostur
- Áreiðanleiki, nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni í að vinna með tölulegar upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með **10. september 2017**. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á **alfa@a4.is** merkt „**vörustjóri húsgagna**". Nánari upplýsingar um starfið veitir Alfa Lára Guðmundsdóttir í síma 580-0000 eða í alfa@a4.is. Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, skemmtilegan starfsanda og samkeppnishæf laun. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

A4 er framsækið fyrirtæki og leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, ferða-, föndur- og hannyrðavara og húsgagna. A4 leggur áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini. Við erum stolt af því að geta boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það öll sameiginlegt að vera í háum gæðaflokki. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 starfsmenn.

# HANDLAGINN UPPSETNINGARMAÐUR

brautir & gluggatjöld ehf.

**Z - brautir & gluggatjöld óska eftir að ráða starfsmann í máltöku og uppsetningu á gluggatjöldum hjá viðskiptavinum auk annarra tilfallandi verkefna.**

Viðkomandi þarf að hafa mjög góða færni í samskiptum, vera þjónustulipur, laghentur og nákvæmur í vinnubrögðum. Vinnutími er virka daga frá klukkan 8:00-17:00.

Verslun Z – brauta & gluggatjalda var stofnuð árið 1966 og er til húsa í Faxafeni 14. Fyrirtækið hefur verið með heildarlausnir í gluggatjöldum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins t.d. Nýherja, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Össur, Actavis, KPMG og Nordica hótel.

SÆKJA UM

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Ráðum ráðningarstofu, radum@radum.is. Sótt er um starfið á www.radum.is.

ráðum ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 3. september nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

EFLA

# Erum við að leita að þér?

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 350 samhentra starfsmanna.

**Raforkukerfi**

EFLA leitar að rafmagnsverk- eða tæknifræðingi á fagsvið Raforkukerfa. Starfið felst í fjölbreyttri ráðgjöf og hönnun á sviði raforkumála, gerð verklýsinga, verkeftirliti og ýmiss konar greiningum.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði í sterkstraum
- Þjónustulipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku, Norðurlandamál er kostur

**Fasteignir og viðhald**

EFLA leitar að öflugum starfsmanni á fagsviðið Fasteignir og viðhald. Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni s.s. ástandsskoðanir og áætlanagerð, greining skemmda og byggingareðlisfræðilegar uppbyggingar mannvirkja, hönnun viðhaldslausna og útfærslur endurbóta, gerð verklýsinga, útboðsgagna og verksamninga auk eftirlits með viðhaldsframkvæmdum á verkstað.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í byggingafræði, byggingartæknifræði eða verkfræði
- Iðnmenntun og fagleg reynsla á sviði byggingaframkvæmda
- Þekking í viðhaldsráðgjöf og áætlanagerð kostur
- Þjónustulipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og að geta unnið vel í hópi
- Gott vald á íslensku og ensku, Norðurlandamál er kostur

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum vefsíðu EFLU, efla.is/um-eflu/laus-storf fyrir 9. september næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur**
9. sept. 2017

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND

ZIKZAK TÍSKUHÚS

## Sölu- og þjónustustarf í ZikZak í Kringlunni

Við leitum að hressum og skemmtilegum samstarfskonum, 35 ára + til þess að sinna sölu og framúrskarandi þjónustu. **Um er að ræða fullt starf, íhlaupastarf hluta- og helgarstarf.** Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir má senda á netfangið zikzak@internet.is**

Christmas shop — Litla Jólabúðin

## Litla Jólabúðin

## Óskar eftir starfkrafti í hálft starf

- Vinnutími 10-14 og aðra hverja helgi.
- Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.
- Íslenska og enska skilyrði,önnur tungumál væri kostur.
- Snyrtimenska,háttvísi og alúðlegrar framkomu krafist.
- Gott væri að viðkomandi hafi reynslu af sölustörfum og gæti byrjað strax.

**Umsóknir sendist með ferilskrá til: Lindsay@simnet.is fyrir 10. sept. 2017**



RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



## Fréttamaður
RÚVAK

Svæðisstöð RÚV á Akureyri leitar að fréttamanni í 100% starf með reynslu af fréttaskrifum, vinnslu frétta fyrir ljósvakamiðla og fyrir vef. Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á íslensku máli og hafa breiða almenna þekkingu.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. sept. 2017.**

Upplýsingar um starfið og skil umsókna er að finna á www.ruv.is/laus-storf.

Við hvetjum konur jafnt sem karla og fólk af ólíkum uppruna til að sækja um starfið.

**www.ruv.is**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjölskylduþjónusta**
- Starfsmaður í þrif og stuðning
- Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn

**Grunnskólar**
- Frístundaleiðbeinandi - Tröllheimar Áslandsskóla
- Skólaliði - Áslandsskóli
- Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Holtasel - Hvaleyrarskóli
- Frístundaleiðb. á frístundaheimili - Hraunvallaskóli
- Sérkennsla í námsver unglinga - Hraunvallaskóli
- Skólaliði - Hraunvallaskóli
- Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
- Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
- Aðstoðarverkefnastj. tómstundamið. - Setbergsskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg - Setbergsskóli
- Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
- Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli

**Leikskólar**
- Deildarstjóri - Arnarberg
- Leikskólakennari - Bjarkalundur
- Leikskólakennari - Hlíðarendi
- Leikskólakennari - Hvammur
- Leikskólakennari - Norðurberg
- Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Þjónustuver**
- Þjónustufulltrúi

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

## Forstöðumaður íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að áhugasömum einstaklingi til að sjá um að skipuleggja og leiða starfsemi í íbúðakjarna í Dimmuhvarfi.

**Starfshlutfall og ráðningartími**
Um er að ræða 100% starf, til eins árs.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfa eða mennta- og félagsvísinda
- Starfs- og stjórnunarreynsla í málefnum fatlaðs fólks skilyrði.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ber ábyrgð á rekstri heimilisins í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Stýrir faglegu starfi og þróar innra starf í samræmi við stefnu bæjarins.
- Sér um starfsmannamál og skipulag vakta.
- Vinnur að gerð þjónustuáætlana og annast samskipti við aðstandendur og aðra aðila um málefni íbúanna.
- Vinnur eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar.

**Frekari upplýsingar**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá velferðarsviði Kópavogs þurfa að skila sérstöku sakavottorði eða veita heimild til að leitað sé upplýsinga af sakaskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaug Ósk Gísladóttir í síma 441-000 og einnig í netfangið **gudlaugo@kopavogur.is**.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

**kopavogur.is**

# SÉRFRÆÐINGUR Á FLUGREKSTRARSVIÐI
## MANAGER CABIN CREW




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85579 08/17

**Icelandair leitar að starfsmanni í starf sérfræðings – Manager Cabin Crew í rekstrar- og flugöryggisdeild flugfreyja og flugþjóna. Deildin heyrir undir flugrekstrarsvið Icelandair og annast öryggismál um borð, starfsmannamál flugfreyja og flugþjóna auk útfærslu á þjónustu um borð í flugvélum félagsins.**

**STARFSSVIÐ:**
- Umsjón með starfsmannamálum flugfreyja og flugþjóna.
- Eftirfylgni með starfsmannastefnu.
- Vinna við nýráðningar og starfslok.
- Ráðgjöf, stuðningur og upplýsingaveita til flugfreyja og flugþjóna.
- Árangursmælingar og eftirfylgni er varðar öryggis-, þjónustu- og starfsmannamál og stjórn á verkefnum þeim tengdum.
- Framfylgni á rekstraráætlun deildarinnar.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking af starfsmannastjórnun er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta.
- Góð tölvufærni, sér í lagi vinna í excel.
- Þekking á flugrekstri er kostur.
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 5. september 2017.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Klara Vigfúsdóttir | Forstöðumaður Cabin Operations | klarav@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | Mannauðsstjóri aðalskrifstofu | starf@icelandair.is

ICELANDAIR

# Sóltún Heima leitar að leiðtoga

Við leitum að jákvæðum, lausnamiðuðum og drífandi einstaklingi með ólæknandi áhuga fyrir bættri vellíðan og heilsu aldraðra. Við lofum spennandi verkefnum og skemmtilegu starfsumhverfi í nýju fyrirtæki á sviði öldrunarþjónustu.




**STARF: HJÚKRUNARSTJÓRI HEIMAÞJÓNUSTU OG HEIMAHJÚKRUNAR**

**STARFSSVIÐ:**

- Þróun og uppbygging á heimaþjónustu og heimahjúkrun
- Þjónusta og samskipti við skjólstæðinga, ættingja og aðra hagsmunaðila
- Skipulagning þjónustu
- Gerð gæðahandbókar
- Stjórnun starfsmanna í heimaþjónustu og heimahjúkrun
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Hjúkrunarfræðingur með meistarapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustu við aldraða, starfsreynsla í heimaþjónustu eða heimahjúkrun er kostur
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Skipulagshæfni
- Hugmyndaauðgi

Sóltún HEIMA

Áhugasamir hafi samband við Höllu Thoroddsen, framkvæmdastjóra Sóltúns Heima, í síma 563 1402 eða netfangið halla@soltunheima.is.
Fullum trúnaði er heitið.

Umsóknarfrestur er til 8. september.

Sóltún 2, 105 Reykjavík, sími 563-1400
**www.soltunheima.is**

---

*S. Gunnbjörnsson ehf*
heildverslun

**Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.**

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum. Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.
Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.
**Umsóknir óskast sendar á sgunnbj@simnet.is**

---







# BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

## Rafvirkjar

Vantar öfluga rafvirkja sem geta tekið að sér stórt verkefni í Reykjanesbæ. Mikil mælingavinna framundan. Upplýsingar veitir Guðmundur Sölvi S:693-7329
gudmundur@bygg.is

## Vörubílstjóri, Vélamenn

Framtíðarstörf í boði.
Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000
guðjon@bygg.is

**www.bygg.is**

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

**BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**

---

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

# HEGÐUNARRÁÐGJAFI ÓSKAST

Reykjanesbær óskar eftir að ráða hegðunarráðgjafa til starfa á fræðslusvið bæjarins. Nú í haust mun skólaþjónusta Reykjanesbæjar bjóða uppá þjónustu hegðunarráðgjafa í fyrsta sinn, fyrir leik- og grunnskóla. Markmið þjónustunnar er að veita sérhæfða og einstaklingsmiðaða ráðgjöf í raunaðstæðum, sem byggir á viðurkenndum aðferðum.
Hegðunarráðgjafi starfar í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, starfsfólk skóla, velferðarþjónustu og aðra sérfræðinga. Faglegt starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á sjálfstæði, vönduð vinnubrögð, klínískar leiðbeiningar og að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi.

**Starfssvið sálfræðings:**

- Sérhæfð og einstaklingsmiðuð ráðgjöf til skóla vegna nemenda í leikskóla og yngri bekkjum grunnskóla sem eiga erfitt með að taka virkan þátt í daglegu skólastarfi.
- Bein athugun á börnum í leik- og grunnskólum, þar sem stuðst er við viðurkenndar aðferðir við kortlagningu hegðunar (sbr. virknigreining).
- Vinnur aðgerðaráætlun í samstarfi við starfsfólk skóla og styður við innleiðingu og framkvæmd hennar.
- Vinnur í þverfaglegu teymi skólaþjónustu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun og reynsla á sviði kennslufræða, sálfræði, uppeldis- og menntunarfræða eða önnur menntun sem nýtist í starfi og tengist vinnu með börnum í skólaaðstæðum.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla á sviði árangursríkra uppeldis- og hegðunarmótandi aðferða.
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2017.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur, einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.

---

**Sunnuhlíð**
**Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi**

*Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.*



# Hjúkrunarfræðingar

## Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.

- Í boði eru allar vaktir
- Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar: **sunnuhlid.is** Nánari upplýsingar veitir **Svanlaug Guðnadóttir** framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma **864-4184**

Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175



## Skrifstofustjóri

**Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða skrifstofustjóra. Um er að ræða 100% starf og æskilegur ráðningartími er frá 1. nóvember 2017.**

**Helstu verkefni eru:**

- Umsjón með skrifstofueiningu Fjölskyldusviðs
- Heldur utanum rekstur/bókhald kostnaðarstöðva sviðsins
- Vinnur að fjárhagsáætlana- og starfsáætlanagerð í samstarfi við sviðsstjóra
- Sinnir fjárhagslegu eftirliti
- Sinnir ýmsum þróunarverkefnum

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á viðskipta- eða rekstrarsviði.
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum þ.m.t. bókhaldi er nauðsynleg ásamt færni í öllum almennum tölvuforritum
- Þekking á Navision og SAP er kostur
- Mikill sveigjanleiki og framúrskarandi samskiptahæfni er nauðsynleg svo og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2017**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Hálsaskóg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Hálsaskógi.**

Hálsaskógur er 6 deilda leikskóli við Hálsasel 27-29 í Seljahverfi í Reykjavík. Leiðarljós leikskólans eru leikur, virðing og vinátta og markvisst er unnið með fjölbreytileikann og fjölmenningu. Leikskólinn er Grænfánaskóli og tók þátt í Nordplus Junior verkefni um umhverfismennt, *The earth depends on me.* Útinám og vettvangsferðir skipa stóran sess í starfinu og markmiðið er að börnin fái tækifæri til að njóta og upplifa. Unnið er eftir hugmyndafræði um jákvæða sálfræði og verið er að innleiða Uppeldi til ábyrgðar. Hálsaskógur tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi Breiðholt og áhersla er lögð á að bjóða upp á hollan og góðan mat í leikskólanum. **Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Hálsaskógi.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. nóvember 2017. Umsóknarfrestur er til og með 11. september 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir**

---

# ÉG VIL VINNA MEÐ ÞÉR




**ÓSKUM EFTIR HRESSU OG DUGLEGU STARFSFÓLKI.**

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á KFC?
Hefurðu áhuga á að vinna fyrir eina stærstu skyndibitakeðju heims og eiga möguleika á að vinna þig upp og þróast í starfi? Við bjóðum uppá sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

Hefur þú áhuga á að slást í hópinn? Fylltu út umsóknarformið á **www.kfc.is/atvinna**
Fyrirspurnir um störfin sendist á **barbara@kfc.is**

KFC®






**Do you want to take part in building the True Cloud Concept for the biggest tech companies in the world?**

Do you love finding creative solutions to difficult challenges? Do you thrive as part of a committed team? Do you want to make an impact and help your career and your company advance together?

Then join our Reykjavik team and help accelerate the leadership of NetApp in Hybrid Cloud globally.

NetApp

NetApp is the leader in data insight, access, and control for hybrid cloud environments. NetApp provides global organizations the ability to manage and share their data across on-premises, private, and public clouds.

# NetApp Iceland is hiring!

We hire exceptionally talented people and support them to do what they do best. We value our employee's input greatly, and urge them to take initiative and be innovative. Looking after our people is an important part of how we do business. We nurture a dynamic and exciting workplace, with great opportunity for career acceleration. NetApp has been listed in the top 5 as the World's Best Multinational Workplaces for 5 consecutive years.

## Senior Software Engineer

As an experienced developer, you will take the lead in design and implementation of our current and future products. You are comfortable working on existing or new code, and able to quickly understand code architecture. You will mentor new team members and lead by example.

**Qualifications**

- BSc degree in Computer Science or related technical field, or equivalent practical experience
- 5 - 7 years experience, with demonstrated ability to take a leading role in a development team
- Extensive experience with:
  - Java or Go
  - Container based technology, either Docker or Kubernetes
  - Linux, preferably Debian
  - REST API design and implementation
  - Git
  - Traditional and document databases
- Systematic problem-solving approach, coupled with strong communication skills, and a sense of ownership and drive
- Broad experience a plus.

## Software Engineer

As a part of our core team, you are comfortable working in a team of motivated people. You will work on implementing new solutions, as well as adding to existing codebases.

**Qualifications**

- BSc degree in Computer Science or related technical field or equivalent practical experience
- 3 - 5 years experience in a similar role
- Extensive experience with:
  - Java or Go
  - Container based technology, either Docker or Kubernetes
  - REST API implementation
  - Git
  - Traditional and document databases
- Demonstrated Linux experience
- Systematic problem-solving approach, coupled with strong communication skills, and a sense of ownership and drive.

## Quality Assurance Lead

As the lead of our QA team, you will work closely with our development and SRE teams in an agile environment. You'll be responsible for writing test plans, analysing our testing needs, and designing and implementing automated system tests, including UI tests. You'll mentor other teams on QA best practice and take an active part in daily QA activities, including synchronisation with remote teams.

**Qualifications**

- BSc degree in Computer Science or related technical field or equivalent practical experience
- 3 - 5 years experience in a leading role in a software QA team
- Extensive experience with:
  - Software testing, automated and manual
  - JIRA workflows, or a similar issue system
  - Scripting and automation with one or more of Python, Go, Perl or Ruby
  - Git

## Quality Assurance Engineer

As a part of our QA team, you'll execute manual tests, implement integration tests and help with our automation efforts. Working closely with our development and SRE teams on deployment verifications, you'll also assist with adding new components to our build pipeline and testing suite.

**Qualifications**

- BSc degree in Computer Science or related technical field, or equivalent practical experience
- 2 years experience working in QA for a software company
- Extensive experience with:
  - Container technology, preferably Kubernetes
  - Working with modern software build systems – Gitlab users welcome
  - Git

## Site Reliability Engineer

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

**Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is**

## Frábært atvinnutækifæri á yndislegum stað !

Við vinsælustu ferðamannaleið landsins
„Gullna hringinn“
er til sölu skemmtilegt fyrirtæki sem
samanstendur af gistihúsi, kaffihúsi og verslun.
Mikill vöxtur og gríðarleg tækifæri.

Áhugasamir geta sent inn fyrirspurnir á
**gullnihringurinn@gmail.com**

## Gott skrifstofuhúsnæði til leigu

**Til leigu er 197 ferm. skrifstofuhúsnæði við ofanverðan Bíldshöfða.** Húsnæðið skiptist í opið rými og móttöku, auk fjögurra stórra skrifstofuherbergja, sem hvert um sig rúmar 2-3 vinnustöðvar. Sameiginlegar snyrtingar eru á hæðinni.

Vsk. innheimtist ekki af leigunni og hentar húsnæðið því vel aðilum sem eru í vsk. lausri starfsemi.
Beiðni um frekari upplýsingar sendist í tölvupósti til **dogdleiga@gmail.com.**

## Jöfnunarstyrkur til náms

LÍN

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

**Umsóknarfrestur á haustönn 2017 er til 15. október n.k.**

**Lánasjóður íslenskra námsmanna - Námsstyrkjanefnd**

## Löggildingarnámskeið fyrir mannvirkjahönnuði

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar Mannvirkjastofnunar til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði 25. og 26.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, verður haldið í október og nóvember 2017, ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið mun hefjast mánudaginn 30.október 2017. kl. 09:00 – 17.00 og standa dagana 30. – 31.okt. – 1., – 2.,- 3. nóv. og lýkur með prófi laugardaginn 11. nóvember. Námskeiðsgjald er 95.000.- kr. og 60.000.- kr. fyrir þá sem sækja námskeiðið til endurmenntunar án prófs.

Upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá IÐUNNI-fræðslusetri, Vatnagörðum 20, Reykjavík eða vefsetrinu www.idan.is.

Umsóknum skal skilað til IÐUNNAR útfylltum ásamt **1) afriti af prófskírteini umsækjanda, 2) vottorði frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um réttindi til starfsheitis, 3) vottorði/um um 3 ára starfsreynslu, sbr. 1.mgr. 26.gr. laga um mannvirki, eigi síðar en mánudaginn 13.október 2017.**

Nánari upplýsingar í síma 590 6434.

Mannvirkjastofnun

Mannvirkjastofnun | Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

## HS ORKA

**Brúarvirkjun**
**BRÚ-32 Glertrefjastyrktar plastpípur (GRP)**
**Útboð nr. 201703**

HS Orka hf óskar eftir tilboðum í glertrefjastyrkta plastpípu fyrir Brúarvirkjun í Tungufljóti í Biskupstungum, Bláskógabyggð, samkvæmt útboðsgögnum nr. 201703. Um er að ræða þrýstipípu virkjunarinnar.

Verkið felur í sér deilihönnun, framleiðslu, flutning og afhendingu á verkstað auk leiðbeininga við uppsetningu.

**Helstu kennistærðir eru:**

| | |
|---|---|
| Glertrefjastyrkt plastpípa: | DN 3200; L= 1630 m |
| Mannop: | Ø 800; 3 stk |
| Tengistykki, GRP/stál: | DN 3200; 2 stk |

Heimilt er að bjóða helming pípuefnisins af næstu stærð fyrir ofan þá sem skilgreind er, í þeim tilgangi að lækka flutningskostnað.

Uppsetning er ekki hluti af verkinu og mun byggingarverktaki sjá um hana. Verk þetta felur í sér kennslu og þjálfun starfsmanna við; undirbúning fyrir niðurlögn, niðurlögn, samsetningar og skurð á pípueiningum.

Afhenda skal pípueiningar í áföngum. Fyrstu pípueiningarnar skal afhenda á verkstað í apríl 2018 en allt efni skal vera afhent að fullu 1. september 2018.

Útboðsgögn verða aðgengileg á útboðsvef HS Orku hf, og skulu bjóðendur senda tölvupóst á netfangið **bruarvirkjun@hsorka.is** til þess að fá aðgang að vefnum. Tilboðum skal skilað til HS Orku, Svartsengi, 240 Grindavík fyrir klukkan 12:00 þann 18. október 2017 og verða tilboð opnuð klukkan 14:00 sama dag.

MANNVIT | Urðahvarf 6 - 203 Kópavogur - 422 3000 - mannvit@mannvit.is - www.mannvit.is

HS ORKA SVARTSENGI 240 GRINDAVÍK 520-9300 HSORKA@HSORKA.IS



## Raunfærnimat í hljóðvinnslu

Starfar þú við upptökur,
hljóðvinnslu eða mögnum
og hefur gert það í nokkur ár?

Kynningarfundur um raunfærnimat í hljóðvinnslu verður á Stórhöfða 27 þriðjudaginn 5. september kl. 17:00.

Markmiðið með raunfærnimati er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5256**



## Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða
rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 28. ágúst 2017 kl. 17:00.
Gengið inn Grafarvogs megin.

“Ertu í stuði?” er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5256**

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

## Mávahlíð 20, kjallari.

Opið hús á sunnudaginn 27. ágúst á milli kl. 14 og 14:30




Gullfalleg og mikið endurnýjuð 65 fm tveggja herbergja íbúð með sér inngangi á þessum eftirsótta stað.
Útgangur er úr stofu á hellulgaða grill suður verönd.
Glæsileg eign í alla staði. **Verð 34,9 millj.**
**Opið hús á sunnudaginn 27. ágúst á milli kl. 14 og 14:30.**
**Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum.**
**S: 895 3000.**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



Til sölu á Rangárvöllum

# Jörðin Gilsbakki

Um er að ræða 102 ha lögbýli rétt við Hellu. Þar af er um 35 ha skógræktarland, (kvöð vegna nytjaskógræktar) og um 40 ha ræktað tún. Á jörðinni eru fjögur hús. Einbýlishús/bjálkahús á tveimur hæðum 96 fm að grunnfleti, nýtt hús/bílskúr 100 fm að grunnfleti (skráð 160 fm) þar sem gert er ráð fyrir íbúð á efri hæð með fallegu útsýni og tvö gestahús um 30 fm hvort. Deiliskipulag jarðarinnar nær til um 6 ha.

Gert er ráð fyrir að byggja til viðbótar íbúðarhús, bílskúr, útihús, skemmu og geymslu. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er flatarmál húsanna sem þegar eru byggð skráð 284,3 fm. Eitt gestahúsið hefur ekki verið skráð en það er óklárað að innan.

**Umhverfisnefnd Rangárþings ytra hefur veitt eigendum að Gilsbakka viðurkenningu fyrir snyrtilega aðkomu og vel hirt umhverfi á lögbýli.**

**Verð 155 millj.**



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
*löggiltur fasteignasali*
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Sumarbústaður í landi Miðengis Grímsnes- og Grafningshreppi



Mjög fallegur og mikið endurnýjaður samtals 116,3 fm sumarbústaður með geymsluhúsi á 2,5 ha eignarlandi í landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sumarbústaðurinn er skráður 100,3 fm og geymsluskúr 16 fm. Á teikningum er gert ráð fyrir að skipta megi landinu í fjórar sumarbústaðalóðir. Mjög fallegar tröppur (úr timbri) með lýsingu liggja upp að bústaðnum frá bílaplani. Landið er kjarri vaxið en einnig er stór grasflöt rétt við bústaðinn. Stór pallur er við bústaðinn og heitur pottur. Mjög fallegt útsýni er úr bústaðnum. Bústaðurinn er við enda brautar í mjög rólegu umhverfi. **Verð 42,0 m.** Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir lg. fasteignasali s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Sveinn | Hannes | Lára | Kristján | Ólafur | Kristín | Bjarni | Albert | Helga | Vernharð | Stefán | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Víglundur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA |

**OPIÐ HÚS › 27. ágúst 17:30 - 18:00**



## Lokastígur 20a
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 61,3 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Góð þriggja herbergja íbúð á eftirsóttum stað í hjarta borgarinnar. Rúmgott hjónaherbergi, stór stofa, barnaherbergi og eldhúskrókur. Mjög snyrtileg og falleg íbúð. Laus við kaupsamning.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 — **36.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 27. ágúst 16:30 - 17:00**



## Kleppsvegur 132
104 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 97,3 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Virkilega góð endaíbúð í vel staðsettu húsi með lyftu. Góðar suður og vestursvalir. Gluggar og gler endurnýjað, verið að mála hús að utan. Virkilega góð eign fyrir stóra fjölskyldu.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 — **40.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali





## Lautarvegur 4
108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 172 og 104 fm SÉRHÆÐIR | HERB: 3-4

Glæsilegar nýjar sérhæðir á frábærum stað. Íbúð á 2 hæð, 4ra herb., með bílskúr og tvennum svölum og íbúð á 3ju (efstu) hæð, 3ja herbergja. Afhendast fullbúnar án gólfefna.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 — **85.9 - 93,9 M KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 17:30 - 18:00**





## Mánatún 13
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 120,5 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 1.hæð við Mánatún 13 í Rvík ásamt bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er 120,5fm, þar af geymsla 7,1 fm. Tvennar svalir sem snúa til N/A og N/V.

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 — **54.500.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 18:30 - 19:00**





## Sólheimar 44
104 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 167 fm | SÉRHÆÐ | HERB: 6

Mjög fallega, mikið endurnýjaða og vel skipulagða 5-6 herbergja sérhæð ásamt bílskúr við Sólheima 44 í Reykjavík.

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 — **62.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 29. ágúst 18:00 - 18:30**





## Þorrasalir 15, íb 505
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 93,3 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Falleg íbúð á fimmtu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Eignin stendur við 18 holu golfvöll GKG og stutt er í alla helstu þjónustu. Byggt 2015 - afhent 2016. Eikarparket á gólfum.

Heyrumst
Magnús › 699 2010 — **46.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 28. ágúst 18:30 - 19:00**





## Þorrasalir 15, íb 305
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 93,3 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Falleg íbúð á þriðju hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Eignin stendur við 18 holu golfvöll GKG og stutt er í alla helstu þjónustu. Byggt 2015 - afhent 2016. Eikarparket á gólfum.

Heyrumst
Magnús › 699 2010 — **45.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 31. ágúst 18:00 - 18:30**





## Vesturgata 50 A
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 86 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Falleg og björt fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð að Vesturgötu 50a. Íbúðin mikið endurnýjuð sumarið 2015. Húsið endursteinað að utan.

Heyrumst
Magnús › 699 2010 — **49.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 29. ágúst 17:30 - 18:00**





## Lindargata 20
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 30,6 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2-3

Skemmtileg íbúð á efri hæð í fjórbýli við Lindargötu. Íbúðin býður uppá mikla möguleika þar sem hægt er koma fyrir svefnlofti. Góð útleigu eining.

Heyrumst
Kristján › 696 1122 — **26.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

## Lundur 2 í Lundarreykjadal í Borgarbyggð




Til sölu lögbýlið Lundur 2 í Lundarreykjadal í Borgarbyggð. Eignin er með fallegu útsýni yfir dalinn og Grímsá. Jörðin er 5,7 ha. og á henni stendur 163 fermetra einbýlishús og 379,4 fermetra minkahús. Einbýlishúsið hefur verið mikið endurnýjað.

Eignin er tilvalin fyrir ferðaþjónustu og/eða sem sumarhús fyrir fjölskyldu. Um er að ræða einstakt tækifæri til að eignast vel staðsett land nærri vinsælum ferðamannastöðum. Óskað er eftir tilboðum í eignina.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:**

**Sverrir Pálmason, hdl.**
Löggiltur fasteignasali
s. 867 1001
sverrir@jas.is

J Á S FASTEIGNIR

---

TRAUSTI fasteignasala



***Kristján Baldursson hdl.***
*Löggiltur fasteignasali*
*og leigumiðlari*
*867-3040*

## Meistarafélagið við Skipholt 70



Trausti fasteignasala kynnir til sölu glæsilega fullbúna 3ja herb. íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli í Skipholti 70 í Reykjavík. Íbúðin er 66,2 fm. og henni fylgja 12 fm. svalir. Húsið er 3ja hæða lyftuhús með 19 íbúðum og verslun á jarðhæð. Studio Granda sér um hönnun hússins, jafnt ytra sem innra.
**Verð: 42,5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi. Er í námi til löggildingar fasteigna- fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

## Birkiholt 6 – 225 Garðabær

**Opið hús í dag laugardag kl. 13:00 – 13:30**




3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 3. hæð í fjölbýli á rólegum stað. Íbúðin er 87,3 fm. og sérgeymsla í sameign er 6,8 fm. Stutt er í leikskóla, skóla og tómstundastarf. Leikvöllur rétt við blokkina.
**Verð: 39,9 millj.**

## Hjallavegur 54 – 104 Reykjavík

**Opið hús þriðjudaginn 29. ágúst kl. 17:30 – 18:00**




Vel staðsett 3ja herbergja risíbúð í tvíbýli með góðum garði á baklóð. Eignin er skráð 62 fm. en gólfflötur íbúðar er stærri. Geymsluloft er yfir allri íbúðinni sem nýtist vel. Þvottahús í sameign og geymsla í séreign í stakstæðri byggingu á lóð. **Verð: 34,5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

---

ATVINNUHÚS EHF

## Villa í Lückendorf til sölu









Til sölu reisuleg og endurbyggð um 500 fm. villa í hinu fagra umhverfi Luckendorf í Þýskalandi. Húsið er í eigu íslendinga sem hafa látið endurnýja eignina. Húsið stendur á 5.600 fm. eignarlóð og er byggt árið 1904 í Art Nouveau stíl. Húsið hentar hvort heldur sem er til einkanota, t.d. fyrir 2-3 fjölskyldur eða til útleigu og fundarhalda.

**Söluverð kr. 90.000.000,-**

**Staðsetning:**
Kammstrasse 34, Luftkurort Lückendorf í Þýskalandi við landamæri Tékklands og Póllands. Fagurt útivistarumhverfi með skógum og fjöllum. Þekkt fyrir mikil loftgæði og milt loftslag. Stutt í golfvelli og skíðasvæði.

**Vegalengdir:** 285 km. frá Berlin.
120 km. frá Prag í Tékklandi
130 km. frá Dresden

**Lýsing:**
Í húsinu eru 6 svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum og 1 með kojum. 4 salerni, 2 baðherbergi, setustofa með arni, borðstofa fyrir 16 manns, vel búið eldhús, afþreyingarherbergi, sólstofa og grillverönd. Þaksvalir eru á efsta þaki hússins og í kjallara er m.a sjónvarpsherbergi. Húsnæðinu getur fylgt allur nauðsynlegur búnaður.

**Frekari upplýsingar teikningar og fleiri myndir: atli@atvinnuhus.is**

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is

---

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT

---




# Topp íbúð




Stórglæsileg 198,3 fm íbúð á efstu hæð á friðsælum stað miðsvæðis í Reykjavík þar sem stutt er í alla þjónustu. Eignin skiptist í anddyri, eldhús, borðstofu, stofu, fjögur herbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Hjónasvíta með sér baðherbergi og miklum fataskápum. Vandaðar innréttingar úr hnotu, granítborðplötur, gólfhiti og aukin lofthæð. Skjólgóðar suð-vestur svalir. Tvö stæði í bílgeymslu. Húsvörður.
Mánatún 3, opið hús sunnudag 27. ágúst klukkan 15:00 til 15:30.

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

---

ráðum ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

TRAUSTI fasteignasala

**VIÐ ERUM TRAUSTI**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

**Hákon Guðmundsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala.
S: 861-9240

**Einar P. Pálsson**
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779



# Fjölnisvegur 11

## 101 Reykjavík





## Einstaklega fallegt og glæsilegt einbýlishús á frábærum stað í Þingholtunum.



Húsið er sérlega virðulegt og vandað í alla staði sem hefur fengið gott viðhald og engu til sparað.

Húsið er á þremur hæðum auk kjallara og stendur á sérlega fallegri lóð með góðri heimkeyrslu. Í húsinu eru átta svefnherbergi, þrjár stofur og ris sem býður upp á margvíslega notkunarmöguleika. Hægt er að útbúa séríbúð í kjallara.

Frístandandi bílskúr er á lóðinni og heitur pottur.

Húsið er skráð alls 433,3 fm. og þar af er 25,8 fm. bílskúr.

Kristján Baldursson
hdl.
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



Guðbjörg G Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949



GarðarKjartansson
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779



Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík


Við erum
Félag
fasteigna
sala
Sjáðu alla 270 félagsmenn okkar inni á ff.is eða fasteignir.is



FÉLAG FASTEIGNASALA

Stofnað 1983

**Sjáðu alla 270 félagsmenn okkar inni á ff.is eða fasteignir.is**

## Furuvellir 16 221 Hafnarfjörður




# Fallegt einbýlishús á einni hæð

Vorum að fá í sölu fallegt og vandað einbýlishús með fimm svefnherbergjum á einni hæð, mikilli lofthæð og suður sólpalli. Húsið er vel hannað fyrir stóra fjölskyldu og stendur við eftirsótta götu á Völlunum í Hafnarfirði.
Húsið 175,2 fm og bílskúr 33,7 fm, samtals 208,9 fm

Söluskoðun óháðra fagmanna Frumherja liggur fyrir, eins og í öllum eignum sem Nýhöfn hefur til sölumeðferðar.

Stærð 209 fermetrar (Hús 175,2 fm, bílskúr 33,7 fm)
Svefnherbergi 5
Stofur 2
Baðherbergi 2

Síminn er 515 4500 og netfangið nyhofn@nyhofnfasteignir.is

nýhöfn FASTEIGNASALA

Lárus Ómarsson | **löggiltur fasteignasali**

Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | Sími 515 4500 | www.nýhöfn.is

---

HELGAFELL FASTEIGNASALA

s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is



Guðbrandur Jónasson
lögg. fasteignasali
gsm 896 3328



## Fífuhjalli 15 í suðurhlíðum Kópavogs.

**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 29.ágúst kl 17:30 - 18:00.**

Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum, birt stærð 290,7 fm að auki er 20 fm óskráð rými sem er í skráningarferli samtals 310,7 fm, með skjólsælum vel grónum garði mót suðri og tveimur sólpöllum. Það stendur neðan við lokaða götu á kyrrlátum stað við gróið útivistarsvæði.

**Nánari upplýsingar á helgafellfasteignasala.is**

---

INHOPE insafe SAFT

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

---


Fannborg 2


Fannborg 4


Fannborg 6

# Sala fasteigna Kópavogsbæjar í Fannborg í Kópavogi

Kópavogsbær auglýsir eftir áhuga þróunarfélaga, fjárfesta, byggingarfélaga og annarra á kaupum á fasteignum í Fannborg í Kópavogi.

Kópavogsbær hefur flutt stjórnsýslu sína úr Fannborg og hefur bæjarstjórn samþykkt að hefja opið söluferli fasteignanna Fannborg 2, 4 og 6, þar sem tekið verði tillit til niðurstaðna húsnæðisskýrslu starfshóps bæjarráðs um stöðu húsnæðismála frá árinu 2015.

Kópavogsbær mun samhliða sölu fasteigna skoða möguleika á að gera breytingar á skipulagi svæðisins sem gæfu möguleika á að byggja nýtt húsnæði á svæðinu. Kaupendur fasteigna hefðu forgang á auknum byggingarrétti á svæðinu.

**Tilboðum í fasteignirnar, ásamt framtíðarsýn um notkun þeirra, skal skilað til viðkomandi fasteignasölu eigi síðar en fimmtudaginn 12. október nk.**

**Áhugasamir hafi samband við eftirtaldar fasteignasölur sem munu sjá um söluna fyrir Kópavogsbæ:**

DOMUSNOVA Fasteignasala

EIGNABORG FASTEIGNASALA

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 • Kópavogi • 510 7900

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984
535 1000
Þorlákur Ómar Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Kópavogsbær

kopavogur.is

# NÝJAR SENDINGAR





















habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

**TEKK COMPANY OG HABITAT**
**SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI**
**SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18**
**OG SUN KL. 13–17**
**VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS**

# Gott að eiga sinn eigin heim

**Þriðja breiðskífa Sóleyjar kom út í vor og var fylgt eftir með þriggja vikna tónleikaferðalagi um Evrópu. Á morgun, sunnudag, kemur hún fram á síðustu stofutónleikum sumarsins á Gljúfrasteini.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is





Í heimi þar sem allt þarf að vera svo stórt, útávið og ópersónulegt þá er stundum gott að eiga sinn eigin heim í formi tónlistar eða í annars konar list fjarri öllu áreiti. MYND/ANTON BRINK

Tónlistarkonan Sóley kemur fram á síðustu stofutónleikum sumarsins á Gljúfrasteini á morgun, sunnudag. Þar mun hún flytja lög í akústískum búningi af þriðju breiðskífu sinni Endless Summer, sem kom út fyrr á þessu ári, auk eldri laga af fyrri breiðskífum sínum.

Endless Summer hefur fengið góða dóma og viðtökur hér á landi og erlendis og er Sóley afar ánægð með viðtökurnar. „Ég er bæði mjög ánægð með plötuna og viðtökurnar. Mér fannst mjög gaman að lesa í einum plötudómi um hana, þar sem gagnrýnandinn frá blaðinu Nothing but Hope and Passion skrifaði: „... and in its unpretentious way one of the most important albums I can think of right now“. Og ég tengdi svo við þessa lokasetningu. Í heimi þar sem allt þarf að vera svo stórt, útávið og ópersónulegt þá er stundum gott að eiga sinn eigin heim í formi tónlistar eða í annars konar list fjarri öllu áreiti. Ég held að þessi plata verði ekki mikið einlægari. Allavega lagði ég hjarta mitt og sálu í hana. Eftir útgáfuna förum við í þriggja vikna Evróputúr í maí og í júlí þar sem við fengum rosa góðar viðtökur, það er búið að vera alveg yndislegt að spila þessa plötu. Fram undan eru svo fleiri tónleikar í fleiri heimsálfum.“

Með Sóleyju á morgun koma fram þær Þórdís Gerður Jónsdóttir sem leikur á selló, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir fiðluleikari, Margrét Arnardóttir sem leikur á harmóníku og Katrín Helga Andrésdóttir sem syngur bakraddir.



Endless Summer kom út í vor við góðar undirtektir.

> **Ég held að þessi plata verði ekki mikið einlægari. Allavega lagði ég hjarta mitt og sálu í hana.**
>
> Sóley

## Margt á döfinni

Hún segir Endless Summer vera akústískari en fyrri verk hennar. „Ég útsetti fyrir klarinett, selló, básúnu, flautu og harmóníku sem mér fannst mjög spennandi. Hún er mjög náttúruleg finnst mér og um leið fljót í smíðum. Ég nánast hristi lögin fram úr erminni og þegar ég var farin að rembast þá hætti ég að semja og fór bara beint í að útsetja, taka upp og klára. Mér fannst þetta mjög skemmtilegt tónsmíðaferli.“

Margt er á döfinni hjá Sóleyju í vetur. „Í desember gef ég út plötu með með vinum mínum Sindra Má (Sin Fang) og Örvari Smárasyni úr múm. Við höfum verið að semja eitt lag á mánuði þetta árið og gefið það út. Það hefur verið ansi lærdómsríkt ferli að semja á ógnarhraða, taka upp, mixa, mastera og gefa út á einum mánuði. Ég er einnig að byrja með nýtt prójekt þar sem ég mun spila ein á harmóníku og syngja, öskra eða hvísla í lúppugræju. Svo mun þetta allt fara í gegnum einhverja effekta. Það er mjög erfitt að útskýra þetta verkefni og fólk fer alltaf að hlæja þegar ég segist vera að byrja með harmóníkuprójekt. Þetta hefur verið draumur minn í næstum tvö ár og loksins gefst smá tími núna. Þetta verður eitthvað mjög tilraunakennt. Síðan held ég tónleika í Mengi 29. september þar sem ég ætla að prófa þetta í fyrsta skipti og allir velkomnir í harmóníkudraugalandið.“

## Góð fyrirmynd

Fyrsta breiðskífa Sóleyjar, We Sink, kom út árið 2011 og fjórum árum síðar kom Ask the Deep út. „Ég hef alltaf verið mikið á flakki síðan ég byrjaði í þessu tónlistarstússi. Ég eignaðist svo barn árið 2014, gaf út aðra breiðskífu mína árið 2015 og ferðaðist með hana um heiminn. Ég er bara mjög mikið að reyna að vera góð móðir og góð fyrirmynd fyrir dóttur mína, t.d. með því að ferðast um heiminn og spila. Þannig held ég að dóttir mín muni bersýnilega sjá að það er ekkert sem kemur í veg fyrir að hún geti látið drauma sína rætast.“

Miðar á tónleikana eru seldir í safnbúðinni á Gljúfrasteini á morgun, sunnudag, og kosta 2.000 kr. Mælt er með því að tónleikagestir kaupi miða tímanlega og tryggi sér sæti þar sem það er frjáls sætaskipan í stofunni. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Sóleyjar.





# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

GOTT ÚRVAL AF FATNAÐI Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á WWW.CURVY.IS EÐA KOMDU VIÐ Í
VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9

























## VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Við erum á Snapchat > Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is


Egill
Arnason™


GERÐU KRÖFUR
HARÐPARKET
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15

## Bílar & Farartæki


Toyota Kauptúni



LEXUS Is300h s/d exe plus hybrid, sól. Árgerð 2014, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Betra verð 3.950.000. Rnr.991206.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


## Bílar til sölu



TOYOTA Land cruiser 120 GX 8 manna. Árg '08 ek. 147þús, dísel, sjálfsk. krókur. Engin skipti. Verð 3800.000 Uppl. í s. 899 2838



**MATARBÍLL TIL SÖLU.**

Allt nýtt, rafmagn, gas og innréttingar, fullur af græjum, ekinn 30þ. skoðaður 19 Verð aðeins 3.,5. Meiri uppl. 820-5181



Benz E-500, 2002, 310 hö. einn eigandi frá upphafi. Verð 1,1 mill. 898-4202



Toyota Yaris 1999 ekinn 142þ. 5g.Einn eigandi. þjónustubók,Nýjar bremsur,og fl. Verð 280þ. Uppl. 820-5181



Landcruser 120 árgerð 2005, 35" breyting frá Arctic Trucs. Ek. 141 þúsund km. Sjálfskiptur, skoðaður 2018. Góður bíll. Verð 3,4 milljónir. Uppl. í s. 893 7484



Ford Explorer 2002 6 cyl ekinn 190þ. mílur. Þarfnast aðhlynningar. Verð 235þ kr. Uppl. gefur Sverrir í s. 8955354



Peugeot 208 árg. 2016 ekinn 10þ. km Hlaðinn aukabúnaði. Verð. 1.790.000 kr. S. 764 9110



Mercedes Benz C 220D Ekinn 26þkm. Nýþjónustaður, í ábyrgð. Leður. Sjálfsk. Flipp flapp skipting. Verð 4.5M stgr. Ekkert áhvílandi. S. 7817200



Benz C 350 Plug in Hybrid 2015 Stw. Avantgarde leður og tekk innrétting. Avantgarde útlit. Comfort sætapakki. Harman Kardon sound system. Loftpúðafjöðrun ofl ofl ofl Stgr. 5,8m. Uppl: 899 0410



BMW 325Xi (4X4) 2007 ekinn 114 þ.km, bensín, sjálfskiptur, leðuráklæði, rafdrifin sæti, hiti í framsætum. Fjarlægðarskynjarar, 17" dekk. Nýskoðaður. Vel með farinn. Verð Tilboð. S. 8217219



Vel með farin HONDA CR-V 2002 sjálfsk, ek. 244þ. SKOÐUN 2018 Dráttarkrókur, heilsársdekk. Nýuppgerður, ný tímareim, vatnskassi ofl. Reyklaus. Útvarp & cd. ca 469.000 kr eða tilboð. s. 776-1691



Ford Mondeo árg 2006 Ek 146þús. Km. Sjálfsk. Skoðaður 2018 Ásett verð 780 þús - tilboð: 500 þús. Uppl.s 660 3175



Toyota Avensis 2005. Ek. 165þ. Nýskoðaður. Í toppstandi. Verð 690þ. S. 8969819

## Atvinna


BRAUT BÍLASALA

**Sölumaður óskast**
**Braut Bílasala leitar af öflugum liðsmanni.**

Í boði er skemmtilegt starf hjá ört vaxandi fyrirtæki í sölu bifreiða, um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sendi upplýsingar um aldur og fyrri störf og menntun á netfangið **gunnar@bilabraut.is**

**Umsóknarfrestur er til 1. september 2017**
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál, öllum umsóknum verður svarað.





Til sölu Toyota Yaris Sol árg. 2007. Ek 178 þús. Verð 500 þús Uppl. s 863-0690



Tveir gullmolar til sölu. Austin Healey Sprite '59 og Mercedes-Benz 280SL '84 S: 894 1326



MMC Pajero INSTYLE, árg 2007, ek 184 Þ.KM, disel, sjálfskiptur.hlaðinn aukabúnaði. WEBASTO. Verð 2.190.000, Uppl. í s. 650 5040

Bens árg 1989 Formadic sjálfskiptur sk "18 Uppl. S 553 2171

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má parfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Vissir þú að... börn eiga rétt á að leita sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Greniúðun, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

RH SMÍÐAR ehf
**Byggingarstjórn.**
**Getum bætt við okkur verkefnum.**
**Rúnar S: 663 4844**
**Hermann S: 896 9819**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Keypt & Selt

## Til sölu



Til sölu eru 154fm af úti flísum ásamt glugga-áfellum og glugga-aðfellum, kjörið sem utanhússklæðning, þetta eru ópóleraður náttúru granít flísar 30x60 cm aðalflísin, 5.900.- kr/fm Nánari upplýsingar í 892 5420 Halldór

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

**AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR TIL SÖLU**
Austurlenskur veitingastaður í skeifan til sölu rekstur eða með húsnæði uppl á tomas6911@gmail.com

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




## Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA**
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH f. Adults/ ENSKA f. Fullorðna: I,II,III. Start/Byrja: 4/9, 2/10, 30/10, 27/11. 2018: 8/1, 5/2, 5/3. Morn/Aftern/Evening. Morgna/ Síðd/Kvölds -4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2 - 5 students/nem. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Heimilið

## Dýrahald

Hreinræktaðir íslenskir fjárhvolpar til sölu ættbókarfærði og bólusettir. Uppl s. 899 1799

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**
Í sendibílaakstur. Hraustur, þjónustulundaður og íslenskumælandi með hreint sakavottorð. Uppl. í s: 892-6363 og á skutlari@gmail.com

**VOGUE FYRIR HEIMILIÐ ÓSKAR EFTIR STARFSMANNI Í VEFNAÐARVÖRUDEILD.**
Óskar eftir starfsmanni í vefnaðarvörudeild, viðkomandi þarf að hafa þekkingu á vefnaðarvöru.
Einnig óskum við eftir starfsmanni í framleiðslu og á lager.
Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á kolbrun@vogue.is
**Endilega sendu inn umsókn á kolbrun@vogue.is**

TMÍ TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í hlutastarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt hlutastarf.

**VANTAR DUGLEGA STARFSMENN TIL ÞJÓNUSTUSTARFA.**
MIXED nýr veitingastaður Hverfisgötu 125 við Hlemm opnar 1.Sept Vantar folk til þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Þarf helst að geta byrjað strax. senda mynd og upplý.á mixed@mixed.is

**MÁLMIÐNAÐARMENN ÓSKAST**
Teknis ehf óskar eftir að ráða málmiðnaðarmenn. Teknis ehf fæst við nýsmíðar og viðhaldsvinnu ýmiskonar innanlands sem utan í svörtu og ryðfríu stáli. Áhugasamir hafi samband við Jón Þór í síma 8935548 eða á netfangið jon@tekn.is

## Til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

HAPPY HOUR ALLA DAGA!! 16-19

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**LEIKIR HELGARINNAR:**

Laugardaginn 26. ágúst
16:20 Man. United - Leicester City

Sunnudaginn 27. ágúst
12:20 Chelsea - Everton
14:50 Liverpool - Arsenal

**HLJÓMSVEITIN ÚLFARNIR**



spila um helgina!
Föstudag og laugardag
frá kl. 00 - 03

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Sérfræðingar í ráðningum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

## Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**

***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



# Ætlar að McRota Mayweather

**Íslandsvinurinn Conor McGregor ætlar að reyna að lumbra á Floyd Mayweather í bardaga. Ómögulegt er að spá um niðurstöðu en flestir vonast eftir sigri McGregors enda saga Mayweathers allt annað en falleg utan hringsins.**


Benedikt Bóas
benediktboas@365.is




Eftir langa bið er komið að stóru stundinni þegar Floyd Mayweather og Conor McGregor munu mætast í hnefaleikabardaga. Bardaginn var staðfestur í júní og verður hann sýndur í um 200 löndum. Mayweather, sem er einn besti boxari sögunnar, mun fá um 300 milljónir dollara fyrir að reima á sig hanskana en Írinn magnaði og Íslandsvinurinn McGregor mun fá örlítið minna. Hann ætti þó að eiga fyrir salti í grautinn.

Í gær voru um tvö þúsund miðar þó óseldir í T-Mobile höllina. Engu að síður er engan bilbug að finna á þeim sem sjá um bardagann. „Þetta er og verður stærsti bardagi í sögu bardagaíþrótta. Það munu milljarðar manna um allan heim horfa,“ lét Dana White hafa eftir sér í vikunni en hann er aðalmaðurinn í MMA. Upphæðirnar í kringum bardagann eru ótrúlegar. Trúlega mun bardaginn raka inn um 600 milljónum dollara og skila þannig mestum tekjum allra bardaga sögunnar.

Mayweather er fertugur og einn allra besti boxari allra tíma. Hæfileikar hans innan hringsins eru óumdeildir og tölfræðin hans er glæsileg. Alls 49 sigrar og ekkert tap á 21 árs ferli.

Ferill hans utan hringsins er þó það sem gerir hann að einum óvinsælasta sigurvegara allra tíma. Hann hefur oft verið ásakaður um heimilisofbeldi og þrisvar sinnum dæmdur til refsingar.

Á fimm mánaða tímabili, milli áranna 2001 og 2002, játaði hann tvær ákærur á hendur sér en þremur var vísað frá. Samkvæmt Las Vegas Review-Journal mun hann hafa lamið Melissu Brim, móður elstu dóttur hans. Negldi hann bílhurð í kjálkann á henni, ýtti henni inn í bíl þar sem hann lét höggin dynja á henni. Hann var dæmdur til að sinna samfélagsþjónustu í 48 klukkustundir og í tveggja sólarhringa stofufangelsi.

Í nóvember 2003 var kappinn handtekinn eftir að hafa lamið tvær konur á næturklúbbi í Las Vegas. Herneatha McGill bar vitni að Mayweather hefði kýlt hana og lamið vinkonu hennar, Köru Blackburn, í bakið þegar hún reyndi að koma henni til aðstoðar. Dómarinn í málinu, Deborah Lippis, var hneyksluð á framkomu Mayweathers í réttarsalnum. „Þú ert kannski frábær og frægur boxari en það gerir þig ekki að góðri manneskju,“ sagði hún og bætti við að framburður Mayweathers væri einn sá ótrúverðugasti sem hún hefði nokkru sinni heyrt í réttarsalnum. Hann var dæmdur til að sinna 100 klukkustunda samfélagsþjónustu en samdi sig út úr því árið 2008 með einhverjum hætti.

Árið 2011 játaði hann að hafa lamið Josie Harris, barnsmóður sína. Harris hafði komið heim um 02.30 og fóru þau að rífast. Hún hringdi á lögregluna og yfirgaf Mayweather heimilið en kom til baka um þremur tímum síðar ásamt félaga sínum. Harris sagði við yfirheyrslur að hún hefði vaknað við að Mayweather var að skoða símann hennar. Hún hefði játað að vera að hitta annan mann og við það hefðu barsmíðarnar byrjað. Hann lamdi hana aftan í hnakkann, dró hana um húsið á hárinu og hótaði henni lífláti. Tíu ára sonur þeirra hljóp út úr húsinu eftir hjálp en hann þurfti að komast yfir girðingu í bakgarðinum til þess að láta nágranna þeirra vita af ofbeldinu. Mayweather hafði tekið alla farsíma af heimilisfólkinu og því gátu þau ekki hringt eftir hjálp.

Hann þurfti að fara í fangelsi, borga 2.500 dollara sekt, sinna 100 klukkutíma samfélagsþjónustu og sækja námskeið um heimilisofbeldi í heilt ár.

Þrátt fyrir að vera aumingi utan hringsins er óumdeilt að Mayweather er frábær boxari. Og merkilegt nokk hefur McGregor, sem hefur nú aldeilis látið ýmislegt flakka í aðdraganda bardagans, sleppt því að minnast á þessa hlið á andstæðingi sínum.

Gunnar Nelson, fremsti bardagakappi Íslands og æfingafélagi McGregors til margra ára, benti á, í samtali við Fréttablaðið í vikunni að hann teldi að að McGregor eigi um 50 bardaga sem áhugamaður í hnefaleikum og hann geti vel séð fyrir sér að Mayweather muni liggja rotaður í gólfinu. „Ég ætla að segja að hann klári Mayweather í sjöttu lotu með rothöggi.“

**TÍU ÁRA SONUR ÞEIRRA HLJÓP ÚT ÚR HÚSINU EFTIR HJÁLP EN HANN ÞURFTI AÐ KOMAST YFIR GIRÐINGU Í BAKGARÐINUM TIL ÞESS AÐ LÁTA NÁGRANNA ÞEIRRA VITA AF OFBELDINU.**



## Hvernig fer?

**Tómas Þór Þórðarson**



Floyd vinnur á stigum. Conor fer hart af stað en Floyd verst því og vinnur svo öruggan sigur í, jú, íþróttinni sem hann hefur æft frá fimm ára aldri á móti gaurnum sem æfir hana ekki að staðaldri.

**Sóli Hólm**



Fyrir hnefaleika sem íþrótt vona ég að Mayweather vinni. Annað væri svo rosalega lélegt. Conor er að koma úr íþrótt þar sem má nota allt, nánast, meðan Mayweather hefur getað einbeitt sér að hnefunum allan sinn feril. Ef bardagaíþróttir væru tónlist, þá væri Mayweather óperusöngvari en Conor trúbador sem henti stundum í Nessun Dorma í góðu gríni en væri samt bestur ef hann fengi að strömma góðan Eagle Eye Cherry. Augljóslega gengi Mayweather betur á La Scala en væri full stífur á Hressó.

**Kjartan Guðmundsson**



Annaðhvort rotar Conor Floyd og drepur boxíþróttina í leiðinni, eða Mayweather sigrar auðveldlega og rifjar upp fyrir alheiminum að boxarar eru bestir í boxi.

**Hörður Snævar Jónsson**



Floyd klárar hann án vandræða, það er tímabært að slökkt verði í kjaftfora Íranum.

## Hvernig fer?

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**



Ég held auðvitað með McGregor og ég trúi því að hann roti Mayweather í fyrstu fjórum lotunum. Ef hann nær því ekki, þá vinnur Mayweather.

**Garðar Gunnlaugsson**



Bardaginn endar með látum! Conor fær á sig þungt högg, gleymir að hann er í boxbardaga, hringsparkar Floyd í hausinn og stekkur á hann.

**Freyr Alexandersson**



Conor rotar Mayweather í þriðju lotu. Kannski meiri óskhyggja heldur en annað. Conor er okkar maður, hef trú á okkar manni. Skemmtileg týpa.

**Henry Þór Reynisson**



Conor nær einni góðri vinstri sleggju og rotar hann í 2. lotu. En ef þetta verða fleiri en fjórar lotur þá tekur Mayweather þetta á stigum.

# HAUST ÚTSALA FJALLAKOFANS

# 20-50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM REIÐHJÓLUM, FATNAÐI OG AUKAHLUTUM



BH SPIKE 27,5" 21 gíra fjallahjól.
*Verð: 64.995,-* ***Verð nú 45.497,-***



Lynx 6 Aion 27,5" fulldempað fjallahjól.
*Verð: 369.995,-* ***Verð nú 277.496,-***



BH Sphene Claris frábært byrjendagötuhjól.
*Verð: 139 .995,-* ***Verð nú 97.997,-***



BH RX Team Disc 105 Carbon götuhjól.
*Verð: 439.995,-* ***Verð nú 329.996,-***



BH Glasgow, klassískt borgarhjól með körfu.
*Verð: 69.995,-* ***Verð nú 48.997,-***



BH Pony 14" barnahjól með hjálpardekkjum.
*Verð: 24.995,-* ***Verð nú 19.996,-***



Rafhjól - BH REBEL 29" með 250W mótor.
*Verð: 524.995,-* ***Verð nú 419.996,-***

**HJÓLAFATNAÐUR FRÁ LÖFFLER, DAKINE, BH OG ONEWAY Á 30-50% AFSLÆTTI**

**SMITH HJÓLAHJÁLMAR Á 30% AFSLÆTTI**

**AUKAHLUTIR, PEDALAR, SLÖNGUR, PUMPUR Á 30-50% AFSLÆTTI**

**MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM HJÓLUM**

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Í KRINGLUNNI 7 EÐA Á BIKE.IS**

BH

***BH** hjólin hafa verið framleidd í meira en 100 ár á Spáni.*
***BH** er enn í eigu sömu fjölskyldu og í upphafi og er einn af stærstu hjólaframleiðendum í Evrópu.*

**AFGREIÐSLUTÍMI KRINGLUNNI 7 UM HELGINA:**

| | |
|---|---|
| laugardagur 26. ágúst | 10 – 16 |
| sunnudagur 27. ágúst | 12 – 18 |

BIKE.IS

Löffler DAKINE SMITH ONEWAY

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um skáldsögu með fortíð.



# Frankenstein & vísindin

Vorið 1815 varð sprengigos í eldfjallinu Tambora á eyjunni Sumbawa í Hollensku Austur-Indíum (í dag Indónesíu). Eldsumbrotin urðu einhver þau mestu frá því að sögur hófust. Tugþúsundir létu lífið á nálægum eyjum, ýmist í gosinu sjálfu eða vegna uppskerubrests í kjölfarið. Áhrifanna gætti raunar miklu víðar. Gosaskan í lofthjúpnum varð til þess að hiti féll á jörðinni allri. Í Evrópu var 1816 kallað „árið þegar sumarið kom ekki“. Bændur voru grátt leiknir í ótíðinni 1816, en veðráttan átti líka eftir að setja mark sitt á bókmenntasöguna.

Hópur enskra rithöfunda og bóhema, hafði tekið á leigu herragarð í grennd við Genfarvatn um miðjan maí þetta sama ár, þar sem ætlunin var að njóta lífsins í hreinu loftinu, fjarri kolaryki og skarkala stórborgarinnar. Leiðtogi hópsins var skáldið Byron lávarður en einnig voru í för einkalæknir hans John William Polidori, sem einnig var skáld, og þriðja skáldið: Percy Shelley ásamt kornungri eiginkonu sinni, Mary. Draumar um ljúfar lautarferðir og hástemmdar samræður yfir vínglasi í kvöldsvalanum fóru fyrir lítið. Vinirnir máttu hírast innandyra og berjast við að halda á sér hita.

Til að stytta sér stundir tóku félagarnir að segja draugasögur og einhvern veginn spratt sú hugmynd að þau myndu hvert semja sína hrollvekjuna. Að sögn voru þær allar afar óhugnanlegar, en hvorki Byron né Percy Shelley hirtu þó um að festa sínar sögur á blað og eru þær því með öllu glataðar. Polidori, sem var einungis nítján ára gamall þrátt fyrir að hafa lokið læknisprófi, hafði vit á að hripa hjá sér minnispunkta. Þremur árum síðar sendi hann frá sér smásöguna „Vampýran“, sem varð hans langfrægasta verk og lagði í raun grunninn að nýrri bókmenntagrein: sögum um fólk sem nærist á blóði samferðamanna sinna.

**Saga sem allir þekkja**

Það var þó Mary Shelley, sem enn var einungis átján ára gömul, sem lét eftir sig þrekvirki ferðarinnar. Að sögn fékk hún skelfilega martröð eftir eitt draugasögukvöldið og sýnin úr draumnum hélt áfram að sækja á hana. Tæpum tveimur árum síðar birti hún söguna á prenti og sló hún þegar í gegn. Í karlrembusamfélagi þeirrar tíðar áttu margir bágt með að trúa því að stúlka um tvítugt gæti ritað slíkt þrekvirki og reyndu ýmsir ranglega að eigna manni hennar verkið. Sagan nefndist Frankenstein.

Flestir þekkja meginatriði sögunnar um Frankenstein þótt oft og tíðum sé sú vitneskja fengin úr misgóðum kvikmyndagerðum eða jafnvel skopstælingum. Í þeim útgáfum er dregin upp mynd af doktor Frankenstein sem sturluðum vísindamanni í skuggalegri höll, sem skapar lifandi veru – skrímsli – með aðstoð kroppinbaks.

Skáldsaga hinnar ungu Shelley ristir þó öllu dýpra. Vísindamaðurinn ungi, Viktor Frankenstein, er enginn vitfirringur heldur ungur læknanemi sem heillast af nýjustu kenningum á sviði lífvísinda og rafmagnsfræði, sem og skrifum gamalla gullgerðarmanna. Rekinn áfram af fræðilegum áhuga einsetur hann sér að skapa lífveru, öllu heldur manneskju, úr líkamsleifum úr nálægum kirkjugarði.

Þegar tilraunin heppnast taka tvær grímur að renna á Frankenstein. Veran reynist meiri óskapnaður í útliti en vísindamaðurinn gerði sér í hugarlund og í raun hafði hann ekki hugsað málið til enda. Ákefðin við að framkvæma tilraunina var slík að hann leiddi aldrei hugann að því hvað því næst tæki við. Skepnan flýr á braut og Frankenstein fær taugaáfall, enda útkeyrður eftir stanslausar vökur og störf.

Glæpur Frankensteins í sögunni er því ekki að skapa lifandi veru, heldur að taka ekki ábyrgð á uppgötvun sinni. Skepnan, sem reynist góðum gáfum gædd, leitar skapara sinn uppi og grátbiður hann um að gerast herra sinn og koma sér inn í mannlegt samfélag. Frankenstein neitar, en þá biður skepnan hann um að skapa sér lífsförunaut og saman myndu þau flytjast óralangt í burtu, á sléttur Suður-Ameríku.

Vísindamaðurinn tekur ágætlega í hugmyndina og hefst handa við að skapa konu, en skiptir um skoðun í miðju kafi þegar hann áttar sig á hættunni á að veröldin muni fyllast af afkomendum sköpunarverka hans. Við það rennur æði á skepnuna sem drepur ástvini Frankensteins einn af öðrum. Sögunni lýkur á að vísindamaðurinn eltir skrímslið sitt alla leið til norðurpólsins þar sem hann drepur það eftir mikil átök. Frankenstein deyr því næst af sárum sínum, en þó ekki fyrr en eftir að hafa sagt ferðalangi sögu sína, sem festir hana á blað.

**Vin á norðurpólnum**

Sagan um Frankenstein hefur verið kölluð fyrsta nútímavísindaskáldsagan, í þeim skilningi að hún tekst á við stórar siðferðislegar spurningar tengdar vísindum. Annað einkenni á vísindaskáldskap er að þar leika höfundar sér með fregnir af nýjum vísindauppgötvunum og spinna þráð um hvaða áhrif þær kunni að hafa í framtíðinni. Þótt við fyrstu sýn beri lítið á slíkum vísunum í Frankenstein má þær þó finna ef vel er að gáð.

Fyrst má nefna það atriði sögunnar sem nútímalesendum kann að þykja skringilegast, það er bardagi Frankensteins og skepnunnar á norðurpólnum. Þau átök gerast ekki á miðri ísbreiðunni, heldur á grasi grónu landi.

Hafa ber í huga að árið 1816 var norðurheimskautssvæðið að mestu ókannað. Hugmyndin um að á norðurpólnum sjálfum væri fast land að finna var gamalgróin. Forngrikkir sáu fyrir sér blómlegt ævintýraland, sem byggt væri risum og þakið gróðri enda nyti þar sólar í sífellu. Á sextándu öld gerði kortagerðarmaðurinn Mercator ráð fyrir ógnarstóru fjalli úr járni á norðurpólnum miðjum, sem skýrt gæti hvers vegna áttavitar virkuðu eins og raun ber vitni.

Þegar komið var fram á nítjándu öld var hugmyndin um stórt íslaust svæði á norðurpólnum klædd í vísindalegan búning. Var hún ein forsenda þess að stjórnvöld ýmissa ríkja voru jafn reiðubúin og raun ber vitni að fjármagna leiðangra til að leita norðvestur- og norðaustursiglingaleiðanna til Asíu. Samkvæmt kenningunni mátti búast við íslausu hafsvæði fyrir norðan 80. breiddargráðu, þar sem sjórinn væri jafnvel hlýr. Ef einhverjar eyjar eða jafnvel meginland væri þar að finna, myndi umhverfið fremur minna á sólrík suðurlönd en norðurhjara.

**Lífsandinn fangaður**

Þegar kemur að sköpun skepnu Frankensteins, skautar Mary Shelley hratt yfir sögu varðandi tæknileg atriði. Hún gerir enga tilraun til að sannfæra lesandann um að unnt sé að framkalla líf með því að slá um sig með vísindalegum hugtökum. Þó er margt sem bendir til þess að höfundurinn hafi sótt innblástur í nýjustu vísindakenningar sinnar tíðar.

Shelley nefnir í skrifum sínum sérstaklega rannsóknir Erasmusar Darwins, afa náttúrufræðingsins kunna. Darwin eldri var fjölfræðingur og setti fram óljósar kenningar um þróun lífvera sem nutu lítillar hylli en höfðu væntanlega þeim mun meiri áhrif á barnabarnið. Líkt og aðrir náttúruvísindamenn síns tíma freistaði Erasmus Darwin þess að svara spurningunni um hvort líf gæti kviknað í dauðu efni án utanaðkomandi afskipta. Spurningin hafði gríðarlega mikið að segja og lá að margra mati ekki síður á sviði guðfræði en raunvísinda.

Darwin eldri skrifaði um tilraun sína þar sem honum tókst að vekja til lífsins lindýr sem legið hafði hreyfingarlaust, líkt og dáið, um nokkurra daga skeið. Shelley frétti af tilrauninni og túlkaði fregnina, líkt og svo margir, á þá leið að vísindamanninum hefði tekist að endurlífga dauða lífveru. Ekki þurfti mikið ímyndunarafl til að yfirfæra þessa

> ... EINHVERN VEGINN SPRATT SÚ HUGMYND AÐ ÞAU MYNDU HVERT SEMJA SÍNA HROLLVEKJUNA.

fregn yfir í að vísindunum tækist senn að vekja upp mannslík.

Aðrir vísindamenn voru farnir að prófa sig áfram með öllu stærri lífverur en smásæ lindýr. Ítalski vísindamaðurinn Galvani gerða fræga uppgötvun árið 1780 þegar honum tókst með hjálp rafmagns að framkalla kippi í afskornum froskalöppum. Galvani dró kolranga ályktun af uppgötvun sinni og taldi sig hafa fundið nýja gerð rafmagns, svokallað dýrarafmagn.

Ítalski eðlisfræðingurinn Alessandro Volta áttaði sig þegar á misskilningi landa síns og nýtti uppgötvunina til að finna upp rafhlöðuna. Galvani sat þó við sinn keip og eignaðist fjölda fylgjenda, Galvanista, sem trúðu því að frekari rannsóknir á þessu skrítna rafmagnsfyrirbæri gætu leitt til mikilla framfara og jafnvel unnið sigur á dauðanum.

Enginn gekk þó lengra en ungur frændi Galvanis, Giovanni Aldini, sem fékk árið 1803 leyfi breskra yfirvalda til að gera tilraunir á dæmdum morðingja rétt að lokinni aftöku. Maðurinn var hengdur fyrir morð á konu sinni og dóttur. Meðan líkið hékk enn í snörunni, hleypti Aldini í það rafstraumi með þeim afleiðingum að hendur þess og fætur sveifluðust til og frá, andlit hins líflátna morðingja afmyndaðist í grettu og annað augað opnaðist. Fólk sem viðstatt var sýninguna sturlaðist af hræðslu og var skelfingunni kennt um að böðullinn dó skömmu síðar.

Ef til vill var þessi groddalega vísindasýning kveikjan að sögu Mary Shelley fáeinum árum síðar. Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem veruleikinn tæki skáldskapnum fram í hryllingi.



SPORT
Premier League
ENSKI BOLTINN
ER HAFINN!
Tryggðu þér
áskrift á aðeins
399 kr. á dag*
11.990 kr. á mán.
SPORTPAKKINN
TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
STRAX Í DAG
365.is | Sími 1817
365
*miðað við 12 mánaða bindingu




**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100




HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
26. ÁGÚST 2017 LAUGARDAGUR

## Merkisatburðir

**1896** Suðurlandsskjálfti hinn fyrri. Fjöldi bæja í Rangárvallasýslu hrynur til grunna.

**1929** Vélbáturinn Gotta kemur til Reykjavíkur með fimm sauðnautskálfa frá Grænlandi.

**1967** Bítlarnir, Mick Jagger og Marianne Faithfull fara saman á fund Maharishi Mahesh yoga.

**1979** Átta alda afmælis Snorra Sturlusonar minnst með Snorrahátíð í Reykholti.

**1991** Ísland tekur formlega upp stjórnmálasamband við Eistland, Lettland og Litháen.

# Búrhvalstyppið stendur upp úr meðal safngripa

**Hið íslenzka reðasafn varð tuttugu ára í vikunni. Safnið er alltaf jafn vinsælt, sérstaklega meðal útlendinga. Limurinn af búrhval og mannslimurinn vekja einna mestu athygli. Sigurður Hjartarson stofnaði safnið en sonur hans, Hjörtur Gísli, tók við árið 2011.**

Hið íslenzka reðasafn fagnar tuttugu ára afmæli sínu í dag með hátíðarhöldum í húsnæði safnsins. Safnið var formlega stofnað þann 23. ágúst 1997 af Sigurði Hjartarsyni. Hann verður heiðraður af þessu tilefni í kvöld en sonur hans, Hjörtur Gísli Sigurðsson, tók við rekstri árið 2011.

Einnig verður af tilefninu gefin út bókin Mythical Members, tekin saman af Þórði Ólafi Þórðarsyni aðstoðarreðasafnstjóra, sem fjallar um þær kynjaskepnur sem eiga fulltrúa í þjóðfræðideild safnsins.

Safnið var opnað á Laugavegi 24 árið 1997, en fluttist svo á Húsavík 2004 og var þar til 2011, og flutti svo á Hverfisgötu þar sem áformað er að hafa það um ókominn tíma. „Þetta eru 99,5 prósent erlendir ferðamenn eins og staðan er eftir sumarið,“ segir Hjörtur.

„Þegar pabbi var með þetta fyrir norðan skiptist til helminga að Íslendingar og erlendir ferðamenn kæmu. Það er bara eins og Íslendingar skoði ekki söfn nema þeir séu í fríi og helst einhvers staðar annars staðar en heima hjá sér,“ segir Hjörtur.

„Við fáum aðallega skólahópa og óvissuferðir, það er aðallega þannig sem Íslendingar koma til okkar,“ segir Hjörtur.

Að sögn Hjartar er misjafnt á hverju gestir hafa mestan áhuga innan safnsins. Þó standi nokkrir limir upp úr. „Stærsti limurinn er af búrhval og er ansi stór, mannhæðarhár og 70 kíló og hann vekur mikla athygli, og svo er það mannslimurinn. Við fengum hann í febrúar 2011. Við þurftum að bíða eftir honum í mörg ár þótt gefandinn hafi verið háaldraður þegar hann gaf loforðið um lim sinn.“

Hjörtur segir að reksturinn gangi vel. „Þetta helst í hendur við fjölgun erlendra ferðamanna má segja. Eftir því sem þeim fjölgar því meira höfum við fengið. Við fáum mjög mikla athygli. Við erum stanslaust að fá blaðagreinar og sjónvarps- og útvarpsviðtöl erlendis. Við erum mjög vel kynnt í útlöndum.“

„Þar sem þetta er reðurstofa Íslands líka, fræðasetur, þá erum við að gefa út bók í tilefni dagsins sem er tileinkuð gamla manninum sem fjallar um þjóðfræðideildina okkar sem útlendingunum finnst mjög merkileg líka; typpin á þessum kynjaverum sem við eigum en enginn annar,“ segir Hjörtur.

Í dag starfa fimm manns hjá reðasafninu og hefur fjölgað mikið frá því að Sigurður stóð vaktina einn fyrir tuttugu árum.

saeunn@frettabladid.is



Hjörtur Gísli Sigurðsson tók við rekstri safnsins árið 2011. Hann segir búrhvalsliminn einn þann vinsælasta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við fáum mjög mikla athygli. Við erum stanslaust að fá blaðagreinar og sjónvarps- og útvarpsviðtöl erlendis. Við erum mjög vel kynnt erlendis.
>
> Hjörtur Gísli Sigurðsson, safnstjóri Hins íslenzka reðasafns



✝

Bróðir okkar og mágur,

**Gunnar Jens Þorsteinsson**

Sambýlinu Siglufirði, áður til heimilis að Norðurgötu 9,

er látinn. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 2. september kl. 15.

**Páll Þorsteinsson** — **Ragna Pálsdóttir**
**Kristín Björg Þorsteinsdóttir** — **Gunnlaugur Þór Pálsson**
**Hannes Þorsteinsson** — **Sigrún Harðardóttir**



✝

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Ásbjörn Guðmundsson**

pípulagningarmeistari, Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 21. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 31. ágúst kl. 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu fyrir góða umönnun og hlýju.

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigurður Valur Ásbjarnarson** — **Hulda Stefánsdóttir**
**Guðmundur Ásbjörn Ásbjörnsson** — **Svanhildur Benediktsdóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Páll Hannesson**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* — *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson — Útfararstjóri — Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir — Útfararþjónusta — Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Hinsti vilji*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



✝

Elskulegur faðir minn, afi, sonur, bróðir, mágur og frændi,

**Jóhann Halldórs**

lést í Houston, Texas, þriðjudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Berglaug Dís Jóhannsdóttir** — **Sigfús Halldórs**
**Victoria Anna Berglaugardóttir** — **Helgi Halldórs**
**Halldór Halldórs** — **Hallmar Halldórs**
**Sigríður Jóhannsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Björnsdóttir**

Skálateigi 5, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð þann 21. ágúst. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. september kl. 13.30.

**Valgeir Þór Stefánsson**
**Arnar Valgeirsson** — **Elena Zaytseva**
**Ingvar Valgeirsson** — **Helga Olsen**
**Viðar Valgeirsson** — **Ragna Björg Ársælsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Agnes Guðnadóttir**

Skálatúni 10, Akureyri,

lést á heimili sínu umvafin fjölskyldu sinni 22. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. september kl. 13.30.

**Konráð Alfreðsson**
**Guðni Konráðsson** — **Linda Ólafsdóttir**
**Lára Steina Konráðsdóttir** — **Friðjón Sigurðsson**
**Valdís Konráðsdóttir** — **Ellert Jón Þórarinsson**
**og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar

**Elíasar Ólafs Guðmundssonar**

fyrrverandi eiganda Nylonhúðunar.

Sérstakar þakkir til starfsfólks B-2, taugalækningadeildar Landspítalans fyrir góða umönnun.

**Bryndís Guðmundsdóttir**
**Sesselja Svansdóttir**
**Kristín Svansdóttir**
**Tryggvi Svansson**
**og frændfólk.**

# LESTUR ER BESTUR!




Ágúst
BÓK MÁNAÐARINS

VILDARVERÐ:
3.299.-
Verð:
3.899.-

★★★★½

**„Fátt annað er hægt að segja en vá ... Snilld."**
Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið




VILDARVERÐ:
3.299.-
Verð:
3.899.-

1.
Metsölulisti
Eymundsson

★★★★

**„Jussi kann sitt fag ... enn ein rós í hnappagat höfundar."**
Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið




**Ljónsi**
**VILDARVERÐ: 1.199.-**
Verð: 1.499.-




**Hulduheimar 2 -**
**Dalur einhyrninganna**
**VILDARVERÐ: 1.199.-**
Verð: 1.499.-




**Lára**
**VILDARVERÐ: 1.199.-**
Verð: 1.499.-




**Hulduheimar 1 -**
**Álagahöllin**
**VILDARVERÐ: 1.199.-**
Verð: 1.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 28. ágúst eða meðan birgðir endast. Vildarverð á bók mánaðarins gildir út ágústmánuð. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

ÞETTA GERÐIST: 26. ÁGÚST 1984

# Fyrst keppt í Reykjavíkurmaraþoni

Keppt var í Reykjavíkurmaraþoni, alþjóðlegu maraþonhlaupi, í fyrsta sinn hér á landi á þessum degi árið 1984. Hlauparar tóku hinu nýja maraþonhlaupi fagnandi, en þátttakendur í fyrsta hlaupinu voru 214. Tíu árum síðar voru þeir orðnir á fjórða þúsund og í ár voru þeir vel á fimmtánda þúsund.

Reykjavíkurmaraþon er haldið í ágúst á hverju ári og á sama degi og menningarnótt.

Erlendir hlauparar koma víðs vegar að til að spreyta sig í íslenskri veðráttu og fögru borgarlandslaginu, og alltaf bætist við hóp Íslendinga sem reyna sig við fullt maraþon sem er 42,2 kílómetrar. Einnig er boðið upp á hálft maraþon, tíu kílómetra hlaup og 2,5 til 3 kílómetra skemmtiskokk.

Einnig er boðið upp á boðhlaup en það er hlaupið á maraþonbrautinni og því 42,2 kílómetrar eins og maraþon, en skiptistöðvar eru þrjár.

Undanfarin ár hefur þátttakendum í Reykjavíkurmaraþoni gefist kostur á að hlaupa í þágu góðs málefnis.

Áheitamet var slegið í ár, en rúmlega 117 milljónir króna söfnuðust til 152 góðgerðarfélaga. Þetta er um 20 prósent aukning frá því í fyrra þegar rúmlega 97 milljónir króna söfnuðust. Frá því áheitasöfnun Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka hófst árið 2006 hafa um 663 milljónir safnast til góðra málefna.



**Í ár tóku tæplega 15.000 hlauparar þátt í Reykjavíkurmaraþoni.**
FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Sigurjónsson**
frá Núpakoti, A-Eyjafjöllum,

lést föstudaginn 18. ágúst á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju – félag langveikra barna. Ástvinir þakka starfsfólki Sóltúns fyrir frábæra umönnun og alúð.

**Ásta Díana Stefánsdóttir**
**Guðlaug Birna Guðjónsdóttir**
**Stefán Karl Guðjónsson**
**Ásta Jóna Guðjónsdóttir** **Júlíus Þór Sigurþórsson**
**Sigurjón Þór Guðjónsson** **Jóhanna Hjálmarsdóttir**
**Sigurður Þ. Guðjónsson** **Ragnhildur Þórarinsdóttir**
**Karólína Rósa Guðjónsdóttir** **Helgi Bjarni Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**Jón Hilmar Runólfsson**
endurskoðandi,
Drápuhlíð 20, 105 Reykjavík,

er látinn. Útför hans verður gerð frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. ágúst kl. 13. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja heiðra minningu hins látna er bent á UNICEF á Íslandi eða Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Guðný Jónsdóttir**
**Hilmar Jónsson**
**Runólfur Þór Jónsson**
**Brynja Dís Runólfsdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og afi,

**Óskar Jón Hreinsson**
bifvélavirkjameistari,

lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi miðvikudaginn 23. ágúst. Jarðarför auglýst síðar.

**Karen Öder Magnúsdóttir**
**Helgi Hreinn Óskarsson** **Dóra Lilja Óskarsdóttir**
**Hreinn Óskarsson** **Guðrún Ásta Björnsdóttir**
**Gróa Hreinsdóttir**
**Sigurður Hreinsson** **Sigrún Júlíusdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elsku sonur minn, stjúpsonur, bróðir og frændi,

**Brynjólfur Einar Særúnarson**

sem lést þann 16. ágúst síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. ágúst kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á MS félagið.

**Særún Lisa Birgisdóttir**
**Ólafur Jóhann Högnason**
**Sveindís Gunnur Björnsdóttir**
**Ólafur Kári Ólafsson**
**Ísold Anja Ólafsdóttir**
**Ólafur Fenrir Ólafsson**

---



✡

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Martin S. Regal**

lést þriðjudaginn 22. ágúst. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna. Minningarathöfn verður auglýst síðar. Innilegar þakkir til starfsfólksins á líknardeild Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar.

**Kristína Benedikz**
**Lúkas Stefán Regal**
**Matthías Sólon Regal**
**Ísak Gabríel Regal**
**Tristan Freyr Svansson Benedikz**
**Sara Regal** **Saga Líf Friðriksdóttir**
**Vera Sölvadóttir**
**Kári Martinsson Regal** **Elín Gísladóttir**
**Baldur Andri Regal** **Elínborg Sigurðardóttir**
**barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, mágkona og frænka okkar,

**Ásthildur Tómasdóttir (Gunnarsson)**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar í Vancouver, Kanada, að kvöldi fimmtudagsins 24. ágúst. Minningarathöfn fer fram í Vancouver þann 30. ágúst en blóm og kransar eru afþakkaðir.

**Sturla Gunnarsson** **Judy Gunnarsson**
**Ari Gunnarsson**
**Maya Gunnarsson**
**Anna Ingvarsdóttir**
**Inga Henriksson**
**Sigríður María Torfadóttir**
**Tómas Ingi Torfason**

---



✝

Kæra þökk til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát elskulegs eiginmanns, föður, afa og langafa,

**Rúnars Lárusar Ólafssonar**
Hraunbraut 18, Kópavogi.

**Sigurlína Konráðsdóttir**
**Heiða Björk Rúnarsdóttir** **Hreinn Valdimarsson**
**Fjóla Rut Rúnarsdóttir** **Jón Óskar Carlsson**
**Linda Rún Rúnarsdóttir**
**Gunnar Örn Rúnarsson** **Ásta Samúelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langmamma,

**Anna Kjaran**

lést sunnudaginn 6. ágúst sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Margaríta R. Raymondsdóttir** **Magnús J. Sigurðsson**
**Rannveig Raymondsdóttir** **Magnús Þór Haraldsson**
**Agnes Raymondsdóttir** **Birgir Þór Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, bróðir og mágur,

**Sverrir Vilhelmsson**
blaðaljósmyndari
Suðurgötu 6, Keflavík,

lést mánudaginn 14. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Wanlop Noimor**
**Kristinn Vilhelmsson**
**Ólöf Vilhelmsdóttir** **Finn Jansen**
**Björn Vilhelmsson**
**Gunnar Vilhelmsson**
**Hafliði Vilhelmsson** **Greta Guðmundsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Oddur Valur Ólafsson**
blaðamaður,

lést á dvalarheimilinu Eir 19. ágúst Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 28. ágúst kl. 13.00.

**Alda Vala Ásdísardóttir** **Jónas Eyjólfsson**
**Sigurborg Oddsdóttir** **Þórður Ægir Óskarsson**
**Ólafur Oddsson**
**Þórarinn Oddsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,

**Margrét E. Björnsdóttir**
fyrrv. símafulltrúi, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar þriðjudaginn 22. ágúst. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 1. september kl. 17.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélag Sjúkrahúss Siglufjarðar og Kvenfélagið Von.

**Íris Eva Gunnarsdóttir** **Sveinn Hjartarson**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Margrét Ágústsdóttir**
Norðurvöllum 22, Keflavík,

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 29. ágúst kl. 13.

**Árni Ásmundsson,**
**Ágúst Páll Árnason** **Birta Rós Arnórsdóttir**
**Dagný Halla Ágústsdóttir**
**Margrét Arna Ágústsdóttir**
**Hildir Hrafn Ágústsson**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Ólínu G. Þorsteinsdóttur**

Fjölskyldan vill þakka starfsfólki í Roðasölum fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Svala Birgisdóttir** **Hörður Sigurðsson**
**Ólafur V. Birgisson**
**Steinar Birgisson**
**Sigrún Birgisdóttir** **Níels Harðarson**
**og aðrir afkomendur.**

# ÍSKALT OFURTILBOÐ

BEN & JERRY´S
OG HÄAGEN-DAZS

VERÐ **499** KR.
500 ML.

ALLAR TEGUNDIR




OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**HJÁLPARSVEITIR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | J | A | L | L | A | B | A | K | | S | | A | | Á | L | A | P | P | I |
| J | | F | | O | | E | | Ó | K | V | Æ | Ð | I | S | | Ð | | L | |
| Á | S | T | Ú | Ð | A | R | | R | | E | | K | | E | F | A | M | Á | L |
| R | | U | | N | | B | Í | L | A | F | L | O | T | I | | L | | S | |
| A | | R | | U | | A | | O | | N | | M | | L | | S | | S | |
| F | Á | V | Í | S | A | N | | F | | B | | N | | S | A | M | R | I | T |
| L | | I | | K | | N | O | T | H | Æ | F | U | S | T | | E | | N | |
| A | F | R | E | I | N | A | R | | U | | I | | Y | | E | Y | R | U | M |
| M | | K | | P | | | M | O | L | A | S | Y | K | U | R | | E | | E |
| E | I | N | B | I | R | N | A | | D | | K | | U | | T | Æ | F | U | R |
| N | | I | | | O | | G | A | U | L | V | E | R | J | A | | S | | K |
| N | Ó | N | M | A | T | U | R | | K | | E | | S | | N | A | U | S | T |
| | H | | Ó | | A | | A | L | O | P | I | N | N | | D | | Ð | | U |
| H | U | R | Ð | A | R | Á | S | | N | | Ð | | Ú | T | I | H | U | R | Ð |
| | G | | U | | | V | I | T | A | V | A | R | Ð | A | | Á | | Y | |
| A | N | D | R | Í | K | A | | A | | E | | A | | K | A | S | A | K | A |
| | A | | S | | | R | I | F | F | L | U | M | | K | | K | | S | |
| A | Ð | D | Ý | P | I | Ð | | F | | K | | S | N | A | R | Ó | Ð | U | R |
| | U | | K | | | A | F | L | E | I | Ð | A | | N | | L | | G | |
| G | R | E | I | N | I | R | | A | | Ð | | R | | A | R | A | B | A | R |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem flestir fara einhvern tímann í og sumir oft (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 31. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „26. ágúst“.



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dalalíf Logn að kveldi** eftir **Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ásdís Þorbjörnsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Auð hefur vantað, ég þarf svona plagg (13)
**11** Æ, ertu lærð eða ekki? (8)
**12** Hraðinn á þessum skepnum er sjaldan mikill (8)
**13** Áfram skáld og skörungar í púlti! (12)
**14** Heygir Hrönn við jökulruðning (9)
**15** Taktu torfskerann og skerðu hendina af (12)
**17** Held ég þykist vera stór, jafnvel rosastór (10)
**18** Dundaðir við sundrað járnrið í dal (10)
**22** Fyrst sé ég korn grófa bakkelsisins (10)
**26** Lásu sér til um malargryfju (4)
**27** Fornkvæði framkallar sögulegt hopp og hí (9)
**30** Amma heitin skelfdi mig mjög (10)
**31** Hringir af illri nauðsyn ef rétt samskiptatæki eru til (11)
**32** Heitið er villandi; hér eru ekki bara bækur um bor heldur allt (10)
**34** Danstónlistarstíllinn hressir fúlan (9)
**39** Veiði af sjó er takmörkuð við eitt hal (9)
**40** Engin þraut er þungur sjór, segir draumóramaður (8)
**42** Drekkur full úr bolla (4)
**43** Kastalar valda ruglingi þeirra sem lélegastir eru (8)
**44** Innanhússslá dugar til að halda þeim í húsi (8)
**45** Komast í svalt líkhús (6)
**46** Tímabil skerpunnar skýra áverkana (8)
**47** Málmhúða holskrúfu við upptökin (6)

**LÓÐRÉTT**

**1** Uppeldi stjúpa og stjúpu kom á undan aur (14)
**2** Stoppa við stíg til að forðast örtröð (9)
**3** Kref kokka um seyði aðalsmanna (9)
**4** Drumbsleg spila þrátt fyrir stífni (9)
**5** Finn staur, það er staurinn minn (9)
**6** Þung byrði brúnku og fljótandi kolefnasambands (6)
**7** Innantómt augnablik fer í krossgátudútl (8)
**8** Múrskífa prýðir áróðursmynd (10)
**9** Inn með aula og orm, einkum hinn síðarnefnda (10)
**10** Hér fær kjafturinn á kjaftinn (7)
**16** Leita gangenda hörunds vegna fótaþurrku (10)
**19** Frelsa söngva þótt það sé glæpur (8)
**20** Leita augnabliksins þegar tímans rás var ræst (9)
**21** Öll málin snúast um ranana (9)
**23** Um vömb meðdómandans er fátt að segja (12)
**24** Óhreinindi í innhornum valda hósta (12)
**25** Nauð hans getur skemmt hnoðglófann (12)
**28** Vil að þú haldir til hafs eftir þetta háttalag (7)
**29** Hin ríku leggja verðmæti að jöfnu við vellíðan (7)
**33** Dýrð sé skít, sagði ég og opnaði út (7)
**35** Flytur einn staf í einu í rangri röð, segja klókar konur (6)
**36** Skauti þau titti tek ég þau föst, segir löggimann (6)
**37** Flinkir fást við rör (6)
**38** Fæ enga brúnku á mitt fés, heldur fölvann mesta (6)
**41** Börnin vita vart að þetta blað var til (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 4 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson



Johansen átti leik gegn Suradiradja í Hong Kong árið 1983.

**Svartur á leik**

**1. ... Rh3+! 2. gxh3 Bxf3! 3. Be2 Bb7 0-1.** Hvítur ræður ekki við margvíslegar hótanir svarts.

Um helgina fer fram bæði Íslandsmót kvenna og Bikarsyrpa TR. Á morgun verður skákmót á Hlemmi Square.

**www.skak.is:** Íslandsmót kvenna.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### VÖRN BETRI EN SÓKN

Keppninni um Bermúdaskálina lýkur í dag í borginni Lyon í Frakklandi. Við unnum til Bermúdaskálarinnar árið 1991, en vorum ekki með í þessu móti. Þegar þessar línur voru skrifaðar voru heimamenn Frakka að eiga við USA2 í úrslitum um Bermúdaskálina og staðan var 86-90 fyrir Frakka. Í leiknum um þriðja sætið voru Búlgarar að eiga við Ný-Sjálendinga. Þar voru Búlgarar með töluverða forystu (100-57) sem gerði þá líklega til að taka þriðja sætið. Í þessu spili, í leik Frakka og USA2, græddu Frakkar 9 impa á því að leyfa andstæðingunum að eiga samninginn í stað þess að reyna að standa geim sjálfir. Í lokuðum sal reyndu Bandaríkjamenn 4 ♥ í NS. Sá samningur var ekki góður og fór 2 niður (vestur fékk spaðatrompun) þegar báðar svörtu svíningarnar lágu vitlaust. Í opnum sal opnaði Jacek Pszczola á 3 ♦ á vesturhöndina. Vestur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ Á83
♥ K853
♦ G2
♣ AG82

**Vestur**
♠ 3
♥ 972
♦ KD10983
♣ 965

**Austur**
♠ K7643
♥ G4
♦ Á76
♣ D104

**Suður**
♠ G1098
♥ AD106
♦ 54
♣ K73

Frakkinn Zedric Lorenzini doblaði í norður og Michael Rosenberg sagði 4 ♦ í austur. Það borgar sig oft að verjast frekar en sækja og Lorenzini fór eftir því í þessu spili, þó að 25 punktar séu samtals í NS. Frakkinn í suður (Jean-Christophe Quantin) doblaði og Lorenzini ákvað verjast þar. Sá samningur fór 2 niður og 9 impar græddir.



SPORT
MAYWEATHER
MCGREGOR
BARDAGI ALDARINNAR
Í KVÖLD KL. 00:40
BÚRIÐ ENDURSÝNT KL. 00:00.
BEIN ÚTSENDING HEFST KL. 00:40.
HENRY BIRGIR SÉR UM UPPHITUN ÁSAMT SÉRFRÆÐINGUM Í SETTI.
BARDAGAKVÖLDIÐ HEFST KL. 01:00.
DÓRI DNA OG STEINAR THORS LÝSA.
HENRY BIRGIR OG SÉRFRÆÐINGARNIR FYLGJA ÁHORFENDUM ALLA NÓTTINA.
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORTPAKKINN
Keiluhöllin EGILSHÖLL
Doritos
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
KAUPTU STAKAN VIÐBURÐ:
365 Síminn vodafone
SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817
365.IS
365
*miðað við 12 mánaða bindingu

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 264

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara orðinn gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við glottandi. Enda augljóst að auðvelt væri að komast í gegnum svona stórt gat án þess að þurfa að troða sér.

**Getur þú hjálpað þeim að telja hvað vantar marga steina í vegginn?**





Loki hefur átt gott sumar, fjörugt og viðburðaríkt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gaman að fara til útlanda og borða fullt af ís

Loki Þórsson er að verða sjö ára gamall og hefur mikinn áhuga á fótbolta. Honum finnst gaman að ferðast og hefur átt fjörugt og gott sumar. Loki flutti einnig í nýtt hús í sumar.

**Hvað ertu búinn að gera í sumar?** Ég er búinn að fara út á land og gera fullt skemmtilegt.

**Hefurðu farið eitthvað til útlanda?** Já, hef farið til Ítalíu, Kanaríeyja og Krítar.

**Ferðu oft til útlanda?** Nei, en mamma og pabbi fara oftast.

**Hvað er skemmtilegast við það að fara til útlanda?** Fá vatnsbyssur og fara í sundlaugargarð og borða fullt af ís.

**Ertu búinn að vera mikið í fótbolta í sumar?** Já, er búinn að fara á tvö fótboltamót og spila fótbolta í allt sumar. „Áfram Valur!!“

**Hver er uppáhalds fótboltamaðurinn þinn?** Christiano Ronaldo og Gylfi Sigurðsson.

**FÁ VATNSBYSSUR OG FARA Í SUNDLAUGARGARÐ OG BORÐA FULLT AF ÍS.**

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór?** Fótboltamaður.

**Við hvað viltu vinna?** Atvinnumaður hjá Liverpool eða Barcelona.

**Ertu að flytja?** Já, var að flytja í rosa flott hús með stórum garði.

**Hvor er duglegri að flytja, mamma eða pabbi?** Mamma og pabbi voru alveg jafn dugleg að flytja.

**Ert þú eitthvað að hjálpa til?** Nei, ég leyfði mömmu og pabba alveg að sjá um þetta.

## Krakkaappið:




Sago mini friends

### Leikur sem hvetur til samkenndar

Leikjaappinu Sago Mini Friends er hægt að hlaða niður án þess að borga fyrir það. Leikurinn er skemmtilegur og litríkur, þeir sem spila hann velja sér söguhetju og fara um hverfi þar sem þrautir eru á hverju strái. Í leiknum er sérstaklega hvatt til hjálpsemi, umburðarlyndis og samkenndar. Söguhetjur þurfa að laga, deila með sér og hjálpa til að leysa þrautir.

**Lausnin á þrautinni**

Í vegginn vantar níutíu og fjóra steina

## Lestrarhestur vikunnar

### Stefán Arnar Gunnarsson

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Mér finnst gott að vera einn inni í herbergi að lesa. Auk þess er alltaf hægt að verða betri og betri í lestri eftir því sem maður les meira.

**Hvað bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég var að klára Risaeðlur í Reykjavík sem ég er búinn að lesa svo oft að ég hef ekki tölu á því. Hún er uppáhaldsbókin mín. Mér finnst allar bækurnar eftir Ævar Þór skemmtilegar. Hún er skemmtileg því það eru risaeðlur í henni.

**Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar?** Ævintýrabækur eins og Harry Potter og Risaeðlur í Reykjavík.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ingunnarskóla í Grafarholti.



Stefán Arnar

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, mjög oft. Einu sinni í mánuði fer ég í Spöngina, við förum um leið og við förum að versla. Síðan fer ég líka á bókasafnið í skólanum.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Fótbolti, að lesa, stærðfræði og að spila á píanó.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.


ego dekor
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!
10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
GRANDOIS TUNGUSÓFI
Stærð: 305X175cm
~~Verð: 239.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 191.200,-
CANNON HORNSÓFI
Stærð: 265X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-
MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-
CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm - færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 127.425,-
VANCOUVER SÓFABORÐ
Stærð: 120X70cm
~~Verð: 87.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 69.600,-
ADRIANA STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 180(240)X100cm
~~Verð: 169.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 118.300,-
STÓLL 133
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 9.540,-
CALE STÓLL
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 10.335,-
DEVON STÓLL
~~Verð: 19.800,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.850,-
TWIST STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðaustan 5-13 m/s í dag, en 10-18 suðvestanlands, hvassast við suðurströndina. Víða rigning, en lengst af þurrt á Norðausturlandi. Hægari seinnipartinn. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast norðaustan til.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 19° | 17° | 15° | 19° | 14° | 11° | 8° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 21° | 22° | 28° | 21° | 31° | 24° | 34° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 16° | 17° | 25° | 19° | 26° | 25° | 10° |









### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↗6 | 11° ↓8 | 9° ↓9 | 11° →3 | 10° ↑6 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↗3 | 7° ↙8 | 5° ↓6 | 8° ↗10 | 8° ↗9 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↗11 | 8° ↓6 | 6° ↘9 | 12° ↗7 | 12° ↗8 |

### Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 14° ↑5 | 9° ↙6 | 8° ↘8 | 13° ↗4 | 12° ↑11 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↑5 | 10° ←4 | 11° ↓13 | 15° ↖1 | 10° ↑3 |

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Teygjumappa A4
Verð 999 kr.



Sirkill með nákvæmnishjóli
Verð 1.382 kr.




Minnisbók, línustrikuð
Verð 1.499 kr.




Boxy strokleður
Verð 199 kr.




Faber Castell trélitir
Betra grip með punktum
Vatnsleysanlegir til málunar
Verð 2.499 kr.



Faber Castell skrúfblýantur
Grip með gúmmí
Tilboðsverð 299 kr.
Verð áður 469 kr.

# Fyrir skemmtilegra heimanám




Áherslupennar, 5 litir
Tilboðsverð 899 kr.
Verð áður 1.299 kr.




Ritfangasett með blýanti, yddara, strokleðri og reglustiku
Verð 1.499 kr.



Reglustika 15 sm
Verð 199 kr.




Skæri
Verð 249 kr.



Vasareiknir
Verð 1.999 kr.



Faber Castell blýantur
Gott grip
Verð 369 kr.




Stabilo pennar með filtoddi 30 litir
Verð 4.950 kr.



Yddari
Verð 499 kr.



Stabilo blýantur, með betra gripi
Fæst fyrir örvhenta og rétthenta
Verð 359 kr.

## SAFNAÐU INNEIGN

Meðlimir í A4 klúbbnum fá 5% afslátt af öllum kaupum í formi inneignar.






Stjörnulímmiðar, 2 spjöld
Verð 389 kr.



Hvatningarspjöld, 64 stk
Verð 1.199 kr.



Pennabox
Verð 699 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4 SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# Gekk á vegg þegar komið var að listasögunni

**Henrik Anderson þekkir hugmyndaheim listamannsins Asgers Jorn öðrum betur og stýrir mjög fróðlegri sýningu á Listasafni Íslands á risavöxnu skjalasafni listamannsins sem var hafnað sem fræðimanni.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Asger Jorn (1914-1973) er mikilvægt nafn í norrænni myndlistarsögu síðustu aldar. Á Íslandi er hann einkum þekktur fyrir að vera einn stofnenda COBRA hreyfingarinnar, en allmargir íslenskir listamenn tengdust hreyfingunni og þá sérstaklega Svavar Guðnason. Auk þess að vera mikilvirkur listamaður þá var Asger Jorn alla tíð pólitískur einstaklingur, var m.a. um tíma virkur í andspyrnuhreyfingu kommúnista á hernámsárunum en jafnframt friðarsinni sem var hugmyndafræðilega virkur í bæði lífi sínu og list.

Í dag verður opnuð í Listasafni Íslands all sérstæð sýning á merkum hluta af höfundarverki Asgers Jorn en sýningarstjóri er myndlistarmaðurinn, sýningarstjórinn og rithöfundurinn Henrik Anderson. Henrik bendir á að flestir þekki til Jorns sem abstraktmálara frá fimmta til sjöunda áratugarins og að það höfundarverk hans sé vissulega gríðarlega mikilvægt. „Færri vita að hann var einnig virkur í ýmsum öðrum verkefnum en COBRA og m.a. í stofnun hreyfingar situationista sem var byltingarkennd listræn hreyfing. En á meðan á öllu þessu stóð var hann alltaf að vinna að eigin rannsóknarverkefni. Þetta verkefni var í aðra röndina afar fræðilegt en svo fól það einnig í sér ákveðið háð gagnvart hinni akademísku nálgun að listasögunni.

### Risavaxið alfræðirit

Á þessum tíma, frá því seint á sjötta og snemma á sjöunda áratugnum, fór Jorn fjölmargar ferðir vítt og breitt um Skandinavíu og reyndar víðar um Evrópu og ljósmyndaði listmuni af ýmsum toga. Markmiðið var að setja saman 32 binda alfræðirit um skandinavíska alþýðulist. Verkið átti að heita Tíu þúsund ár af norrænni alþýðulist. Það fór þó því miður þannig að þetta verkefni gekk ekki upp þar sem hann fékk ekki þá viðurkenningu sem til þurfti frá fræðimönnum þess tíma, þrátt fyrir að hafa áður fengið ýmis vilyrði fyrir fjárstuðningi og jafnframt listrænu frelsi sem varð svo aldrei raunin. Það leiddi til þess að Jorn pakkaði skjalasafninu, sem innihélt tugir þúsunda ljósmynda, niður og það gerði hann reyndar með frekar dramatískum og táknrænum hætti. Skjalasafnið kallaði hann Scandinavian Institute of Comparative Vandalism. Þetta efni átti eftir að liggja lengi óhreyft en það hefur þó loksins verið að breytast á síðustu árum.“

Henrik Anderson segir að hann hafi lagst í að rannsaka þetta gríðarlega stóra skjalasafn Jorns og setja svo upp sýningar þar sem hann útskýrir aðferðafræði listamannsins. „Sýningin hjálpar okkur að skilja hvers vegna Jorn kallaði þetta mikla safn Scandinavian Institute of Comparative Vandalism. Svarið við því að er að finna á sýningunni í skoðun á nálgun og aðferðum Jorns á þessu mikla viðfangsefni.“

### Aðferð en ekki verk

Henrik Anderson segir að með því að koma nú með þessa sögu til Íslands þá bæði gefist listunnendum hér tækifæri til þess að kynna sér það sem að baki liggur, en einnig sé gaman að skoða þau tengsl sem listamaðurinn hafi haft við landið. „Jorn og Halldór Laxness voru til að mynda góðir vinir og unnu meðal annars saman að bókverki eftir Sögunni af brauðinu dýra, sem er eflaust öllum hér vel kunnug. En Asger Jorn var einnig góður vinur dr. Selmu Jónsdóttur listfræðings, en þannig vill til að hér er einmitt verið að minnast aldarafmælis þeirrar merku konu um þessar mundir. Að auki þá hefur komið á daginn að Selma tók þátt í umræddum rannsóknum Jorns. Hún hafði tekið að sér að ljósmynda íslenska listmuni og sitthvað fleira. Þetta er eitthvað sem við vorum bara að átta okkur á nýverið en það er líka hluti af því hvernig við vinnum í þessu ferli. Málið er að Asger Jorn hafði komið sér upp heilmiklu alþjóðlegu neti lista- og fræðimanna sem honum tókst að virkja í þessu stóra verkefni og auðvitað veitti ekki af.“

**ÞETTA ER SPURNING UM ÞAÐ HVERNIG VIÐ GETUM SKOÐAÐ MYNDEFNI OG LISTAVERK OG SETT ÞAÐ Í ÁKVEÐIÐ SAMHENGI.**

Henrik Anderson bætir við að sýningin í Listasafni Íslands snúist meðal annars um þessa þætti rannsóknar Asgers Jorn og sé því alls ekki hefðbundin listaverkasýning. „Þetta snýst um að útskýra aðferð fremur en að vera verk eftir Asger Jorn. Þetta er spurning um það hvernig við getum skoðað myndefni og listaverk og sett það í ákveðið samhengi.“

### Skapandi skemmdarverk

En um hvað snýst þetta hugtak Comperative Vandalism sem þýða má kannski sem samanburðarskemmdarverk? „Þegar Jorn notar þessa nálgun skemmdarverkanna þá er það í fyrsta lagi tilraun til þess að skapa hugtak sem hann getur notað til þess að túlka allt þetta efni. En í öðru lagi þá felur það líka í sér ögrun, ákveðið háð og grín.

Margir listamenn hafa þó reynt að nýta sér skemmdarverkahugtakið sem eitthvað skapandi, eitthvað sem skapar nýja merkingu. Hugsaðu þér til að mynda að þú ofskrifir eitthvað – að þú gangir of langt. Þetta er staða undirmálsmannsins, þess sem hefur alltaf á brattann að sækja í samfélaginu. Þess sem segir: Þú sérð það sem ég geri sem skemmdarverk en fyrir mér er það afl til sköpunar. Leið til þess að ganga gegn viðteknum venjum og skapa eitthvað nýtt.

Þetta er það sem Asger Jorn var að reyna að þróa og þetta er það sem hann finnur í norrænni alþýðulist. Hann finnur þennan samruna stíla frá ólíkum stöðum og tímabilum, þessi endurskrif sem leiða af sér að verkið er ofskrifað ef svo má segja. En í þessu ferli þá gefur hann út mikið af yfirlýsingum og sumar þeirra voru jafnvel í andstöðu við hans eigin hugmyndafræði þannig að í raun var hann stöðugt að vinna skemmdarverk á sinni eigin vinnu. Þannig að í öllu sem hann er að gera á þessum tíma þá fylgir hann sinni eigin hugmyndafræði og rökum.“

Allt er þetta líka hluti af því að Asger Jorn var stöðugt að enduruppgötva sig sem listamann og Henrik Anderson segir að sem listamaður hafi hann vissulega verið hluti af avant garde hreyfingu. „Þarna var verið að gera tilraunir með tónlist, kvikmyndir og málverkið – í raun stöðugt verið að rannsaka takmörk hins hefðbundna, láta reyna á allt til hins ýtrasta. En það sem gerir þetta sérstaklega áhugavert er að þó svo allar þessar listrænu tilraunir hafi verið samþykktar ef svo má segja þá gekk hann á vegg þegar kom að því að endurskrifa listasöguna. Þá mætti honum algjört skilningsleysi og vantrú. Það er ótrúlega áhugavert og mikilvægt að skoða nánar.“



Henrik Anderson stendur hér yfir broti af því sem er að finna í skjalasafni Asgers Jorn, Scandinavian Institute of Comparative Vandalism. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Myndir úr skjalasafninu Scandinavian Institute of Comparative Vandalism. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Söngkonurnar Elfa Dröfn Stefánsdóttir og Unnur Helga Möller í hlutverkum sínum í Piparjúnkan og þjófurinn.

# Fólk þarf ekkert að óttast

## Óperan Piparjúnkan og þjófurinn verður frumsýnd í gamla Samkomuhúsinuí dag og frítt inní tilefni af Akureyrarvöku.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Akureyrarvaka stendur sem hæst nú um helgina og á meðal skemmtilegra viðburða má nefna óperusýningu í Samkomuhúsinu. Það er ekki á hverjum degi sem ráðist er í óperusýningar utan höfuðborgarsvæðisins og því er hér á ferðinni frábært tækifæri fyrir alla til þess að kynnast óperuforminu nánar enda er meira að segja frítt á sýninguna sem verður í dag kl. 15 svo vonandi fjölmenna bæði heimamenn jafnt sem ferðalangar á meðan húsrúm leyfir. Óperan sem um ræðir er gamanóperan Piparjúnkan og þjófurinn, gamanópera í einum þætti eftir tónskáldið Gian Carlo Menotti.

### Ópera á Akureyri

Ein af söngvurunum er Elfa Dröfn Stefánsdóttir og hún segir að uppsetningu óperunnar megi einfaldlega rekja til vilja fólks til þess að vinna saman. „Þetta kom nú bara þannig til að við Jenný Lára leikstjóri höfum verið vinkonur lengi og erum nú báðar búsettar hér eftir að hafa farið í okkar mastersnám. Hún í leiklist og leikstjórn en ég í óperusöng og okkur langaði einfaldlega að búa okkur til vettvang og gera eitthvað skemmtilegt. Með því að setja upp óperu þá náum við að sameina þau listform sem við höfum sérhæft okkur í og okkar áhugasvið þar sem ég er með sönghlutverk en Jenný Lára leikstýrir.“

Aðspurð hvernig hafi gengið að ná saman í hóp til þess að koma á legg óperusýningu á Akureyri segir Elfa Dröfn að þau hafi hóað saman í hóp þar sem allir hafi tenginguna norður: „Fólk sem annaðhvort býr hér eða á ættir hingað að rekja og það gekk bara alveg ágætlega. Það eru fjögur hlutverk í óperunni en ég syng piparjúnkuna Miss Todd, Edda Björk Jónsdóttir syngur nágrannakonu mína, slúðurberann Miss Pinkerton, Unnur Helga Möller syngur Laetitiu sem er þjónustustúlkan mín og svo er það Ívar Helgason sem syngur Bob sem er flækingur eða þjófur, við vitum það ekki alveg, en það kemur vonandi allt saman í ljós. Matthildur Anna Gísladóttir sér svo um tónlistarstjórn og lætur sig ekki muna um það að töfra heila hljómsveit fram í píanóinu sínu.“

### Aðgengileg skemmtun

Elfa Dröfn segir að Menotti hafi upphaflega samið Piparjúnkuna og þjófinn fyrir útvarp en þrátt fyrir það sé hún líka sviðsett reglulega nokkuð víða. „Hún gerist í ónefndum smábæ á óræðum tíma og þetta er ákveðin innsýn í líf þessara kvenna í þessum bæ þar sem fátt gerist annað en að nágrannakonan heimsækir Miss Todd og svo er slúðrað og talað um veðrið. Dag einn er svo barið að dyrum og fyrir utan stendur ákaflega myndarlegur karlmaður og það er mest spennandi sem hefur gerst í lífi Miss Todd hvernig sem á það er litið. Í framhaldinu upphefjast svo auðvitað ýmis ævintýri að hætti óperuformsins þannig að fólk má alveg búa sig undir að það verði heilmikið fjör í gamla Samkomuhúsinu.“

**Í FYRSTA LAGI ER ÞETTA STUTT ÓPERA, EKKI NEMA UM KLUKKUSTUND Í SÝNINGU. Í ÖÐRU LAGI ER HÚN LÍKA FYNDIN OG SKEMMTILEG OG Í RAUN EKKI KREFJANDI Í HLUSTUN.**

Það er óneitanlega þannig að margir veigra sér eilítið við að taka fyrstu skref inn í heim óperunnar sem áhorfendur, enda myndin sem er dregin upp af óperum víða sú að þetta sé þungt og krefjandi form. Elfa Dröfn segist kannast við þetta viðhorf en að Piparjúnkan og þjófurinn sé ákaflega aðgengilegt verk. „Í fyrsta lagi er þetta stutt ópera, ekki nema um klukkustund í sýningu. Í öðru lagi er hún líka fyndin og skemmtileg og í raun ekki krefjandi í hlustun. Óperan er á ensku og að auki þá erum við með íslenska texta sem verður varpað upp. Ég er því þeirrar skoðunar að þetta sé mjög aðgengileg ópera, melódísk og heillandi enda eru þarna mjög fallegar aríur. Þannig að fólk þarf ekkert að óttast því það er mikið leikhús í þessu.“

Elfa Dröfn segir að þau séu farin að hlakka til frumsýningarinnar sem verður í Samkomuhúsinu í dag klukkan þrjú og það sé sérstaklega ánægjulegt að vera í þessu gamla og fallega húsi. „Það er líka ekki leiðinlegt að geta sagt að það sé frítt inn í tilefni af Akureyrarvöku. Vonandi verður svo framhald á þessu hjá okkur en við stefnum á það að fara suður með sýninguna þegar fram líða stundir.“

# Ferðalag um norræna náttúru

Um helgina gefst alveg einstakt tækifæri til þess að kynnast norrænni samtímatónlist á skemmtilegan hátt í Norræna húsinu. Ensemble Sirius er hópur fimm tónlistarkvenna frá Árósum sem spila á saxófón, kontrabassa, píanó, trompet og slagverk. Samstarf kvennanna er samnorrænt tónlistarverkefni sem þær kalla Ferðalag um norræna náttúru og gengur út á að kynna samtímatónlist frá sex norrænum löndum og stuðla að sterkri norræni tónlistarhefð.

**1.000KR**
ALMENNT VERÐ: 2.795 KR.



**HÖGGBORVÉL**
BAVARIA BID 650/1
74800555
**1.500KR**
ALMENNT VERÐ: 3.495 KR.



**INNIMÁLNING**
BYKO 10. 2,5L
85540025
**1.700KR**
ALMENNT VERÐ: 2.495 KR.



**TJALD,**
3 pers,
2x2,1x1,3m.
88015952
**4.500KR**
ALMENNT VERÐ: 6.595 KR



**SVEFNPOKI**
-5°, 200x80 cm, dökkblár.
88015974
**3.500KR**
ALMENNT VERÐ: 4.995 KR.



**TJALDDÝNA** ljósblá, 70x200cm
88015966
**400KR**
ALMENNT VERÐ: 695 KR.

**BOSCH**

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
AQT 33-11 - 110 bör
88015966
**11.995KR**
ALMENNT VERÐ: 14.995 KR.



**BOSCH**



**RYKSUGA**
PAS 12-27F
74861127
**25.000KR**
ALMENNT VERÐ: 39.595 KR.

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

www.byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Tilboð gilda á meðan á Markaðsdögum BYKO stendur eða á meðan birgðir endsast.

# Fólk mun alltaf vilja klæða sig upp á

Listrænn stjórnandi H&M, Ann-Sofie Johansson, er stödd á Íslandi vegna komu H&M til landsins. Hún hefur áhugaverðar hugmyndir um framtíð tísku og veit fyrir víst að fólk mun aldrei hætta að spá í tískustrauma.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



Það hefur varla farið fram hjá neinum að verslun H&M verður opnuð í Smáralindinni í dag, laugardag, eftir langa bið og mikla eftirvæntingu. Af því tilefni er Ann-Sofie Johansson, listrænn stjórnandi hjá H&M, stödd hér á landi. Hún hefur starfað fyrir fyrirtækið í þrjá áratugi og hefur orðið vitni að miklum breytingum innan fyrirtækisins og tískubransans á þeim tíma.

„Ég hef unnið hjá fyrirtækinu í 30 ár á þessu ári þannig að það er aldeilis langur tími. Ég byrjaði sem sölukona í einni H&M-búðinni í Stokkhólmi en hafði það að markmiði að verða hönnuður hjá H&M,“ segir Ann-Sofie sem hefur sinnt ýmsum störfum hjá H&M síðan hún byrjaði hjá fyrirtækinu. Í dag er hún listrænn stjórnandi og talsmaður, sem þýðir að hún hefur yfirsýn yfir alla hönnun H&M og stýrir því samstarfi sem H&M fer í með tískuhúsum svo dæmi séu tekin.

Ann-Sofie býr yfir mikilli reynslu enda hefur hún unnið sig smátt og smátt upp innan fyrirtækisins. „Hugmyndin var alltaf að verða hönnuður en mér fannst góð hugmynd að byrja sem sölukona í H&M til að fá innsýn í fyrirtækið. Samhliða vinnunni tók ég kvöldnámskeið í hönnun, sníðagerð og fatasaumi. Svo setti ég saman ferilskrá sem ég sýndi þáverandi yfirhönnuði H&M, þannig fékk ég starf sem aðstoðarhönnuður hjá H&M,“ rifjar Ann Sofie upp.

Aðspurð hvernig tilfinning fylgi því að hafa náð markmiði sínu og rúmlega það segir hún: „Ég elska það. Ég elska enn þá vinnuna mína vegna þess að ég elska tísku. Ég elskaði vinnuna mína í upphafi og ég elska hana enn þann dag í dag,“ útskýrir Ann-Sofie sem segir góðan anda ríkja innan fyrirtækisins. Hún segir stemninguna minna á þá sem ríkir gjarnan innan minni fyrirtækja. „Hér vinnum við mikið í teymum og það er mikið lagt upp úr samvinnu. Þó að við séum stórt fyrirtæki þá líður manni smá eins og þetta sé lítill vinnustaður,“ segir Ann-Sofie.

„En ég held að ást mín á tísku og sú staðreynd að ég fæ að vinna með svo mörgum áhugaverðum einstaklingum sem búa yfir mikilli þekkingu geri það að verkum að það er alltaf gaman í vinnunni. Og maður hættir aldrei að læra því maður veit raunverulega aldrei hvað er fram undan. Auðvitað hefur maður einhverja „gut feeling“ sem byggir á þekkingu og reynslu en maður veit aldrei fyrir víst hvað verður næst í tísku og það er svo spennandi. Það heldur manni ungum og forvitnum.“

## Fólk vill gjarnan vita hvaðan fötin koma

Ann-Sofie hefur orðið vitni að miklum breytingum síðan hún hóf störf hjá H&M á sínum tíma. „Þegar ég byrjaði voru um það bil tíu hönnuðir að vinna hjá H&M og við vorum með verslanir í sex eða sjö löndum. En það er langt síðan, núna vinna um 300 hönnuðir hjá H&M. Margt hefur breyst síðan þá.“

*En hvernig sér hún framtíðina fyrir sér, til dæmis árið 2050?* „Þetta er erfið spurning,“ segir Ann-Sofie eftir smá umhugsun. „Eins og við vitum flest gegna netverslanir sífellt stærra hlutverki og ég held að hlutverk þeirra eigi eftir að stækka enn meira með tímanum. Ég held samt að búðir verði áfram til staðar, þær hverfa ekki algjörlega. En þær verða kannski öðruvísi og þjóna mögulega breyttu hlutverki,“ spáir Ann-Sofie.

„En það sem ég veit ég fyrir víst er að H&M verður sjálfbærara í framtíðinni. Við höfum sett okkur skýr markmið þegar kemur að sjálfbærni og ef við lítum bara til ársins 2030 sem dæmi þá ættum við aðeins að nota efni sem eru unnin á sjálfbæran hátt. Það er erfitt markmið en við erum staðráðin í að ná því,“ segir Ann-Sofie. Hún tekur bómullarflíkur sem dæmi, en H&M hefur það að markmiði að árið 2020 verði öll bómull sem þau nota annaðhvort lífræn, endurunnin eða framleidd undir nýjum og ströngum skilyrðum.

Spurð út í hvort hún verði vör við að almenningur sé farinn að hugsa meira um umhverfisvernd þegar kemur að tísku svarar Ann-Sofie játandi. „Klárlega. Fólk vill vita hvaðan hlutirnir koma og hvernig þeir verða til. Við verðum að leggja okkar af mörkum fyrir jörðina og við hjá H&M viljum vera leiðandi í umhverfisvernd og sjálfbærni í framleiðslu. Við viljum veita öðrum fyrirtækjum innblástur.“




Ann-Sofie gefur H&M-versluninni í Smáralind toppeinkunn og vonast til að hún standist væntingar Íslendinga. MYND/OZZO PHOTOGRAPHY

**MANNI FINNST HÁLFPARTINN EINS OG VIÐ HEFÐUM ÁTT AÐ VERA LÖNGU KOMIN TIL ÍSLANDS.**



Úr höfuðstöðvum H&M. MYND/H&M

**IÐNAÐURINN ER ALLTAF AÐ BREYTAST OG ÞAÐ ER SVO MARGT Í TÍSKU Í DAG. ÞAÐ ER TIL DÆMIS ERFITT AÐ SEGJA AÐ EITTHVAÐ SÉ ALLS EKKI Í TÍSKU, NÆR ÓMÖGULEGT.**

Spurð út í hvort hún finni að H&M, sem stórt fyrirtæki, verði fyrir þrýstingi um að vera umhverfisvænt segir hún: „Já, og við setjum sjálf pressu á okkur. Við höfum mikla ábyrgð og fáum þess vegna stórt hlutverk til að virkilega breyta hlutunum. Við getum verið leiðandi í þessum málum.“

„En það er erfitt að spá fyrir um framtíðina en það sem ég veit fyrir víst er að fólk mun áfram vilja klæða sig upp á og pæla í tísku. Það mun aldrei breytast,“ bætir hún við um framtíðarpælingar sínar.

## Tískubransinn orðinn skemmtilegri

Það er augljóst að Ann-Sofie elskar vinnuna sína en þegar hún er spurð út í hver sé stærsta áskorunin sem fylgir starfi hennar segir hún: „Að finna réttu tískuna, finna út hvað fólk vill kaupa og hverju það vill klæðast, þetta er stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir á hverjum degi. Við viljum skapa flotta tísku, góð gæði og gott verð. Þetta snýst allt um að hlusta á kúnnann og reyna að finna út hvað hann vill. Án viðskiptavinanna værum við ekki hér,“ segir Ann-Sofie.

Hún tekur fram að hönnuður H&M þurfi ekki aðeins að bregðast við þörfum viðskiptavinanna heldur einnig óskum þeirra. Hún tekur sem dæmi að viðskiptavinurinn á að geta keypt sér sokkapar í H&M en líka skrautlegan kjól sem passar inn í nýjustu tískustrauma. „Við viljum geta boðið upp á bæði undirstöðuflíkur en líka nýjustu tískustraumana.“

Ann-Sofie segir tískubransann hafa orðið skemmtilegri á undanförnum árum. Í dag geti hver sem er tollað í tískunni. „Iðnaðurinn er alltaf að breytast og það er svo margt í tísku í dag. Það er til dæmis erfitt að segja að eitthvað sé alls ekki í tísku, nær ómögulegt. Það þykir mér gera tískubransann skemmtilegan. Þegar ég byrjaði í þessu þá var eiginlega bara eitthvað eitt í tísku hverju sinni. En í dag er þetta allt öðruvísi þannig að ég myndi segja að tískan sé orðin skemmtilegri. Í dag er svo auðvelt að tjá sig með klæðaburði enda spáir fólk líka meira í tísku nú til dags,“ útskýrir Ann-Sofie.

## „Loksins erum við komin“

Eins og kunnugt er hafa Íslendingar beðið með eftirvæntingu eftir komu H&M til landsins. Spurð út í hvort hún hafi orðið vör við eftirspurnina hlær Ann-Sofie og segir: „Já, ég hef heyrt af þessu. Það var kominn tími til að við kæmum til Íslands. Ég veit til þess að það eru til ótal Facebook-síður þar sem fólk óskar eftir að fá H&M-búð til síns lands, ég veit ekki hvort Íslendingar hafa verið með slíka síðu. Og ég meina, það er auðvitað gaman að finna að fólk kann að meta það sem við gerum. Þetta snýst bara allt um að finna rétta staðsetningu á réttum tíma og svo framvegis. En manni finnst hálfpartinn eins og við hefðum átt að vera löngu komin til Íslands,“ segir hún og hlær.

„Loksins erum við komin og það verður spennandi að sjá hvernig okkur verður tekið. Þetta er frábær búð, ein af þeim bestu sem ég hef séð reyndar,“ segir hún um verslunina í Smáralind. „Hún er svo björt og opin og hér er góður andi.“

Þegar blaðamaður kemur á fund Ann-Sofie, tæpum sólarhring fyrir opnun, hefur ein manneskja stillt sér upp fyrir utan búðina til að mæta á opnunina. „Það er stórkostlegt, ég vona bara að við stöndumst væntingar,“ segir Ann-Sofie og skellir upp úr. „Maður veit svo sem aldrei hver viðbrögðin verða og maður verður alltaf að vera auðmjúkur.“

jeep.is

# FRUMSÝNING Í DAG KL. 12-17

## NÝR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR JEEP® COMPASS

HVERT SEM LEIÐ ÞÍN LIGGUR




## JEEP® COMPASS LIMITED VERÐ FRÁ KR. 5.890.000*

*2.0 dísel 140 hö, 9 gíra sjálfskiptur, Selec-Terrain™ fjórhjóladrif, 17" álfelgur, loftþrýstingskynjarar í hjólbörðum, akreinaaðstoð, árekstravari, hraðastillir, regnskynjari, þakbogar, tveggja svæða sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, 7" snertiskjár, leðurklætt aðgerðastýri, hiti í framsætum og stýrishjóli, hiti í framrúðu, varadekk í fullri stærð. Limited Opening Edition er með 170 hö 2.0 dísel vél og 18" álfelgum. Verð frá kr. 6.260.000.

Jeep®

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

# Lífið í tilboðum

Á síðustu og verstu er dýrt að lifa enda kosta hlutir almennt frekar mikið. Sumir hafa þó ákveðna unun af því að spara og nýta sér tilboð, sem er hið besta mál. Lífið bendir hér á nokkrar leiðir til að iðka tilboðslífsstílinn.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Það er gríðarlega dýrt að lifa á Íslandi og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Nánast daglega koma fréttir um að húsnæðisverð hækki, matur er fokdýr og ef fólk vill endilega stunda þann hræðilega ósið að drekka áfengi þá þarf nánast að taka bankalán til þess, bara svo örfá dæmi séu tekin. En ef maður leggur dálítið á sig er mögulega hægt að auðvelda róðurinn eilítið þannig að það sparist nokkrir aurar aukalega sem er hægt að eiga upp í til dæmis fokdýra húsaleigu eða eitthvert eilífðarlánið. Lífið fór á stúfana og skoðaði hvernig og hvar er best að spara í mat og drykk.

## Morgnar

Morgnar eru erfiður tími til matarkaupa, kaffi er augun úr og réttir eins og ristað brauð með avacado eru ástæðan fyrir því að unga kynslóðin á ekki fyrir húsnæði (það hefur ekkert með nýfrjálshyggjuna að gera).



Það eru margir sem vilja meina að morgunmatur sé í raun ekki eins nauðsynlegur og oft er talað um, að „mikilvægasta máltíð dagsins“ sé bara frasi búinn til til þess að selja morgunkorn. Hér verður ekkert rætt um sannleiksgildi þessara fullyrðinga, en ein góð lausn á morgunmatarvandamálinu er að stoppa í næsta bankaútibúi á leiðinni í vinnuna og fá sér einn frían kaffibolla. Morgunmatur meistarans!



Þessir feðgar sanna að bíó er stórkostleg afþreying.



Pylsur eru kannski ekki besta næringin en þær eru betri en ekkert.

**NAMMI**

**Hér er langbest að fara á nammibar á laugardegi og troðfylla einn poka og láta hann duga út vikuna, það eru langbestu kaupin.**

## Hádegi

Hádegið er mjög auðvelt viðureignar enda bjóða flestir veitingastaðir upp á einhvers konar hádegistilboð. Þægilegasta leiðin til að ramba á gott tilboð er Nova appið þar sem er boðið upp á 2 fyrir 1 tilboð sem gilda gjarnan í hádeginu. Líka gott fyrir svanga að fá sér tvöfaldan skammt á verði einfalds.

## Afþreying

- Afþreying snýst mest um hugmyndaflug. Á sumrin er hellingur í boði. Sumar líkamsræktarstöðvar eru tengdar sundlaugum og þar er hægt að fá ákveðið tveir fyrir einn tilboð í afþreyingu/líkamsrækt.
- Almenningsgarðar geta talist ákveðin afþreying – þar eru oft styttur og annað sem hægt er að skoða.
- Alls kyns útivist er í boði víðs vegar um borgina. Á veturna er þetta þó aðeins erfiðara. Smárao og Háskólabíó bjóða upp á þriðjudagstilboð. Síðan eru það auðvitað bókasöfn – þar er hægt að sitja án þess að borga krónu og lesa bækur, en það er besta afþreying allra tíma.

## Drykkir

Drykkja er mikill ósiður. En fyrir þá sem endilega vilja stunda drykkju er fyrirbærið happy hour himnasending. Flestir barir og veitingastaðir eru með einhvers konar útgáfu af happy hour – það er kannski best að velja sér einn bar, leggja á minnið á hvaða tíma er boðið upp á happy hour þar og mæta alltaf þá og fara svo snemma heim þegar hamingjustundin er liðin. Appið Appy Hour er góð leið til að finna út hvenær þessar hamingjustundir eru. Önnur leið er að skoða hvenær listasýningar eru opnaðar og mæta – bæði fær maður að njóta listar en einnig eru oftast einhverjar veigar í boði. Tvær flugur í einu höggi.



Guði sé lof fyrir happy hour.

## Kvöldverður

**Hér kemur dæmi um matseðil fyrir vikuna:**

**MÁNUDAGUR**
Mánudagstilboð Pizzunnar.

**ÞRIÐJUDAGUR**
Þriðjudagstilboð Hraðlestarinnar.

**MIÐVIKUDAGUR**
Miðvikudagstilboð Eldsmiðjunnar.

**FIMMTUDAGUR**
Culiacan er með valda rétti á tilboði alla daga.

**FÖSTUDAGUR**
Subway bátur dagsins, hefur komið ýmsum í gegnum nám.

**LAUGARDAGUR**
Pylsutilboðið í 10-11 hefur mögulega bjargað lífum.

**SUNNUDAGUR**
Latin sunnudagur á Burro – heilir þrír réttir ásamt drykk.



Tilboðslífsstíllinn þýðir það að pitsa er oft kvöldmaturinn og ekkert nema gott um það að segja.

MENNINGARLANDIÐ
2017



Ráðstefna um barnamenningu þar sem áhersla er lögð á menningu fyrir börn og menningu með börnum.

13.–14. september í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík

Aðalfyrirlesarar Tamsin Ace og Shân Maclennan frá Southbank Centre London.

Vinsamlegast skráðu þig fyrir **7. september nk**.
Þáttökugjald **5.500 kr**. (hádegismatur báða daga og kvöldverður 13. september).

**Skráning og frekari upplýsingar hér:**
www.menntamalaraduneyti.is
www.facebook.com/menningBarna/

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ · BYGGÐASTOFNUN · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA · EYÞING


bisgaard
STÍGVÉL
VERÐ 5.995.-
SKÓLABÖRN
ERU SANNAR
ÚTIVISTARHETJUR
HJÁ ELLINGSEN FÆRÐU ALLANN FATNAÐ FYRIR SKÓLANN.
ELLINGSEN, FULLT HÚS ÆVINTÝRA.
DIDRIKSONS
BJORNEM
KULDAGALLI
VERÐ 16.995.-
DIDRIKSONS1913
STORLIEN ÚLPA
VERÐ 12.995.-
DIDRIKSONS
BOARDMAN
VERÐ 11.995.-
WATERMAN POLLAGALLAR
VERÐ 8.995.-
MARGIR LITIR
VIKING FROST FIGHTER
KULDASTÍGVÉL
VERÐ 7.995.-
PIM PEYSA
VERÐ 4.495.-
Í HVAÐA VEÐRI
SEM ER GANGA BÖRN
TIL SKÓLA OG ÞVÍ
MIKILVÆGT
AÐ VERA Í GÓÐUM
FATNAÐI OG SKÓM
MARGIR LITIR
MUCKBOOT HALE
STÍGVÉL
VERÐ 7.995.-
DIDRIKSONS1913
HARJE ÚLPA
VERÐ 10.995.-
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1-3 AKUREYRI / SÍÐAN 1916
Columbia
SKECHERS
TRESPASS
DIDRIKSONS1913
ecco
Champion
MERIDA
SOREL
DEVOLD
adidas

## Lífið í vikunni

18.08.17-
24.08.17



### ÍHUGAR AÐ STOFNA HÖNNUNARFYRIRTÆKI

**Fyrir um tveimur árum fór hin 11 ára Alba Mist að dunda sér við að hanna skartgripi fyrir sig og mömmu sína en í dag hafa svokallaðar „tassle“-eyrnalokkar sem hún býr til vakið lukku hjá fólki í kringum hana.**

### VINNUR AÐ HANDRITI MEÐ HOBBITASTJÖRNU



**Silla Berg er handritshöfundur úr Vestmannaeyjum sem vinnur nú að handriti með Hollywood-leikaranum Manu Bennett. Samstarfið spratt upp úr Facebook-skilaboðum – Silla sá að Manu var staddur í Vestmannaeyjum og hún bauðst til að sýna honum eyjuna.**



### NÝ HVERFISBÚÐ Í GRAFARVOGI

**Kaupmaðurinn Davíð Þór Rúnarsson hefur fylgst með íslenska verslunarmarkaðinum undanfarið og blöskrar ósanngjarnt vöruverð og vöntun á þjónustu.**

### VEKUR FÓLK TIL UMHUGSUNAR



**Ljósmyndarinn Helga Nína Aas hefur undanfarna daga birt ljósmyndir sínar af íslenskum konum í sundfötum á Instagram. Ljósmyndirnar eru unnar í samstarfi við bandaríska vefinn Refinery 29 og verkefnið á að vekja fólk til umhugsunar um líkamsímynd.**


Calvin Klein home · BOSS HUGO BOSS · KENZO PARIS MAISON



RÚMFÖT, BAÐSLOPPAR OG HANDKLÆÐI

Vorum að taka upp nýja sendingu af spennandi vörum frá Calvin Klein, Boss og Kenzo.

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK


# Æskunnar sæla á ljósmyndasýningu

Ljósmyndarinn **Þórsteinn Sigurðsson** eða Xdeathrow setur upp ljósmyndasýninguna Juvenile Bliss þar sem hann sýnir myndir af tveimur svipuðum hópum ungmenna frá mismunandi tímum.

Juvenile er oft tengt alvarlegum hlutum, eins og juvenile fangelsi í Bandaríkjunum – mig langaði til að nota þann titil og setja fyrir aftan það bliss, sem er svona sjúklega „joyful“ augnablik. Þaðan kemur titillinn inn og hóparnir sem ég er að mynda eru tveir kynslóðir sem lifa óhefðbundnu lífi á einhvers konar jaðri,“ segir ljósmyndarinn Þórsteinn Sigurðsson, eða Xdeathrow, sem opnar í næsta mánuði ljósmyndasýninguna Juvenile Bliss. Sýningin verður haldin í gömlu Rakarastofunni á Klapparstíg. Juvenile bliss er samansafn mynda af tveimur hópum sem Þórsteinn elti um og eiga það sameiginlegt að vera á jaðrinum.

Þórsteinn segir myndirnar oftast nær hlutlausar, að hann stilli engum upp og reyni frekar að vera eins og fluga á vegg.

„Í fyrri hópnum eru vinir mínir, í raun er ég að vinna heimildarljósmyndun á eigin félagsskap og þar er svona graff, skeit og pönk element í gangi. Ég hef alltaf leitað í þannig fólk og tek mest eftir þannig fólki. Síðan var ég að mynda 15 til16 ára krakka í vetur og sumar sem ég fékk að kynnast og sem hleyptu mér inn í sínar aðstæður.

Ég er mjög kaotískur þegar kemur að þessari vinnu minni – ég bý ekki til konsept sem ég fylgi síðan fast eftir. Þetta er meira eitthvað sem er búið að vera að gerast og einhvers konar framlenging af sjálfum mér, því lífi sem ég lifi og því fólki sem ég umgengst og kynnist.

Þessar myndir eru teknar alveg frá 2006 og til dagsins í dag. Mig langaði til að hnýta saman tvær kynslóðir sem mér fannst eitthvað spennandi við, eitthvað mjög tært sem ég hrífst af. Það er svona pönk element í báðum þessum hópum sem ég er búinn að vera að mynda, það sem er sameiginlegt í þessum hópum er að hvorugur hópurinn fer eftir þessum „basic“ reglum um hvernig á að vera sem einstaklingur, hvað er skynsamlegt fyrir þig og hvað ekki. Það er ákveðin framlenging af sjálfum mér – ég hef farið eftir eigin leiðum í lífinu og það er bara allt í lagi, það gengur bara ágætlega hjá mér.“

Hvernig kynntist þú yngri hópnum?

„Í fyrstu voru þetta strákar, þríburar, sem ég sá einhvers staðar niðri í bæ. Ég vissi upphaflega ekki að þeir væru þríburar en síðar komst ég að því. Ég hafði bara samband vegna þess að ég fílaði stílinn þeirra – fatastílinn, útlit þeirra, ég fílaði að þeir voru þríburar og að þeir væru að skeita. Síðan í framhaldinu kynntist ég hópnum þeirra. Að sjálfsögðu þurfti ég að setja mig í samband við foreldra þeirra og gera þetta ábyrgt – það er auðvitað pínu skrítið ef einhver 29 ára gaur fer að hanga með börnum í 10. bekk.

Þetta var alveg ákveðið verkferli, ég þurfti alveg að setja sjálfan mig á professional level til að geta gert þetta. Ég vildi líka skilja eitthvað eftir mig hjá þeim – ég vildi setja þau á stall sem mér finnst þau eiga skilið að vera á út af því að t.d. hjólabrettamenning á Íslandi er alveg fáránleg – borgin er t.d. að byggja sparkvelli úti um allt en svo eru það þessir krakkar sem verða útundan. Ég vildi peppa þessa krakka og sýna þeim að þau væru að gera eitthvað sem aðrir tækju eftir, að þau væru ógeðslega kúl og samþykkt. Ég held reyndar að þau hafi vitað það áður en ég fór að vinna með þeim – það er mikil jákvæðni þarna og þetta er nettur hópur – en ég vildi setja minn punkt þarna með að mynda þau á minn hátt og setja fram sýningar með þeim í aðalhlutverki og á stað þar sem ég er að lita upp þeirra.“

Á sýningunni verða til sölu bækur og bolir í takmörkuðu upplagi. Það er Bobby Breiðholt sem sér um alla hönnun á sýningunni en Þórsteinn segir mikinn heiður að vinna með honum enda sé hann hönnuður á heimsmælikvarða. Sýningin Juvenile Bliss verður opnuð þann 9. september. **stefanthor@frettabladid.is**




**Sýning Þórsteins verður á Rakarastofunni á Klapparstíg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **MIG LANGAÐI TIL AÐ HNÝTA SAMAN TVÆR KYNSLÓÐIR SEM MÉR FANNST EITTHVAÐ SPENNANDI VIÐ, EITTHVAÐ MJÖG TÆRT SEM ÉG HRÍFST AF.**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KORTASALAN ER
Í FULLUM GANGI
VELDU 4 SÝNINGAR Á AÐEINS:
17.500 KR.
NETVERÐ
18.500 KR.
ALMENNT VERÐ
568 8000 • BORGARLEIKHUS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja






Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR



Sirrýjar Hallgrímsdóttur

## Mikilvægi hófseminnar

Stjórnmálamenn eru eins ólíkir og þeir eru margir. Sumir segja að þeir séu of margir og aðrir eru þeirrar skoðunar að allir aðrir en þeir sem núna eru í stjórnmálum eigi að vera þar. Það þykir jafnvel gáfuleg skoðun að stjórnmálamenn skipti ekki lengur máli, heimurinn sé breyttur og áhrifin liggi annars staðar en hjá kjörnum fulltrúum. Ég er ekki sammála því sjónarmiði og það skiptir máli hvernig stjórnmálamenn tjá sig.

Á undanförnum árum hefur þeim stjórnmálamönnum fjölgað, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu, sem telja sér til framdráttar að hampa öfgahópum. Þeir fara fram með stóryrðum, skeyta engu um staðreyndir, rannsóknir eða sannleika og láta sig engu varða þótt ummæli þeirra valdi einstaklingum eða hópum tjóni eða ótta. Skiljanlega fljóta fjölmiðlarnir með, það er fréttnæmt þegar frambjóðendur til hárra embætta segja krassandi hluti umbúðalaust og láta alla heyra það. Og í sjálfu sér getur verið nauðsynlegt að hlutirnir séu sagðir hreint og beint. En það er ekki afsökun fyrir fordómum, hatri og fáfræði né heldur lýðskrumi hvers konar. Slíkt tal manna sem eru í kastljósi fjölmiðla er beinlínis hættulegt því það gefur öfgaöflunum skjól, normaliserar þau og verður að lokum skálkaskjól ofbeldis og glæpa. Um það eru sorgleg nýleg dæmi.

Þess vegna eiga fjölmiðlar að veita hefðbundnum stjórnmálamönnum meiri athygli, gefa þeim meiri tíma sem vanda málflutning sinn, jafnvel þó þeir séu ekki eins mikið bíó og hinir. Það er betra að stjórnmálamenn séu skemmtilegir og áhugaverðir, en mestu skiptir að þeir séu málefnalegir og ábyrgir. Slíkir stjórnmálamenn valda ekki skaða.








